


ÁRSSKÝRSLA HOFSSSTAÐASKÓLA

SKÓLAÁRIÐ 2024-2025



GARÐABÆ ÁGÚST 2025



ÁRSSKÝRSLA HOFSSSTAÐASKÓLA

SKÓLAÁRIÐ 2024-2025

Ritstjóri: Margrét Einarsdóttir aðstoðarskólastjóri

HOFSSSTAÐASKÓLI

SKÓLABRAUT 210 GARÐABÆ

S:590 8100

hskoli@hofsstadaskoli.is

www.hofsstadaskoli.is

EFNISYFIRLIT

Inngangur	5
1. Hagnýtar upplýsingar	7
<i>Stjórnendur</i>	7
<i>Starfsmenn</i>	8
<i>Húsnæði og framkvæmdir</i>	11
<i>Skóladagatal</i>	12
<i>Skóladagur nemenda</i>	13
<i>Samstarf heimila og skóla</i>	13
<i>Skólaráð</i>	14
<i>Foreldrafélag Hofsstaðaskóla</i>	16
1. Áherslur í skólastarfi	19
.....	19
<i>Starfsþróun</i>	19
<i>Þróunarverkefni</i>	20
<i>Innra Mat á skólastarfi</i>	20
<i>Sjálfsmatsskýrsla Hofsstaðaskóla 2024-2025</i>	20
<i>Færnimiðað nám í stærðfræði</i>	27
<i>Hs-leikar</i>	27
<i>Vettvangsferðir</i>	29
2. Ýmsar skýrslur	31
<i>Skýrsla deildarstjóra yngri og eldri deilda</i>	31
<i>Skýrsla deildarstjóra stoðþjónustu</i>	35
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk</i>	47
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk</i>	51
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk</i>	54
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk</i>	57
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk</i>	60
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk</i>	63
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk</i>	67
<i>Danska</i>	70
<i>Skólabókasafn</i>	72
<i>Heimilisfræði</i>	76
<i>Myndmennt</i>	78
<i>Smíði</i>	83

Textílmennt	86
Tónmennt	90
Íþróttir	92
SUND	94
Skýrsla náms- og starfsráðgjafa	96
Skýrsla verkefnisstjóra í tölvu- og upplýsingatækni	99
4. Frístundaheimilið Regnboginn	101
4. Félagsmiðstöðin dropinn	105

INNGANGUR

Í ársskýrslunni, er gerð grein fyrir helstu atriðum skólastarfsins skólaárið 2024-2025. Allir kennarar og starfsfólk skólans koma að gerð skýrslunnar með lýsingu á þeim verkefnum sem þeir hafa innt af hendi á skólaárinu. Skýrslan endurspeglar fjölbreytt skólastarf sem fer fram í Hofsstaðaskóla. Fjallað er um daglegt starf auk þess koma fram ýmis atriði sem tókust sérstaklega vel og ábendingar um sitthvað sem betur mætti fara með það að leiðarljósi að bæta og þróa starfið.

Ársskýrslan skiptist í fjóra kafla, hagnýtar upplýsingar, áherslur í skólastarfi, ýmsar skýrslur og skýrslu frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar. Ljósmyndir úr starfi vetrarins birtast í ársskýrslunni sem gefa innsýn í þau fjölbreyttu viðfangsefni sem nemendur og starfsmenn fást við. Ársskýrslan er send sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs og grunn- og tónlistarskólafulltrúa og er hún lögð fyrir skólanefnd grunnskóla auk þess sem hún er aðgengileg á vef skólans og liggur frammi á skrifstofu hans.

Hofsstaðaskóli hóf 47. starfsárið sitt haustið 2024. Skólasetning og haustfundur með foreldrum var 22. ágúst og kennsla hófst 23. ágúst. Nemendur í 1. bekk hittu umsjónarkennara sína í litlum hópum ásamt foreldrum sínum. Nemendur við skólann voru í upphafi skólaárs 478 og starfsmenn tæplega 90. Nokkrar breytingar hafa orðið á nemendahópnum yfir skólaárið, nokkrir hafa hætt og aðrir bæst í hópinn. Áætlað er að nemendur verði 450 haustið 2025.

Í vetur voru starfandi faghópar þar sem fagfólk gat valið efni til að dýpka sig í og vinna verkferla fyrir skólann. Áfram var unnið með sjálfsmatskerfið BRAVO LESSONS í þágu sjálfsmats og skólaþróunar.

Skákáhugi nemenda hefur farið vaxandi og er skák kennd í smiðjum í tveimur árgöngum. Skáksveit nemenda úr 3. bekk varð íslandsmeistari grunnskóla og fengu þeir veglegan bikar. Á vordögum var haldið gríðarlega fjölmennt skólaskákmót og tóku um 70 nemendur úr 1. til 6. bekk þátt í því. Mótinu stýrðu öflugir feður sem hafa stutt myndarlega við skólaskákina. Veitt voru verðlaun fyrir 1. , 2. og 3ja sætið auk þess sem sigurvegarar á yngra stigi og eldra stigi fengu farandbikara.

Nemendafulltrúar úr 5. - 7. bekk ásamt skólaráðsfulltrúum tók þátt í rýnihópi í tengslum við innleiðingu Barnasáttmálans.

Bæði foreldrasamtölin voru nemendastýrð í öllum árgöngum. Áhersla var á að virkja nemendur til þátttöku og auka vægi þeirra til ákvörðunar um eigið nám. Almenn ánægja er með samtölin af hálfu, nemenda, foreldra og kennara.

Aðstoðarskólastjóri og námsráðgjafi hrintu úr vör kynningu á Samskiptasáttmála Garðabæjar sem kom út í fyrra vor. Gerðir voru fræðslupakkar fyrir kennara til að kynna hver í sínum bekk, kynningar voru fyrir foreldra og starfsmenn.

Forvarnarteymi skólans sem í sátu aðstoðarskólastjóri, hjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi og forstöðumaður frístundaheimilisins fóru yfir áætlanir um forvarnir fyrir skólann. Það starfsfólk skólans sem var nýtt lauk námskeiði Barna- og fjölskyldustofu um grunnatriði kynferðisofbeldis.

Niðurstöður úr viðhorfakönnunum nemenda sýna að þeim líður vel í skólanum, þeir hafa trú á eigin getu og treysta kennurum sínum. Foreldrar eru ánægðir með skólann og finnst þörfum barna þeirra vera vel mætt. Það eru gríðarlega ánægjulegar niðurstöður og staðfesta tilfinningu okkar sem hér starfa. Tækifæri til skólaþróunar eru mörg og góður grunnur til frekari árangurs.

Nemendur í öllum árgögnum sýndu góðar framfarir í lestri og allir árgangar eru vel yfir landsmeðaltali í Lesfimi. Við erum stolt og ánægð af nemendum okkar og kennurum sem hafa unnið ötullega að því að auka lestraráhuga nemenda. Foreldrar hafa fylgt heimalestri vel eftir og stutt þannig við lestrarnám barna sinna.

Vefsíða skólans er virk og lifandi og þar er að finna margvíslegar fréttir úr skólastarfinu. Þar eru einnig fjölbreyttar upplýsingar um skipulag, nám og kennslu, stuðning við nemendur og hagnýtar upplýsingar. Fyrir þá sem vilja fræðast frekar um skólann er bent á: <http://www.hofsstadaskoli.is/>

Hofsstaðaskóla í ágúst 2025

Hafdís Bára Kristmundsdóttir og Margrét Einarsdóttir



1. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

STJÓRNENDUR

Skólastjóri: Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Aðstoðarskólastjóri: Margrét Einarsdóttir

Deildarstjóri yngri deilda: (1.- 4. bekk): Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir

Deildarstjóri eldri deilda: (5.- 7. bekk): Margrét Erla Björnsdóttir fram í nóvember

Stella Rut Axelsdóttir frá nóvember 2024

Deildarstjóri stoðþjónustu: Bergljót Vilhjálmisdóttir

Skrifstofustjóri: Helena Vignisdóttir

Húsvörður: Birgir Ottósson

Umsjónarmaður frístundaheimilis: Kristín María Reynisdóttir

Aðstoðarumsjónarmaður frístundaheimilis: Ari Sverrir Magnússon



STARFSMENN

Við skólann störfuðu alls 92 starfsmenn, 43 kennarar, þar af fimm leiðbeinendur. Fimm stjórnendur, verkefnastjóri í tölvuumsjón í 20% starfi, umsjónarmaður frístundaheimilis í 100% starfi og aðstoðarmaður í 80%. Námsráðgjafi, atferlisráðgjafi og bókasafnsfræðingur í 100% starfi. Stuðningsfulltrúar voru 18. Í frístundaheimilinu Regnboganum störfuðu alls 12 starfsmenn í mismunandi starfshlutfalli allt frá tímavinnu upp í 50% starf auk stuðningsfulltrúa eftir að kennslu lauk. Ríflega einn fjórði starfsfólks eru karlar eða alls 25. Tveir stundakennarar auk kennara í 50% starfshlutfalli, sinntu forfallakennslu í vetur. Nánari upplýsingar um starfsmenn skólans er að finna á vefsíðunni: <http://www.hofsstadaskoli.is>

43	Kennarar; fimm eru ekki með kennsluréttindi. Átta í minna en 100% starfshlutfalli, einn í 50% afleysingakennslu
5	Stjórnendur; skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og þrír deildarstjórar
6	Sérfræðingar; tveir þroskajálfar, kennsluráðgjafi, námsráðgjafi, atferlisráðgjafi og bókasafnsfræðingur
3	Húsvörður, matráður starfsmanna og skrifstofustjóri
18	Stuðningsfulltrúar í 60-100% starfi
14	Umsjónarmaður og aðstoðarumsjónarmaður frístundaheimilis, alls 12 starfsmenn í 25-50% starfshlutfalli eða tímavinnu. Auk 11 stuðningsfulltrúa sem líka vinna á skólatíma
1	Skólahjúkrunarfræðingur
2	Einn kennari og einn leiðbeinandi í tilfallandi forfallakennslu

Leyfi og starfslok

Tveir kennarar voru í fæðingarorlofi á skólaárinu, annar frá því í lok desember út skólaárið og hinn í tvær vikur í október. Einn kennari var í veikindaleyfi frá því í skólabyrjun þangað til um miðjan maí og einn frá miðjum október til skólaloka. Tveir kennarar sem voru í launalausum leyfi sögðu upp störfum í lok skólaárs og einn kemur til baka. Einn kennari kemur úr námsleyfi í haust og einn kennari hætti sökum aldurs. Tímabundin ráðning þriggja rann út. Nokkrir starfsmenn unnu sem stuðningsfulltrúar og eða í frístundaheimilinu um lengri eða skemmri tíma. Tveir kennarar fara í launalaust leyfi á næsta skólaári og tveir í launað námsleyfi.

NEMENDUR

Skólaárið 2024-2025 voru að vori 480 nemendur í skólanum, 256 drengir og 224 stúlkur. Nemendum er skipt í umsjónarhópa í hverjum árgangi og hefur hver umsjónarhópur einn umsjónarkennara.

- 1. bekkur 53 nemendur í þremur umsjónarhópum
- 2. bekkur 64 nemendur í fjórum umsjónarhópum
- 3. bekkur 69 nemendur í þremur umsjónarhópum
- 4. bekkur 59 nemendur í fjórum umsjónarhópum
- 5. bekkur 82 nemendur í fjórum umsjónarhópum
- 6. bekkur 74 nemendur í fjórum umsjónarhópum
- 7. bekkur 79 nemendur í fjórum umsjónarhópum

Bekkur	Drengir	Stúlkur	Alls	Umsjónarkennari
1. EMK	8	10	18	Elín Margrét Kristinsdóttir
1. HHK	7	11	18	Hildur Helga Kristjánsdóttir
1. ÞJ	6	11	17	Þuríður Jónsdóttir
2. ABH	10	6	16	Anna Björg Haukdal
2. BSt	10	6	16	Bryndís Stefánsdóttir
2. IS	10	6	16	Ingibjörg Stefánsdóttir
2. ÓG	8	8	16	Ósk Guðmundsdóttir
3. BSv	8	10	18	Bryndís Björk Svavarsdóttir
3. DFÓ	10	7	17	Dagný Fjola Ómarsdóttir
3. MR	8	9	17	Margrét Ragnarsdóttir
3. RJ	11	6	17	Ragna Jóhannsdóttir
4. ÁS	12	7	19	Ágústa Steinarsdóttir
4. JES	13	7	20	Jónína Edda Sævarsdóttir
4. SS	8	12	20	Sigurlaug Stefánsdóttir
5. AMH	12	8	20	Anna Magnea Harðardóttir
5. AP	11	9	20	Anna Þóra Jónsdóttir
5. HGK	11	10	21	Högni Grétar Kristjánsson
5. MH	11	10	21	Melissa Guðlaug Haire
6. HBS	12	4	16	Halldóra Björk Sigurðardóttir
6. HSA	11	9	20	Helgi Snær Agnarsson
6. StH	11	10	21	Stella Hjaltadóttir
7. GHS	12	8	20	Guðrún Helga Sigurðardóttir
7. ÓP	8	12	20	Ólafur Pétursson
7. SGE	9	10	19	Sylvía Guðrún Eggertsdóttir
7. SJ	9	11	20	Smári Jökull Jónsson
Samtals	256	224	480	


Mætingar nemenda

Nemendur mættu almennt vel í skólann, nokkuð var um leyfi og veikindi eins og gengur og gerist. Í Hofsstaðskóla er mánaðarleg greining á ástundun allra nemenda öðrum en langtímaveikindum. Brugðist er við skólasóknarvanda/skólaforðun eftir verkferlum og í samráði við forráðafólk. Ef mætingar lagast ekki þá er fundað með skólastjórnanda, foreldri og umsjónarkennara og gerð áætlun um úrræði. Sex nemendur nutu sérstakrar eftirfylgni vegna skólasóknar í samræmi við samræmda verkferla Garðabæjar. Eru það þremur færri en á síðasta skólaári. Einn nemandi á yngri stigi og fimm á miðstigi. Mál fjögurra nemenda voru barnaverndarmál.

Búseta nemenda

Flestir nemendur skólans búa í nágrenni skólans, í því sem gæti kallast skólahverfi Hofsstaðaskóla. Í Garðabæ er frjálst val um skóla en mikill meirihluti velur skóla sem næst heimili sínu.

Hverfi	Fjöldi	%
Akrar	133	27,7%
Búðir	50	10,4%
Mýrar	54	11,25 %
Bæjargil	43	9 %
Hæðir	54	11,25 %
Byggðir	31	6,5 %
Móar	23	4,8 %
Lundir	41	8,5 %
Arnarnes	11	2,3 %
Ásar	5	1 %
Tún	4	0,83 %
Flatir	7	1,45 %
Hnoðraholt	7	1,45 %
Sjáland	4	0,83 %
Annað	13	2,7 %
Alls	480	100



HÚSNÆÐI OG FRAMKVÆMDIR

Skólahúsnæðið er sem fyrr vel nýtt en rýmra er um nemendur og starfsmenn eftir að fækkað hefur í skólanum. Tónlistarskólinn í Garðabæ hefur til umráða þrjú kennslurými í skólanum. Umfangsmiklar viðgerðir og endurbætur hafa farið fram í skólanum í kjölfar rakaskemmda og myglu. Tekin voru sýni víðsvegar um skólann í desember 2024 og reyndist staðan vera góð. Engin mygla fannst.

Framkvæmdir hófust utanhúss þar sem suðurhlið hússins var klædd að hluta. Haldið verður áfram með að klæða skólann í sumar. Hluti skólans var málaður að innan og settir upp töfludúkar í kennslustofum. Útihurðir og læsingar á þeim hafa verið til vandræða og margt verið gert til að ráða bót á vandanum en ekki tekist fyllilega enn. Skipt hefur verið um lýsingu og breytt úr í LED lýsingu sem bæði sparar rafmagn og er umhverfisvænna.

Sambyggðar kennslustofur í Höllinni þarfnast endurbóta og stendur til að þar fari fram lagfæringar í sumar á innréttingum og öðru, laga þarf þak, rennur og mála. Höllin var máluð að utan síðasta sumar. Þá þarf að athuga burðarvirki hússins betur sem er farið að gefa sig.

Skólalóðin þarfnast endurnýjunar og hafa verið gerðar athugasemdir við hana. Leiktæki eru orðin gömul og farin að láta á sjá og undirlag stenst ekki kröfur. Lóðin er lítil miðað við nemendafjölda og hafa nemendur reglulega óskað eftir öðrum battavelli. Til stendur að endurnýja einn hluta lóðarinnar í sumar. Búið er að hanna það svæði og kynna fulltrúum nemenda og fyrir nemendum og foreldrum í skólaráði. Mikilvægt er að skólalóðin sé öruggur staður þar sem nemendur njóta sín í frjálsum leik.

Umferðarmál við skólann hafa verið erfið og mikið álag í skólabyrjun og í lok skóladags. Skutlvasi var settur við hringtorgið á mótum Bæjarbrautar og Skólabrautar í fyrra vetur. Þar er hægt að stöðva bifreiðar í útskoti og hleypa nemendum út. Göngustígur er frá svæðinu og að skólanum. Þetta er til bóta en þarf að kynna foreldrum betur.

Nemendur og starfsmenn eru jafnan hvattir til þess að koma gangandi eða hjólandi í skólann. Hjólagrindum hefur fjölgað en huga þarf betur að göngu- og hjólastígum næst skólanum. Allt of margir foreldrar aka börnum sínum til og frá skóla. Bráðbirgða bílastæðið sem reist var við grasvöllinn var lagað og sett grind fyrir ofan göngustíginn og tyrft fyrir neðan.

Birgir Ottósson

SKÓLADAGATAL

Starfsemi skólans var í samræmi við samþykkt skóladagatals ársins 2024-2025. Grunnur dagatalsins var unnin í samstarfi leik- og grunnskóla og er skóladagatalið samræmt þeirra á milli. Dagatal skólans var lagt fyrir skólaráð og samþykkt af skólanefnd grunnskóla. Sjá nánar á: <http://www.hofsstadaskoli.is>

Reglum samkvæmt eru skóladagar nemenda 180. Skertir dagar eru þeir sem nemendur mæta aðeins hluta úr degi. Skertir dagar voru skólaþingardagur, tveir nemendastýrðir foreldrasamtalsdagar, jólaskekkmtun og skólaslitadagur. Kennsla féll niður 6. febrúar vegna óveðurs.

Skólaþing var 22. ágúst og hófst kennsla samkvæmt stundaskrá föstudaginn 23. ágúst. Kennsla féll niður í jólaeyfi nemenda sem var frá 23. desember til og með 2. janúar. Vetrarleyfi var frá 17. til 21. febrúar og páskaeyfi frá 14. apríl til og með 21. apríl. Skólaslit voru 6. júní.



SKÓLADAGUR NEMENDA

Skólastarf hófst kl. 8.30 hjá öllum árgöngum. Hjá 1.-4. bekk lauk skóla alla daga um kl. 13.40-14.00. Hjá 5.-7. bekk lauk skóla á bilinu frá kl. 14.00 til 14.50/15.00.

Nemendur geta mætt í skólann fyrir kl. 8.00 á morgnana og eru kennslustofur opnar. Stuðningsfulltrúar líta eftir nemendum þar til kennslustundir hefjast. Eftir að skóla lýkur á daginn býðst nemendum í 1.-4. bekk lengd viðvera í frístundaheimilinu Regnboganum. Daglega fá nemendur fá 15 mínútna nestistíma og 15 mínútna hádegishlé. Í nestistímanum er létt hressing í kennslustofu en í hádegishléi er borðað í matsal. Matartími nemenda var stytur úr 20 mínútum í 15 mínútur, það gafst vel en með þessum hætti var hægt að vera með fleiri matartíma og þannig fækka nemendum í hvert sinn.

Tvisvar sinnum á dag fara nemendur út í frímínútur. Hjá 1.-4. bekk voru frímínútur kl. 9.50-10.10 og kl. 12.10-12.40. Hjá 5.-7. bekk voru frímínútur kl. 10.30-10.50 og kl. 12.50-13.20. Frímínútur lengdust hjá eldri nemendum um tíu mínútur frá því sem verið hefur og gafst það vel. Í frímínútum voru kennarar og stuðningsfulltrúar á skipulagðri gæslu.

SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA

Samvinna heimila og skóla eru grunnur að farsælu skólastarfi og vellíðan nemenda. Samskipti fara fram í síma, með tölvupósti og á fundum eða í samtölum. Fjölskylduvefurinn Mentor er mjög vel nýttur og verður sífellt aðgengilegri í notkun. Þar geta foreldrar skráð veikindi, sótt um leyfi og fylgst náið með námsframvindu barna sinna og ástundun þeirra. Kennarar skrá í dagbók nemenda í mentor og birta foreldrum ef eitthvað er sem þarf að athuga eða hrósa fyrir. Vefsíða skólans er sívirk og þess gætt að hún birti stöðugt gagnlegar upplýsingar og nýjar fréttir úr skólastarfinu. Fréttaveita í Mentor er einnig nýtt til að miðla upplýsingum.

Á skólasetningardegi var sú nýbreytni að móttaka nemenda eða skólasetning og haustfundir með foreldrum voru sameinuð og tókst það mjög vel. Kennarar fóru yfir ýmis atriði er varða skipulag skólastarfsins s.s; námsmat og skólareglur með nemendum og foreldrum þeirra. Einnig voru skipaðir bekkjarfulltrúar. Nemendur í 1. bekk komu þó áfram á skólasetningardeginum í litlum hópum, hittu umsjónarkennara og nokkra bekkjarfélaga. Haustfundur var svo haldinn síðar með þeim þar sem Vanda Sigurgeirsdóttir ræddi við foreldra um ýmsar áskoranir sem mæta þeim í uppeldi barna á þessum aldri og hvatti þau til þess að leggja góðan grunn að farsælu samstarfi við skólann. Margrét Einarsdóttir aðstoðarskólástjóri fjallaði síðan um læsi og lestrarnám. Hún lagði ríka áherslu á að foreldrar lesi með börnunum, fyrir börnin og lesi sjálfir sem fyrirmynd.

Foreldrar komu ásamt barni sínu í samtal við umsjónarkennara tvisvar yfir veturinn, einu sinni á hvorri önn og voru bæði samtölin nemendastýrð. Nemendur undirbjuggu fundina vel áður og æfðu sig í að segja frá því hvernig þeim líður í skólanum, hvað gengur vel og hvað þeir vilja eða þurfa að bæta. Nemendastýrð foreldrasamtöl eru að festa sig í sessi í

skólanum og gefa nemendum og þeirra sýn aukið vægi og raddir barnanna heyrast meira. Foreldrar geta alltaf fengið samtal eða fund með umsjónarkennara eða öðrum kennurum ef þeim þykir ekki hafa gefist tækifæri til þess að ræða önnur atriði en fram komu í nemendastýrða samtalinu.

Í tengslum við innleiðingu á Samskiptasáttmála Garðabæjar voru fundir með forráðafólki í 4. og 6. bekk að kvöldi til, ásamt umsjónarkennara og stjórnenda/námsráðgjafa en án nemenda. Fundirnir voru í hverjum bekk fyrir sig og var áhersla á að kynna samskiptasáttmálann og að fara yfir samskiptamál í hverjum bekk, áskoranir og tækifæri. Einnig urðu fundirnir til þess að foreldrar kynntust betur og samskipti jukust og efldust nemendum til hagsbóta.

SKÓLARÁÐ

Skólaráð starfar samkvæmt 8. gr. laga nr. 91/2008, í skólaráði 2024-2025 sátu: Hafdís Bára Kristmundsdóttir skólastjóri, Krístrún Sigurðardóttir, fulltrúi grenndarsamfélags, Elín Dóra Sigurðardóttir fulltrúi annarra starfsmanna og varamaður hennar Erla Guðmundsdóttir, Helga Rut Eysteinsdóttir og Edda Lína Gunnarsdóttir, fulltrúar foreldra, Ólafur Pétursson og Stella Hjaltadóttir fulltrúar kennara. Varamaður kennara var Smári Jökull Jónsson. Breki Rafn Styrmissen 6. HBS og Emilía Sif Ingvarsdóttir 6. ÖM fulltrúar nemenda, Flóki Fannarsson 6. HSA og Sesselja Sappia 6. ÖM, varafulltrúar nemenda. Margrét Einarsdóttir, aðstoðarskólastjóri situr fundina og ritar fundargerðir. Fráfarandi fulltrúum er hér þakkað frábært starf í þágu nemenda og skóla. Skólaráðið fundaði formlega fimm sinnum yfir skólaárið. 17. október, 28. nóvember, 5. febrúar, 13. mars, og 22. maí. Nokkur erindi voru kynnt og yfirfarin með tölvupósti.

Skólaráð fjallaði um: starfsreglur skólaráðs 2024-2025 og starfsáætlun ráðsins, starfsáætlun Hofsstáðaskóla, umbótaáætlun ytra mats, skólastarf á haustönn, skóladagatal 2025-2026 og 2026-2027, skólareglur, fjárhagsáætlun skólans, samskiptasáttmála, þróunarverkefnið nemendastýrð foreldrasamtöl, húsnæðismál, niðurstöðu sýnatöku, bænaskjal Grunnstoða, skólapúlsinn nemendakönnun og niðurstöður íslensku æskulýðsrannsóknarinnar. Kynntur var fyrsti hluti framkvæmda við skólalóðina og komu nemendur og foreldrafulltrúar með athugasemdir sem sendar voru til arkitektanna. Ýmis erindi komu fram frá nemendum og nokkur önnur mál.

Nemendur komu m.a. með athugasemdir við skólamatinn og var boðað til fundar með nemendum og forsvarsmönnum Skólamatar í kjölfari þess. Þau óskuðu eftir nýjum battavelli og handboltavelli og komu með góðar tillögur að nýjum áfanga á skólalóðinni sem fer í framkvæmd í sumar. Foreldrar tóku upp erindi úr foreldrahópnum eins og nýjan battavöll og endurnýjun skólalóðar, sönglag Hofsstáðaskóla fyrir næsta stórafmæli og var það rætt við Unni tónmenntakennara. Þeir ræddu um símanotkun nemenda og reglur um hana, fjölda „sparidaga“ og hvort það væri samræmi á milli bekkjardeilda varðandi þá. Þeir voru ánægðir með eftirfylgni í húsnæðismálum með sýnatökum. Þau höfðu áhyggjur

af bílastæði við malarsvæðið og var gerð bragarbót á því. Samstarf við nemendur og foreldra hefur verið mjög gott og gefandi.

Foreldrafélagið styrkti skólastarfið myndarlega með kaupum á nokkrum Ukulele hljóðfærum til notkunar í tónmenntakennslunni og félagsstarfið Dropann sem var fyrir 7. bekk með kaupum á þythokkíborði. Starfsáætlun ráðsins stóðst Fundargerðir og annað efni frá skólaráðinu er að finna á vefsíðu skólans: <http://hofsstadaskoli.is/skolinn-/skolarad/>



FORELDRAFÉLAG HOFSTAÐASKÓLA

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir að við grunnskóla skuli starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð. Í stjórn foreldrafélagsins sitja sex fulltrúar foreldra. Þeir eru kosnir á aðalfundi í maí, ýmist til eins eða tveggja ára.

Eftirtaldir foreldrar skipuðu stjórn foreldrafélagsins skólaárið 2024-2025

- Amit Paul, formaður
- Helga Rún Helgadóttir, gjaldkeri
- Sigrún Stefanía, varaformaður
- Helga Rut Eysteinsdóttir, ritari
- Guðbjörg Birna Björnsdóttir, meðstjórnandi
- Edda Lína Gunnarsdóttir, meðstjórnandi
- Daði Rúnar Pétursson, meðstjórnandi
- Guðrún B, Freysteinsdóttir, meðstjórnandi
- Heiða Ólafsdóttir, meðstjórnandi

Markmið foreldrafélagsins er að efla samstarf heimila og skóla þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með menntun, heill og hamingju nemenda að leiðarljósi. Einnig á það að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda. Rannsóknir hafa sýnt að ef foreldrar eru virkir í samstarfi þá líður börnunum betur í skólanum og námsárangur þeirra eykst.

Á aðalfundi foreldrafélagsins í október kom Ársæll Már Arnarsson og fjallaði um „Listina að vera leiðinlegt foreldri“. Jólástund var haldin 23. nóvember. Þar komu börn og foreldrar saman og föndruðu. Félagið færði starfsmönnum skólans glaðning á aðventunni. Í apríl var haldið vel sótt og vel heppnað Bingó. Foreldrafélagið styrkti skólann til kaupa á þythokkíborði fyrir félagsmiðstöðina Dropann og hljóðfærum í tónmenntakennslu.

Fulltrúi foreldra í Grunnstöð, sem eru samstök foreldrafélaga í Garðabæ, kom að gerð s.k. Bænaskjals þar sem tekin eru saman atriði sem foreldrum þykir þurfa að bæta og laga í umhverfi og aðbúnaði skólanna. Foreldrar nefna hversu brýnt er að huga að endurbótum á skólalóðinni og betri og greiðari aðkomu að skólanum. Huga þurfi að fjölbreyttari kennsluháttum og mæta betur drengjum, afburðanemendum og þeim sem þurfa aukinn stuðning. Þeir nefna líka skýrari upplýsingagjöf í tengslum við heimanám og að gæsla í frímínútum og íþróttum megi vera betri. Loks kom fram að foreldrum þykir þurfa að endurnýja tölvubúnað fyrir nemendur og ýmis tæki sem nýtt eru í kennslunni.

Einn mikilvægasti liðurinn í starfsemi félagsins er að stuðla að öflugu bekkjarstarfi. Foreldrar koma að félagslífi í samstarfi við kennara, á bekkjarkvöldum. Foreldrafélagið hefur milligöngu um að kosnir séu tveir bekkjarfulltrúar í hverjum bekk sem síðan hafa það hlutverk að skipuleggja og halda utan um félagsstarf bekkjarins í samvinnu við

kennara. Markmið bekkjarstarfsins er meðal annars að byggja upp góðan félagsanda innan bekkjarins og stuðla að því að nemendur, kennarar og foreldrar kynnist betur. Það leiðir til aukinnar vellíðanar nemenda í skólanum og minnkar líkur á einelti. Einnig geta foreldrar samræmt reglur um útivist o.fl. Á næstu síðum er listi yfir þá sem voru bekkjarfulltrúar.

BEKKJARFULLTRÚAR HOFSTAÐASKÓLA 2024-2025

Bekkur	Bekkarfulltrúi	Nemandi
1. EMK	Elfa Arnardóttir	Embla Alexa Gunnarsdóttir
1. EMK	Sandra Hafstein	Ylfa Þórunn Hafstein
1. EMK	Elva Björk Bjarkardóttir	Ylfa Þórdís García
1. EMK	Elfa Arnbjarnardóttir	Tryggvi Ólafsson
1. HHK	Sara Rake! Hinriksdóttir	Ragnheiður Sara Ásgeirsdóttir
1. HHK	Íris Guðmund. Blöndal	Iðunn Daðadóttir Blöndal
1. ÞJ	Birta Kristín Helgadóttir	Melkorka Steinunn
1. ÞJ	Diljá Ólafsdóttir	Karítas Lea Karlsdóttir
2. ABH	Elísabet Rán Andrésdóttir	Andrés Þórólfur Benediktsson
2. BSt	Jóna Guðný Arthúrsdóttir	Guðný Birna Gunnarsdóttir
2. BSt	Árdís Ethel Hrafnisdóttir	Katrín Viktoría Nielsen
2. IS	Guðrún Lilja Lýðsdóttir	Róbert Línal Antonsson
2. IS	Helga Rún Helgadóttir	Yngvi Már Kamsma
2. ÓG	Rósanna Andrésdóttir	Bríet Jökla R. Guðrúnardóttir
2. ÓG	Margrét Kara Sturludóttir	Hersir Hólm Viðarsson
3. BSv	Hekla Hannesdóttir	Mirra Viðarsdóttir
3. BSv	Eva Hrönn Jónsdóttir	Elísabet Eva Grétarsdóttir
3. DFÓ	Jóhannes Bjarni Guðmundsson	Kristján Bjarni Jóhannesson
3. DFÓ	Agnes Guðmundsdóttir	Ísmael Bangoura
3. HLE	Soffía Rún Kristjánsdóttir	Hinrik Karl Elíasson
3. HLE	Eydís Heimisdóttir	Bryndís Arnarsdóttir
3. HLE	Eyrún Anna Tryggvadóttir	Theodór Birkir Hlynsson
3. RJ	Hildur Ólafsdóttir	Helgi Þór Hallgrímsson
3. RJ	Inga Valdís Þorvaldsdóttir	Þorvaldur Orri Haraldsson
4. ÁS	Hjördís Rós Jónsdóttir	Þórdís Elsa Einarisdóttir
4. ÁS	Guðlaug Gígja Sprigg Ottadóttir	Helena Leyla Sprigg
4. ÁS	Helga Rósa Másdóttir	Ari Rögnvaldsson
4. ÁS	Júlíus Arnarsson	Ágúst Högni Júlíusson
4. ÁS	Lárus Örn Lárusson	Arna Sigrúnar-Lárusdóttir
4. JES	Unnur Ýrr Helgadóttir	Lóa Margit Paul
4. JES	Eyrún Eyleifsdóttir	Karen Hlynisdóttir
4. JES	Ingibjörg Hjálfríðardóttir	Hjálfríður Rán Óskarsdóttir
4.JES	Hólmfríður Vilhjálmsdóttir	Lúkas Sappia
4. SS	Dagný Skúladóttir	Sylvía Gunnarsdóttir
4.SS	Helena Pétursdóttir	Melkorka Sól Pálmadóttir

4. SS	Sigrún Líndal Pétursdóttir	Hugrún Hekla Líndal
4.SS	Sveinbjörn Úlfarsson	Soffía K Sól Sveinbjörnsdóttir
4.SS	Aðalheiður Ólafsdóttir	Snorri Snorrason
5. AMH	Guðrún Sigríður Pálsdóttir	Halldór Bragi Halldórsson
5. AMH	Guðbjörg Birna Björnsdóttir	Hafsteinn Breki Birgisson
5. AMH	Edda Guðrún Valdimarsdóttir	Valdimar Björgvin
5. AP	Sigrún Rut Hjálmarsdóttir	Unnar Mikael Magnússon
5. AP	Kristin María Dýrfjörð	Sara Halldórsdóttir Dýrfjörð
5. AP	Unnur Birna Vilhjálmisdóttir	Pétur Björn Pétursson
5. AP	Anna Þórdís Rafnsdóttir	Júlíana Erna Einarsdóttir
5. HS	Guðbjörg Sigríður Petersen	Gunnar Helgi Þ. Petersen
5. HS	Ása Jacobsen	Mikael Árnason
5. MH	Baldvin Sturluson	Matthildur Baldvinsdóttir
5. MH	Hekla Hannesdóttir	Salka Víðisdóttir
5. MH	Aðalheiður Ósk Guðlaugsdóttir	Viktor Örn Arnarsson
6.HBS	Hildur Guðrún Halldórsdóttir	Breki Rafn Styrmissen
6.HBS	Margrét Kara Sturludóttir	Flóki Hólm Viðarsson
6. StH	Hildur Steinþórsdóttir	Frosti Fannar Ómarsson
6. StH	Rósa Björk Guðnadóttir	Hildur Emma Thoroddsen
6. StH	Sunna Dögg Heimisdóttir	Halla Dís Þórðardóttir
6. HSA	Elísabet Rán Andrésdóttir	Árni Benediktsson
6. HSA	Þorgerður Elín Brynjólfssdóttir	Brynjar Þór Sævarsson
6. HSA	Ingibjörg Ósk Hákonardóttir	Guðmundur Frosti Hákonarson
6. HSA	Ellen Ragnars Sverrisdóttir	Elísabet Ragnars Andrad
6. ÖM	Vilborg Ragna Ágústsdóttir	Viktor Darri Brynjólfsson
7.GHS	Hjördís Rós Jónsdóttir	Bóas Óli Einarsson
7.GHS	Jakobína Hólmfríður Árnadóttir	Hrafnhildur Vala Heiðarsdóttir
7.GHS	Guðrún Sigríður Pálsdóttir	Sigurjón Kári Halldórsson
7.GHS	Helga Margrét Pálsdóttir	Ragnar Jónsson
7. ÓP	Guðbjörg Birna Jónsdóttir	Rakel Bestla Birgisdóttir
7.ÓP	Agnes Sigurðardóttir	Bjarney María Pálsdóttir
7. SGE	Jón Halldór Baldvinsson	Aníta Thors
7. SGE	Berglind Guðrún Bragadóttir	Hjörtur Kári Jónsson
7.SJ	Óttar Pálsson	Auður Óttarsdóttir
7. SJ	Ólöf Einarsdóttir	Jónatan Logi Avraham

1. ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI



STARFSÞRÓUN

Skólinn fékk styrk að upphæð 325.000 krónur úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til að halda nokkur námskeið á skólaárinu. Skólinn ráðstafaði þeirri upphæð ásamt fjármagni sem skóladeild fékk úthlutað og fjármagni úr fjárhagsáætlun. Því miður tókst ekki að halda öll námskeiðin. Fagfólk og aðrir starfsmenn sátu eftirfarandi námskeið:

- Verkfærakistan KVAN - fyrir nýja kennara
- Leiðtoganámskeið KVAN – stýrihópur
- Nemendur með hegðunarvanda
- Skyndihjálparnámskeið

Fagfólk sat auk þess námskeið að eigin vali m.a:

- Bekkjarstjórnun
- Rafræna fyrirlestra frá UTÍS
- Fræðsluþætti um læsi á RÚV
- Persónuleg endurmenntun hvers og eins
- Námsstefna SÍ
- Námsstefna SKÓR

Faghópar

Faghópar voru myndaðir um ákveðin málefni. Hóparnir hittust á fundartímum, u.þ.b. einu sinni í mánuði. Allir kennarar, bókasafnsfræðingur, þroskaþjálfar, námsráðgjafi og atferlisfræðingur völdu sér að starfa í eftirfarandi faghópum; barnasáttmálinn, Uppeldi til ábyrgðar, KVAN, leiðsagnarnám, læsi, tölvuöpp og forrit, forvarnahópur, stefna um aga og innra mat. Að lokum lásu þeir yfir þann hluta sem þeir voru með í skólanámskránni og endurskrifuðu.

ÞRÓUNARVERKEFNI

Eins og undanfarin ár geta kennarar grunnskóla Garðabæjar sótt um styrk í Þróunarsjóð grunnskóla Garðabæjar. Þróunarsjóðurinn hefur verið góð innspýting í að efla kennara og styðja við skólapróun og nýbreytni, ekki var sótt um styrk frá Hofsstaðaskóla sl. vor en úthlutað var aftur í haust og þá fékk var sótt um eitt verkefni sem fékk styrk.



INNRA MAT Á SKÓLASTARFI

Í þessum kafla er fjallað stuttlega um sjálfsmat Hofsstaðaskóla. Að öðru leyti er vísað í vefsíðu skólans en umfjöllun um stefnumörkun, sjálfsmat og kannanir er að finna undir flípanum, Skólinn. Lesferilniðurstöður koma fram í skýrslu deildarstjóra stoðþjónustu.

SJÁLFSMATSSKÝRSLA HOFSTAÐASKÓLA 2024-2025

Sjálfsmatsskýrsla Hofsstaðaskóla fyrir árið byggir á Skólapúlsinum og íslensku æskulýðsrannsókninni. Skólapúlsinn er lagður fyrir hagsmunaaðila skólans að tilstuðlan skóladeildar. Skóladeild leggur Skólapúlsinn fyrir starfsmenn og foreldra annað hvert ár og nemendur á hverju ári. Þetta skólaár var könnunin lögð fyrir nemendur og foreldra. Hafinn er vinna við að nota BRAVO LESSON kerfið til þess að halda utan um innra mat skólans.

Kannanir og samantektir sl. ára er að finna á heimasíðu skólans www.hofsstadaskoli.is.

Í 35. grein grunnskólalaga segir m.a. að markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á.

Eftirtaldir kannanir voru lagðar fyrir

Viðfangsefni	Markhópur	Tími	Framkvæmdaraðili
Tengslakönnun	3. - 7. bekkur	janúar	Hofsstaðaskóli
Skólapúlsinn	Úrtak nemenda í 6. og 7. bekk	okt/des/feb/maí	Skólapúlsinn
Skólapúlsinn	Úrtak foreldra	mars	Skólapúlsinn
Starfsmannasamtöl	Allir starfsmenn	mars/apríl	Hofsstaðaskóli
Íslenska æskulýðsrannsóknin	4. – 7. bekkur	mars/apríl	Mennta- og menningarmála-ráðuneytið

Tengslakönnun er lögð fyrir af umsjónarkennara í samstarfi við námsráðgjafa. Námsráðgjafi vinnur úr könnuninni og kynnir umsjónarkennurum niðurstöður. Könnunin er skrifleg og spurningarnar aðlagðar aldri. Umsjónarkennari kynnir foreldrum félagslega stöðu einstakra nemenda ef þurfa þykir. Könnunin er lögð fyrir samkvæmt markmiðum skólans og skólastefnu Garðabæjar til að efla og fylgjast með félagslegri stöðu nemenda. Niðurstöður eru varðveittar hjá námsráðgjafa. Könnunin var lögð fyrir alla nemendur í janúar. Umsjónarkennarar og námsráðgjafi vinna saman að því að efla félagsfærni nemenda.

Skólapúlsinn er vefkannanakerfi www.skolapulsinn.is sem lagt er fyrir úrtak nemenda í 6. og 7. bekk þrisvar á ári. Spurningaflokkar eru þrír: Virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsa og skóla- og bekkjarandi. Skólinn er um og yfir landsmeðaltali í flest öllum flokkum. Niðurstaðan gefur vísbendingar um stöðu nemenda í skólanum miðað við stöðu nemenda í öðrum skólum á landinu.

Ungt fólk hagir og líðan 2025 rafræn könnun var lögð fyrir af hálfu Rannsóknar og greiningar fyrir nemendur í 5., 6. og 7. bekk í mars. Niðurstöður hafa ekki borist.

Íslenska æskulýðsrannsóknin var lögð fyrir nemendur í 4. – 7. bekk. Nokkrum þáttum eru gerð skil hér að neðan.

Nemendur í 6. og 7. bekk

Telja mikilvægt að leggja sig fram í námi					
Höfuðborgarsvæðið		Hofsstaðaskóli		Önnur landssvæði	
Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur
88%	94%	88%	97%	88%	93%

Lesi skáldsögur					
Höfuðborgarsvæðið		Hofsstaðaskóli		Önnur landssvæði	
Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur
21%	32%	25%	35%	24%	31%

Hafa orðið fyrir einelti					
Höfuðborgarsvæðið		Hofsstaðaskóli		Önnur landssvæði	
Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur
10%	8%	3%	6%	13%	10%

Eiga góða vini eða vinkonur					
Höfuðborgarsvæðið		Hofsstaðaskóli		Önnur landssvæði	
Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur
98%	100%	97%	100%	98%	99%

Treysta kennurum					
Höfuðborgarsvæðið		Hofsstaðaskóli		Önnur landssvæði	
Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur
83%	82%	85%	88%	81%	78%

Fullorðinn sem gott er að tala við					
Höfuðborgarsvæðið		Hofsstaðaskóli		Önnur landssvæði	
Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur
45%	54%	46%	48%	48%	53%

Fá tilfinningalegan stuðning og hjálp frá fjölskyldu					
Höfuðborgarsvæðið		Hofsstaðaskóli		Önnur landssvæði	
Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur
93%	93%	97%	96%	92%	91%

Nemendur í 4. og 5. bekk

Telja mikilvægt að leggja sig fram í námi					
Höfuðborgarsvæðið		Hofsstaðaskóli		Önnur landssvæði	
Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur
86%	94%	89%	97%	84%	92%

Lestur í frítíma					
Höfuðborgarsvæðið		Hofsstaðaskóli		Önnur landssvæði	
Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur
75%	80%	78%	89%	72%	82%

Hafa verið lögð í einelti					
Höfuðborgarsvæðið		Hofsstaðaskóli		Önnur landssvæði	
Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur
19%	19%	15%	6%	23%	20%

Eiga góða vini eða vinkonur					
Höfuðborgarsvæðið		Hofsstaðaskóli		Önnur landssvæði	
Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur
99%	99%	99%	100%	99%	98%

Fullorðinn sem gott er að tala við					
Höfuðborgarsvæðið		Hofsstaðaskóli		Önnur landssvæði	
Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur
58%	65%	73%	71%	60%	66%

Geta talað við foreldra þegar þeim líður illa					
Höfuðborgarsvæðið		Hofsstaðaskóli		Önnur landssvæði	
Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur
80%	87%	84%	94%	79%	84%

Innra mat varðandi líðan starfsmanna o.fl.

Viðfangsefni	Markhópur	Tími	Framkvæmdaraðili
Starfsmannasamtöl	Allir starfsmenn	mars-apríl	Stjórnendur

Skólastjóri átti starfsmannasamtal við alla nýja starfsmenn í október. Stjórnendur skiptu með sér starfsmannasamtölum og tóku þau í mars og apríl. Helstu niðurstöður úr samtölunum voru kynntar starfsmönnum að vori.

Starfsþróunaráætlun var endurskoðuð og kynnt starfsmönnum, skólaráði og skóladeild Garðabæjar. Nokkur námskeið/fræðslufundir voru í boði.

Skólapúlsinn skólaárið 2024-2025

Skólapúlsinn er lagður fyrir úrtak nemenda í 6. og 7. bekk fjórum sinnum á ári og fyrir úrtak foreldra annað hvert ár og fyrir alla starfsmenn hvert ár. Í ár var skólapúlsinn lagður fyrir nemendur og foreldra.

Niðurstöður þessara kannana eru greindar eftir því hvort um er að ræða marktækan mun milli svara nemenda og starfsmanna í samanburði við nemendur og starfsmenn sem tóku þátt í Skólapúlsinum á landsvísu. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalniur. Staðalniur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávik 2. Munur uppá 0,5 stig á staðalniukvarða er ekki mikill munur en munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Engin niðurstaða var undir mínus 0,9.

Nemendakönnun

Skólinn kom vel út í öllum þáttum sem spurt var um. Upplifun og staða nemenda er sjaldan lægri/verri en gengur og gerist á landsvísu og á einum þætti er hún marktækt undir.

Marktækur jákvæður munur er á viðhorfi nemenda Hofsstaðaskóla og annarra skóla sem tóku þátt í Skólapúlsinum hvað varðar eftirfarandi þætti:

- Trú á eigin námsgetu
- Trú á eigin vinnubrögð
- Sjálfsálit
- Stjórn á eigin lífi
- Vellíðan
- Samsömun við nemendahópinn

Ekki reyndist marktækur munur á viðhorfi nemenda Hofsstaðaskóla og annarra skóla sem tóku þátt í Skólapúlsinum hvað varðar eftirfarandi þætti sem komu þó flest allir jákvætt út:

- Tíðni leiðsagnarmats
- Þrautseigja í námi
- Ánægja af lestri
- Áhugi á stærðfræði
- Ánægja af náttúrufræði
- Einelti
- Samband nemanda við kennara
- Agi í tímum

Þættir sem mældust undir viðmiðunarlínu:

- Virk þátttaka nemenda í tímum

Næstu skref

Það er ánægjulegt að sjá að nemendum líður almennt vel og hversu góða trú þeir hafa á eigin vinnubrögðum og sjálfsálitið er gott. Nemendur eru sáttari við matinn sem þeir fá en þeir eru samt enn þá marktækt undir viðmiðum landsins varðandi ánægju með skólamatinn. Einnig myndu þeir vilja fá að vera virkari þátttakendur í kennslustundum. Þessar niðurstöður voru kynntar á starfsmannafundi og leiðir til úrbóta ræddar.

Foreldrakönnun

Úrtak foreldra eða 73,6% tóku þátt í foreldrakönnun í mars sem gerir hana marktæka en miðað er við að ná 80% svarhlutfall (lágmark 60%). Heildarniðurstöður úr könnuninni eru jákvæðar.

Marktækur jákvæður munur er á:

- Aga sem telst hæfilegur
- Ánægju foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda
- Væntingum foreldra um háskólanám
- Ánægju með aðstöðuna í skólanum
- Tíma sem foreldrar aðstoða við heimanám

Eftirtaldir þættir eru við viðmiðunarlínu:

- Ánægja með nám og kennslu
- Stjórnun skólans
- Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum
- Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur
- Ánægja með hve skólinn mætir þörfum nemenda
- Líðan nemenda í skólanum almennt
- Líðan nemenda í frímínútum
- Umfang eineltis í skólanum
- Ánægja með eineltisáætlun skólans
- Meðaltímabil eineltis
- Setja reglur um símanotkun nemenda
- Virkni foreldra í námi barna sinna
- Hæfilegri heimavinna
- Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám
- Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti

Eftirtaldir þættir eru undir viðmiðunarlínu:

- Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina
- Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur
- Ánægja foreldra með hraða úrvinnslu skólans á eineltismálum
- Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi
- Væntingar foreldra um iðnnám

Næstu skref

Það er ánægjulegt að sjá að foreldrar upplifa að það sé góður agi í skólanum og að þörfum nemenda sé vel mætt. Foreldrar upplifa að þeir gætu verið hafði meira í ráðum og að frumkvæði að foreldrasamstarfi gæti verið meira og þar er sóknarfæri. Þessar niðurstöður voru kynntar á starfsmannafundi og unnið er að leiðum til úrbóta.



FÆRNIMIÐAÐ NÁM Í STÆRÐFRÆÐI

Stærðfræði í 5. - 7. bekk var kennd í færnimiðuðum hópum; í sex hópum í öllum árgöngum, hóparnir voru kenndir við kennarana sem kenna hverjum hópi. Með færnimiðaðri kennslu er leitast við að koma betur til móts við þarfir og færni hvers og eins nemanda.

Nemendur í öllum hópum tileinka sér sömu eða sambærileg hæfniviðmið samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá Hofsstaðaskóla. Hluti nemenda ræður við fleiri og flóknari hæfniviðmið og aðrir nemendur þurfa lengri tíma og meiri aðlögun. Kennarar meta reglulega hvort nemendur séu í hópi við hæfi eða ættu að flytjast milli hópa. Þá er tekið tillit til frammistöðu í fjölbreyttu námsmati svo og skilningi og vinnusemi nemenda miðað við aðra í hópnum.

Námsmat

Stefna skólans er að námsmat byggji á hæfniviðmiðum og kröfum sem gerðar eru til nemenda ásamt því að hafa námsmat sem fjölbreyttast. Mentor er notað til þess að halda utan um námsmat.

Stella Rut Axelsdóttir

BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Kennarar hafa unnið með Barnasáttmálann gegnum tíðina og þekkja hann ágætlega. Starfsfólk og nemendur hafa unnið að ýmsum verkefnum á undanförunum árum en formlegan ramma hefur skort. Haustið 2025 var stofnaður innleiðingarhópur kennara og þroskaþjálfra sem hefur stýrt verkefninu í vetur í samráði við stjórnendur og vinnur nú að því að skrá Barnasáttmálann inn í Skólanámskrá.

Allir starfsmenn horfðu á fræðslumyndbönd á *Unicef Akademiunni* og langflestir hafa lokið almennu námskeiðunum og stjórnendur og umsjónarmenn frístundaheimilis hafa tekið öll. Innrammaður sáttmáli hangir uppi á göngum skólans og allir starfsmenn hafa fengið kynningarbækling. Tekinn hefur verið saman listi yfir bókmenntir sem hægt er að nýta í kennslu og vinnu með sáttmálann. Sá listi er á skólabókasafninu. Nemendur hafa horft á myndabönd m.a. af *Krakkarúv* og efni sáttmálans er fléttað inn í ýmsar námsgreinar.

Nemendur og starfsmenn komu að gerð *Samskiptasáttmála* Garðabæjar og hefur sáttmálinn verður kynntur sérstaklega á foreldrafundum. Tengiliðir *Farsældar barna* eru starfandi.

Nemendur skólans sitja í skólaráði og nemendaráð með fulltrúum úr öllum bekkjardeildum í 1. – 7. bekk er starfandi. Rýnihópur nemenda hefur rýnt og fjallað um tillögur að endurnýjun skólalóðar og mun vinna áfram að því verkefni m.a. á skólapingi. Sérstakt markmið með endurnýjun skólalóðarinnar er að hún verði barnvænni og höfði til

breiðari aldurshóps en nú er. Nemendastýrð foreldrasamtöl hófust í skólanum haustið 2023 og eru bæði samtöl ársins með þeim hætti. Nemendur undirbúa samtalið, velja þau verkefni og viðfangsefni sem þeir kjósa að kynna og stýra samtalinu.

HS-LEIKAR

Hofsstaðaskólaleikar eða HS-leikar voru haldnir dagana 11. og 12. nóvember. Leikarnir sem eru einn stærsti viðburður skólaársins fóru fram bæði í skólanum og í íþróttahúsinu. Áhersla var lögð á góð og jákvæð samskipti en leikarnir voru haldnir í fornvarnarviku Garðabæjar þar sem þemað var góð samskipti. Á leikunum var einnig lögð áhersla á samvinnu en nemendum var skipt upp í 34 hópa sem í voru ca. 14 nemendur úr öllum árgöngum. Annan daginn unnu nemendur í íþróttahúsinu en hinn í skólanum. Nemendur úr 6. og 7. bekk voru fyrirliðar og héldu tveir til þrír fyrirliðar utan um hvern hóp. Settar voru upp 34 stöðvar og fóru hóparnir á milli þeirra og unnu saman að því að leysa þrautir sem reyndu á ýmiskonar færni. Þrautirnar fólust m.a. spurningakeppni, sippa, þekkja fugla, tefla, leysa stærðfræðiþrautir, búa til fiðrildi sem voru svo hengd upp á göngum skólans. Annað árið í röð var ein stöðin að perla „Lífið er núna“ armbönd fyrir Kraft en nemendum og starfsmönnum finnst mjög gaman og gefandi að leggja þessu góða málefni lið með því að perla armönd til styrktar félaginu. Þá daga sem leikarnir voru haldnir var frábær stemming í skólanum og gaman að sjá hversu samheldin liðin voru og mikil gleði ríkti innan þeirra.



VETTVANGSFERÐIR

Í Hofsstaðaskóla er lögð áhersla á fjölbreytt skólastarf sem er reglulega brotið upp með útikennslu og vettvangsferðum. Sumar ferðir eru í nágrenni skólans og í þær fara nemendur gangandi eða hjólandi en einnig eru lengri ferðir þar sem nemendur nýta almenningsvagna eða rútur. Vettvangsferðir eru mikilvægur hluti af skólastarfinu. Í meðfylgjandi töflum er yfirlit yfir ferðirnar á skólaárinu.

Vettvangsferðir í 1. – 4. bekk

Mánuður	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur
September				Gróðursetning í Guðmundarlundi
Október	Jazztónleikar í tónlistarskólanum í Garðabæ			
Nóvember				Bókasafn Garðabæjar
Desember	Heimsókn á leikskólana Akra, Hæðarból og Lundaból Jólasýning	Jólatónleikar í tónlistarskólanum	Jólatónleikar í tónlistarskólanum	Leikjaleiðtogar í Laugarásbíó
Mars		Tónlistarskólinn	Tónlistarskólinn	Hönnunarsafn Íslands
Apríl	Tónleikar á Garðatorgi			
Maí	Guðmundarlundur	Guðmundarlundur	Hvaleyrarvatn	
Júní				Akranes

Yfirlit vettvangsferða 2024-2025

5. – 7. bekkur

Mánuður	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur
September	Ferð á Þjóðminjasafnið.		
Október		Bókasafn Garðabæjar Vinnumorgun í Húsdýragarðinum	
Nóvember	Tónleikar á vegum tónlistarskóla Garðabæjar.		Skólabúðir í Vatnskógi
Febrúar		Tónleikar á vegum tónlistarskóla Garðabæjar.	
Mars	Leikhúsferð á vegum Þjóðleikshússins Orri óstöðvandi		
Maí	Vorferð á Þingvelli, fræðsla og gengin leiðin: Haki – Lögberg – Flosagjá.	Vorferð á Landnámssetur Íslands í Borgarnesi. Landnámssýning og Egilssýning.	Vorferð á Bjarneyjarsand, gönguferð, grill og heimsókn í fjárhúsin.
Júní		Uppskeruverkefni KVAN – útináms og hjólaferð í Heiðmörk.	



2. ÝMSAR SKÝRSLUR

SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA YNGRI OG ELDRI DEILDA



Arnheiður Ösp Hjálmarasdóttir er deildarstjóri yngra stigs og hefur umsjón með 1. – 4. bekk. Stella Rut Axelsdóttir er deildarstjóri elda stigs og hefur umsjón með 5. – 7. bekk en hún tók við í lok nóvember af Margréti Erlu Björnsdóttur sem hafði verið deildarstjóri síðan haustið 2017.


Deildarstjórar eru hluti af stjórnendateymi skólans og komu að skipulagningu og héldu utan um ýmsa þætti skólastarfsins til dæmis í tengslum við starfsdaga, uppbrotsdaga, jólaskeppanir, íþróttadag, HS-leika, námskeið, fræðslufunda o.fl. Í júní og ágúst var skólabyrjun undirbúin sem meðal annars fól í sér stundatöflugerð, skipulag í smíðjum, skipulag færnimiðaðs náms, hópaskiptingar í ýmsum greinum og röðun nemenda í bekk og hópa, skipulag fyrir matsal og innanhússkóladaatal. Deildarstjórar tóku starfsmannasamtöl við umsjónarkennara á sínum stigum og unnu úr þeim.

Vikulega sátu deildarstjórar einn til tvo stjórnendafundi og einn nemendaverndar ráðsfund. Á eins til tveggja mánaðar fresti voru stigsfundir sem deildarstjórar skipulögðu með kennurum á sínum stigum. Deildarstjórar fóru á reglulega teymisfundi með árgöngum á sínum stigum, auk þess að hitta sérkennara, list- og verkgreinakennara á fundum eftir því sem við á. Einnig fóru þeir á skilafundi og fundi vegna einstakra nemenda. Þeir unnu náið með námsráðgjafa að ýmsum málum í tengslum við nemendur og niðurröðun í bekk.

Deildarstjórar sáu um pantanir á námsbókum og kennslugögnum og úthlutun á þeim í samstarfi við skrifstofustjóra. Þeir héldu utan um og pöntuðu í samstarfi við kennara á listviðburði og í vettvangsferðir sem tengdust skólastarfinu. Þeir skipulögðu heimsóknir í tengslum við verkefnið Skáld í skólum, upplestur rithöfunda og fræðslu fyrir nemendur. Þeir skipulögðu fjallaferðir í Bláfjöll fyrir nemendur í 4. – 7. bekk sem því miður var svo ekki hægt að fara í vegna veðurs.

Deildarstjórar eru með yfirumsjón námsmats í skólanum og vinna náið með kennurum að þróun og eftirfylgni þess. Þeir hafa umsjón með Mentor og skráningu þar. Í lok skólaársins tóku deildarstjórar saman heildarmat fyrir lokahæfni í stærðfræði og íslensku hjá nemendum í 4. og 7. bekk, sjá niðurstöður í myndritum.





Deildarstjórar skoða ástundun nemenda sem skráð er í Mentor og fylgja eftir inngripi ef henni er ábótavant skv. samræmdu verkferli grunnskólanna.

Deildarstjórar eru tengiliðir farsældar fyrir hönd skólans og hafa sótt reglulega fræðslufundi í tengslum við innleiðingu á farsældarsáttmálanum í Garðabæ. Fræðslufundirnir voru mjög gagnlegir en þeir voru ýmist haldnir í Sveinatungu eða voru rafrænir. Betur gekk að hefja innleiðingu á farsældinni heldur en skólaárið á undan.

Í tengslum við innleiðingu á Samskiptasáttmála Garðabæjar voru deildarstjórar með síðdegisfundi ásamt umsjónarkennurum fyrir foreldra í 4. og 6. bekk.

Deildarstjórar sóttu ýmis námskeið, fræðslu- og kynningarfundi til að kynna sér nýjungar í kennslu og stjórnun t.d. UTÍS menntadag, Menntaþing 2024, BETT ráðstefnu í London, málþing um hegðunarvanda barna og úrræði sem haldið var í Grósku og námsstefnu SKÓR sem haldin var í Hveragerði. Deildarstjóri yngra stigs sat námskeiðið Lestur og læsi á yngra stigi sem haldið var á vorönn á vegum Menntafléttunnar.

Deildarstjóri yngra stigs sá um samskipti við samstarfsleikskólana Lundaból, Akra og Hæðarból. Í september boðaði hann leikskólakennara á fund og fór yfir Brúum bilið samstarfsáætlun leik- og grunnskóla. Hann skipulagði reglulegar skólaheimsóknir fyrir samstarfsleikskólana. Hann hafði umsjón með vorskólanum sem haldinn var 15. maí fyrir verðandi nemendur í 1. bekk. Í maí fór hann á skilafundi á leikskólana í bænum og aflaði upplýsinga um verðandi nemendur í 1. bekk. Hann hafði umsjón með fyrirlögn á lesskimunarprófinu LTL sem var lagt fyrir í október.

Deildarstjóri sá um að búa til Lestrarkompu með verkefnum fyrir nemendur á yngra stigi, eina fyrir haustönn og aðra fyrir vorönn. Einnig skipulagði hann lestrarhvatningarverkefni sem var í lok apríl. Deildarstjóri vann með námsráðgjafa að því að koma verkefninu Frímínútnafjör í framkvæmd í skólanum og að skipulagningu á þakkardegi fyrir Leikjaleiðtogana.

Deildarstjóri eldra stigs sá um framkvæmd á Skólapúlsinum með nemendum í 6. og 7. bekk, var prófdómari í framsagnarprófi í 5. – 7. bekk og skipulagði vettvangsferð að Vífilsstaðavatni í september og úrvinnslu ferðarinnar. Hann sat skilafundi með deildarstjórum Garðaskóla í maí þegar nemendum í 7. bekk var skilað og sá um samskipti við Garðaskóla í kjölfarið vegna skólaskiptanna. Hann kemur árlega að undirbúningi og framkvæmd þorablóts í 6. bekk, einnig skipuleggur hann árshátíð og náms- og hópeflisferð 7. bekinga í Vatnaskóg. Hann sá um Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk, þjálfaði keppendur og fylgdi þeim í lokakeppni Garðabæjar þar sem nemandi skólans stóð uppi sem sigurvegari.

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Stella Rut Axelsdóttir



SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA STOÐPJÓNUSTU

Viðfangsefni stoðpjónustu eru einkum kennsla, stuðningur, ráðgjöf, samstarf við nemendur, foreldra, bekkjarkennara og aðra sérfræðinga innan og utan skólans (teymisvinna).

Starfsfólk stoðpjónustu á skólaárinu var eftirfarandi:

- Adolf Daði Birgisson, stuðningsfulltrúi
- Alexis Anansa Glasgow, stuðningsfulltrúi
- Alexía Rut Hannesdóttir, námsráðgjafi
- Anna Laxdal, yfirproskapjálfi
- Benedikt Óskar Benediktsson, stuðningsfulltrúi, afleysing í maí
- Benedikt Pálmarsson, stuðningsfulltrúi, fyrir áramót
- Bergljót Vilhjálmsdóttir, deildarstjóri stoðpjónustu
- Daniela Coelho dos Santos, stuðningsfulltrúi
- Elín Dóra Sigurðardóttir, stuðningsfulltrúi
- Emil Thor Ingvason, stuðningsfulltrúi
- Erla Guðmundsdóttir, stuðningsfulltrúi
- Erla Guðný Gylfadóttir, sérkennari
- Freyja Sævarsdóttir, stuðningsfulltrúi
- Gissur Hrafn Gíslason, stuðningsfulltrúi
- Guðrún Dögg Jóhannsdóttir, sérkennari
- Helga Guðbrandsdóttir, stuðningsfulltrúi
- Inese Piraga-Benjoza, stuðningsfulltrúi
- Laufey Rán Svavarsdóttir, stuðningsfulltrúi
- Marólína Fanney Friðriksdóttir, stuðningsfulltrúi, hætti í október
- Margrét Ragnarsdóttir, stuðningsfulltrúi
- Ólöf Harpa Gunnarsdóttir, sérkennari
- Ragnhildur Sigurðardóttir, yfirproskapjálfi
- Raisa Kalenikova, stuðningsfulltrúi
- Rakel Ýr Fjölnisdóttir, stuðningsfulltrúi
- Salka Ármannsdóttir, stuðningsfulltrúi eftir áramót
- Sigríður Svava Kristinsdóttir, stuðningsfulltrúi í afleysingum
- Sigurgeir Smári Stephensen, stuðningsfulltrúi
- Stefán Orri Hákonarson, stuðningsfulltrúi
- Suzana Malivuk, stuðningsfulltrúi eftir áramót
- Tinna Guðrún Alexandersdóttir, stuðningsfulltrúi fyrir áramót
- Tinna Sif Bergþórsdóttir Bender, atferlisráðgjafi
- Valgerður Gísladóttir, sérkennari
- Valur Björn Atlason, stuðningsfulltrúi, vann í desember
- Ögmundur stuðningsfulltrúi, vann í desember

Stuðningur

Tveir yfirþroskaþjálfar eru starfandi við skólann, Ragnhildur Sigurðardóttir og Anna Laxdal í fullu starfi. Þroskaþjálfar sinna stuðningi við nemendur og hópa inn í bekkjum og eru í samstarfi við kennara varðandi aðlögun og útfærslu verkefna fyrir einstaka nemendur og/eða nemendahópa. Þeir vinna einnig með félagsleg samskipti og sjálfshjálpmemenda. Þeir leiðbeina stuðningsfulltrúum í þeirra verkefnum og eru tengiliðir við fjölskyldur fatlaðra nemenda. Þeir sinna þjálfun og kennslu fatlaðra nemenda og finna leiðir til að þeir séu virkir þátttakendur í öllu starfi í árganginum. Virkt samstarf var á milli þroskaþjálfara, námsráðgjafa og atferlisfræðings við félagsfærniþjálfun nemenda, bæði einstaklingslega og í hópum.

Alexía Rut Hannesdóttir var í 100% starfi námsráðgjafa og Tinna Sif atferlisfræðingur var í 100% starfi. Bjarnfríður Leósdóttir talmeinafræðingur kom í skólann til greiningarstarfa nokkrum sinnum í vetur. Skilafundir talmeinafræðinga með foreldrum voru rafrænir. Björn Gauti Björnsson og Kristín Eva Rögnvaldsdóttir voru skólasálfræðingar, en auk þess komu Magnús F. Ólafsson og Hrunn Þrándardóttir sálfræðingar frá Sálstofunni að nokkrum málum sem verktakar. Björn Gauti sat nemendaverndarfundu einu sinni í mánuði, auk þess sem hann fundaði reglulega með deildarstjóra stoðþjónustu.

Óvenju margir stuðningsfulltrúar voru starfandi við skólann, ýmist hluta úr vetri eða allan veturinn. Sumir unnu einnig í Regnboga og voru því í 100% starfi. Tveir voru í veikindaleyfi og hættu síðan fyrir áramót. Einn var á lokaári í námi með vinnu. Stuðningsfulltrúar veita einstaklingum og/eða hópum stuðning í öllum aðstæðum nemenda, þ.e. bóklegum tímum, smíðjum, íþróttum, sundi, matartímum, frímínútum og ferðum.

Atferlisráðgjöf

Skólaárið 2024-2025 var ráðinn atferlisfræðingur við Hofstaðaskóla sem sinnti atferlisráðgjöf. Samtals 35 nemendur fengu þjónustu atferlisráðgjafa. 3 nemendur í 7. bekk, 21 nemendur í 6. bekk, 1 nemandi í 5. bekk, 2 nemendur í 4. bekk, 5 nemendur í 3. bekk, 2 nemendur í 2. bekk og 1 nemandi í 1. bekk. Metin var virkni hegðunar hjá hverjum nemanda fyrir sig með áhorfi inn í bekk. Ýmist var veitt kennararáðgjöf, hópráðgjöf fyrir nemendur og einstaklingsráðgjöf fyrir nemendur eftir því hvar vandinn lá. Leiðsögn í bekkjarstjórnun var veitt fyrir tvo kennara á skólaárinu vegna hegðunarvanda inn í bekk og nemanda/kennara leikurinn kynntur fyrir þeim.

Samtals sex hópar komu í hópráðgjöf skólaárið 2024-2025. Í hóparáðgjöf var verið að fara yfir bekkjarreglur, samvinnu, félagsfærni, virðingu og önnur verkefni sem voru lögð fyrir t.d. KVAN verkefni.

Sérkennsla

Í vetur voru fjórir sérkennarar sem komu að sérkennslu og ÍSAT kennslu. Guðrún Dögg Jóhannsdóttir kenndi íslensku í 1., 2., 3. og 4. bekk, stærðfræði í 2., 3., og 4. bekk. Ólöf Harpa Gunnarsdóttir kenndi íslensku í 3., 5. bekk og 7. bekk, stærðfræði í 5. og 7. bekk.

Anna Ágústa byrjaði veturinn sem sérkennari og kenndi íslensku í 2., 4., 5. og 6. bekk og stærðfræði í 4. 5. og 6. bekk, en Erla Guðný Gylfadóttir tók við hennar verkefnum í nóvember. Valgerður Gísladóttir kenndi stærðfræði í 6. og 7. bekk, íslensku í 1., 6. og 7. bekk og ÍSAT kennslu bæði á yngra og eldra stigi. Einnig kenndi Erla Guðný ÍSAT nemendum í 2. bekk. Bergljót, Guðrún Dögg, Ólöf Harpa og Valgerður tóku að sér LOGOS greiningar fyrir skólann. Sérkennslan fór að mestu fram í sérkennslustofum.

Sérkennarar og þroskaþjálfar vinna í samvinnu við kennara að gerð einstaklingsnámskrár, aðlögun námsefnis og aðlögun námsmats. Fráviksþjónusta í námsmati felur í sér m.a. lengri próftíma, lesara, skrifara, munnlegt próf, heimapróf, aðlagð próf, undirbúið próf, notkun hjálpargagna s.s. upptökutæki, tölvu, vasareikni o.fl. Hafi nemandi tekið aðlagð próf, próf samkvæmt einstaklingsnámskrá eða ef tekið er tillit til stafsetningar, kemur það fram sem umsögn á hæfnikorti nemanda á Mentor. Nokkrum sinnum yfir skólaárið var staða nemenda og hópa endurmetin þannig að þeir nemendur sem ekki náðu ásættanlegum árangri fengju þann stuðning sem þurfti. Gerð var lokaskýrsla um alla þá nemendur sem fengu þjónustu innan stoðþjónustunnar.

ÍSAT kennsla

Samtals fengu ellefu nemendur ÍSAT kennslu þetta skólaárið. Við upphaf haustannar voru átta nemendur í ÍSAT kennslu en einn nemandi af miðstigi skipti um skóla á haustönn. Þrír nýir nemendur bættust svo við á miðju skólaári, einn á miðstigi og tveir á yngra stigi.

- Fjöldi nemenda eftir flokkun
Yngsta stig: Á yngra stigi voru sex nemendur. Einn nemandi í 1. bekk, tveir í 2. bekk, einn nemandi í 3. bekk og tveir í 4. bekk. Einn nemandi í 4. bekk fór og annar kom í staðinn.
Miðstig: Á miðstiginu var einn nemandi í 5. bekk, einn í 6. bekk og tveir í 7. bekk.
- Fyrirkomulag kennslu:
Kennt var í tveimur hópum yngri og eldri. Á yngra stigi voru tveir til fimm nemendur í hópi en fjórir til fimm á miðstigi.
Yngri hópurinn vann með orðaforða og tjáningu á 1. stigi og voru verkefni unnin í hlutbundinni vinnu. Á miðstigi unnu nemendur út frá sínum hæfniviðmiðum þrír nemendur voru að vinna á 1. stigi og tveir á 2. stigi. Unnið var með orðaforða, tjáningu, málfræði og margbreytileika tungumálsins.
- Tæki/próf sem notuð voru til að kanna þekkingu: Lagt var mat á stöðu nemenda við komu í skólann og hæfniviðmið og námsefni valið út frá því. Nemendur tóku próf út frá sínum hæfniviðmiðum.
- Mat á árangri
Nemendur fengu verkefni sem hentuðu þeirra getu og stöðu í tungumálinu og var námsmat samkvæmt einstaklingsmarkmiðum og hæfniviðmiðum hvers og eins. Nemendur voru á breiðu aldursbili og breidd á getu.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda og kyn þeirra nemenda sem fengu þjónustu sérkennslunnar og í hverju sú þjónusta fólst.

Sérkennsla og sérfræðiþjónusta á skólaárinu

Árgangur	Íslenska		Stærðfræði		Ísat- þjónusta		Greining sérkennara		Greining/ þjónusta sálfræðings			Greining/ þjónusta talmeinafræðings	
	Dr.	St.	Dr.	St.	Dr.	St.	Dr.	St.	Í bið	Dr.	St.	Dr.	St.
1.	12	5	0	0		1			0	1	1	1	3
2.	9	5	2	7		2			2	4	2		1
3.	10	10	5	7		1			2	2	1		1
4.	7	7	7	6	2	1	4	2	5	0	2	2	3
5.	9	6	8	9	1		8	6	4	0	0	1	1
6.	8	3	9	4		1	1	2	0	0	1		1
7.	4	8	4	11		2	1	3	0	2	2		2
Alls	59	44	35	44	3	8	14	13	13	9	9	4	12

Farsæld

Fjöldi mála í samþættingu og fjöldi eftir stigi

	Drengir	Stúlkur	Alls:
Yngra stig (1.-4. bekkur)	5	2	7
Eldra stig (5. -7. bekkur)	6	3	9
Alls:	11	5	15

Samráðsfundir

Upplýsingafundur fyrir kennara og starfsfólk var haldinn fyrir skólabyrjun.

Samráðsfundir með stuðningsfulltrúum, þroskaþjálfum og skólastjórnendum voru reglulega yfir skólaárið, á starfsdögum. Auk þess funduðu stuðningsfulltrúar og þroskaþjálfar nokkrum sinnum í litlum hópum með umsjónarkennurum.

Fundir vegna lestrargreininga Sérkennarar héldu skilafundi vegna LOGOS greininga með foreldrum og umsjónarkennurum nemenda.

Fundir vegna sálfræðigreininga Deildarstjóri stoðþjónustu boðaði og sat alla skilafundi sálfræðinga og talmeinafræðinga og sá um að fylgja eftir málum. Sérkennarar, þroskaþjálfar og umsjónarkennarar sátu einnig marga skilafundi með sálfræðingi skólans og skilafundi hjá Ráðgjafar- og greiningarstöðvar ríkisins.

Skilafundir skólastiga vegna nemenda Deildarstjórar og umsjónarkennarar í 7. bekk sátu skilafundi Hofstaðaskóla til næsta skólastigs í vor og þroskaþjálfar áttu einnig fundi með Garðaskóla og Sjálandsskóla vegna nemenda. Deildarstjóri stoðþjónustu, deildarstjóri yngra stigs og umsjónarmaður frístundaheimilis fóru í heimsóknir á leikskóla vegna verðandi 1. bekklinga og hittu þar sálfræðinga og sérkennslustjóra þegar það átti við. Skilagögn voru send rafrænt í gegnum One system.

Fundir stoðþjónustu Sérkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu funduðu vikulega yfir veturinn. Þroskaþjálfar, námsráðgjafi og atferlisfræðingur funduðu að jafnaði vikulega og þroskaþjálfar og sérkennarar áttu fundi saman. Sérkennarar á eldra stigi funduðu vikulega með teyllum árganga vegna stærðfræði- og íslenskukennslu. Á yngra stigi funduðu sérkennarar með teyllum árganga eftir þörfum. Sérkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu funduðu með teyllum árganga þegar taka þurfti ákvörðun um breytingu á hópum og þegar þurfti að ræða ákveðin málefni.

Nemendaverndarráð: Deildarstjóri stoðþjónustu hélt utan um nemendaverndarfundum, boðaði þá og fylgdi eftir málefnum sem rædd voru á fundum. Nemendaverndarráðsfundir voru oftast haldnir einu sinni í viku allan veturinn. Deildarstjórar, námsráðgjafi, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri sátu alla fundina. Umsjónarkennurum var boðið að sitja fundi þegar það átti við. Ísabella hjúkrunarfræðingur var fulltrúi heilsugæslu í vetur, Björn Gauti fulltrúi sálfræðinga og Guðrún Hrefna Sverrisdóttir fulltrúi félagsþjónustu og sátu þau fundi annan mánudag í hverjum mánuði.

Teymisvinna


Fjöldmörg teymi voru mynduð í kringum nemendur og fundað þar eftir þörfum, ýmist með foreldrum, eða bara starfsfólki skólans. Sérkennarar og þroskaþjálfar voru einnig til staðar á viðtalsdögum fyrir nemendur og foreldra. Byrjað var að vinna eftir verklagi samþættrar þjónustu og eru þó nokkur mál komin í þann farveg.

Lestrarpróf


Allir nemendur skólans voru lestrarprófaðir þrisvar á skólaárinu með Lesfimiþrófum frá Miðstöð menntunar og þjónustu. Þetta eru stöðluð próf og er miðað við að nemendur lesi ákveðinn fjölda orða á mínútu, gefin eru út viðmið fyrir 1. til 7. bekk að vori. Miðað er við að ákveðinn fjöldi nemenda nái 90% viðmiðum, ákveðinn hópur nái 50% viðmiðum og 25% nemenda nái ákveðnum viðmiðum. Umsjónarkennarar prófuðu nemendur í 1. -7. bekk í september og maí. Sérkennarar skólans prófuðu nemendur í 2. - 7. bekk í janúar og lögðu einnig fyrir próf í sjónrænum orðaforða og orðleysum í 3. og 6. bekk. Niðurstöður voru birtar á Mentor, en einnig var ferillinn vistaður í skjali á Mentor, foreldrum til upplýsingar. Í október var lagt fyrir nemendur í 1. bekk Leið til læsis og var það gert í samvinnu umsjónarkennara, deildarstjóra yngra stigs og sérkennara. Niðurstöður voru

birtar foreldrum og nemendum á hæfnikorti nemandans á Mentor og framvindublað um lesferil vistað sem skrá á hæfnikorti nemandans. Hér fyrir neðan má sjá niðurstöður Lesferils og prófunar á leshraða nemenda.

Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum
Hofsstaðaskóli, maí 2024




Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum
Hofsstaðaskóli, maí 2025




Myndin að ofan er úr gögnum frá Skólagátt. Ef við berum saman árangur Hofsstaðaskóla við viðmið MMS sjáum við að í öllum árgöngum nema 6. og 7. bekk er aðeins lægra hlutfall nemenda undir lágmarksviðmiðum en landið. Skv. viðmiðum MMS eiga 40 % nemenda að vera á milli viðmiða 1 og 2, en í Hofsstaðaskóla er það svo í einum árgangi hjá okkur, lægra hlutfall í þremur, en hærra í þremur árgöngum. Á milli viðmiða 2 og 3 erum við að meðaltali með svipað hlutfall og MMS gerir ráð fyrir eða um 25% nemenda. Hjá okkur mælast allir árgangar nema tveir með hærra hlutfall yfir viðmiði 3 en á landinu. Það hlýtur að teljast eftirsóknarvert að nemendur mælist sem flestir í viðmiði 2 og 3 og er það ánægjulegt að í fimm árgöngum erum við að mælast betur eða í svipuðu hlutfalli og landið.

Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum
Hofsstaðaskóli, maí 2024



Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum
Hofsstaðaskóli, maí 2025



Myndin að ofan sýnir að nemendur í Hofsstaðaskóla eru í öllum árgöngum töluvert yfir landsmeðaltali. Ef við berum saman árangur í leshraða á milli ára þá eru talsverðar framfarir hjá öllum árgöngum. Kennarar hafa unnið mjög markvisst að lestrarþjálfun og komið með ýmsa nýbreytni til að auka áhuga nemenda á lestri. Einnig tókum við upp nýtt skráningarform varðandi heimalestur og spurning hvort þetta nýja fyrirkomulag hafi virkað hvetjandi á heimalestur og sé að skila því að nemendur taka framförum.

Einstaklingsnámskrágerð

Deildarstjóri stoðþjónustu fylgdi því eftir að þeir nemendur sem víkja verulega frá í allt að þremur námsgreinum og/eða nemendur sem eru með veruleg frávik í hegðun, fái einstaklingsnámskrá. Tíu nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá í einni eða fleiri greinum og fimm fengu einstaklingsmarkmið í „íslensku sem annað mál“. Þverfagleg samvinna var á meðal umsjónarkennara, sérkennara og þroskaþjálfva við gerð námskránna og voru þær gerðar með samþykki foreldra. Lokaskýrslur voru gerðar fyrir alla nemendur

sem hlutu sérkennslu í íslensku, stærðfræði eða Ísat kennslu, eða unnu eftir einstaklingsnámskrá.

Leiðsagnarnám og uppeldi til ábyrgðar

Í sérkennslunni var unnið að því að nemendur taki ábyrgð á námi sínu og öðlist trú á eigin getu. Að námsmenningin sé jákvæð og mistök nýtt til framfara. Nefna má nokkra þætti leiðsagnarnáms sem unnið var með í sérkennslunni; námsfélagar, endurgjöf í paravinnu, yfirstrikunarpennar, brottfarar-spjöld, sýnileg markmið kennslustundar, samantekt og ígrundun, námsveggir. Nemendur fengu tækifæri til að læra saman og ræða um námsefnið. Fengu endurgjöf þar sem skoðað var hvernig gekk? Hvað lærði ég? Hvað þarf ég að æfa betur?



Yfirlit yfir starf með hverjum árgangi

1. bekkur

Í upphafi skólaárs var Margrét Einarsdóttir aðstoðarskólastjóri með kynningarfyrirlestur fyrir foreldra nemenda í 1. bekk. Fjallað var um lestur, hlutverk skólans í lestrarkennslunni og hlutverk foreldra. Tveir sérkennarar og þroskaþjálfari unnu með árganginn í ellefu kennslustundir á viku. Tveir stuðningsfulltrúar unnu með nemendum í árganginum. Einn nemandi fékk ISAT kennslu þar sem lögð var áhersla á orðaforða og tjáningu.

Sérkennslan í íslensku fór fram í bekkjum fyrstu tvær vikurnar, þar sem sérkennari fylgdist með nemendum sem áttu í erfiðleikum. Sérkennari tók síðan hálfan bekk í einu 2x40 mín hvern hóp, þar sem unnið var með rím, atkvæði orða og hljóðgreiningu. Í október var unnið með einn sérkennsluhóp í íslensku (5x40 mín) og einn í málörvun. Eftir að *Leið til læsis* prófið var lagt fyrir í október voru hóparnir endurskoðaðir út frá niðurstöðum. Þá var unnið með þrjá íslenskuhópa 2-3x í viku og einn málörvunarhóp 2x í viku. Á haustönn var unnið með hljóð og heiti bókstafa og undirstöðupætti lesturs s.s. rím, hljóðgreiningu, heyrnrænt minni, atkvæði orða. Á vorönn voru hóparnir endurskoðaðir eftir niðurstöðu lestrarprófs í janúar og hópunum breytt eftir það. Á vorönn var áhersla lögð á bókstafi, léttan lestur, sjónrænan orðaforða og ritun. Unnið var á stöðvum með ólík verkefni í stuttum lotum, oft unnið með verkefni í tölvu eða iPad á einni stöð. Áhersla var á að hafa verkefnin fjölbreytt og skemmtileg til að viðhalda áhuga og auka úthald við vinnu.

Sérkennari lagði fyrir nemendur sem voru komnir af stað í lestri lesfímipróf í september en umsjónarkennarar sáu um að leggja fyrir prófið fyrir í janúar og maí. Stafakönnun var tekin í janúar og hjá nokkrum nemendum í maí.

2. bekkur


Tveir hópar voru í sérkennslu í íslensku í 2. bekk, einn var tvo og hálft tíma á viku en hinn tvo tíma. ISAT hópur var einn tíma á viku fyrir áramót og þrjá eftir áramót. Tveir hópar fengu sérkennslu í stærðfræði í tvo tíma á viku. Einn nemandi fékk félagsfærniþjálfun hjá þroskaþjálfara, en einnig var veitt ráðgjöf atferlisfræðings vegna nokkurra nemenda. Tveir stuðningsfulltrúar voru í 2. bekk.

Sérkennsla í 2. bekk miðaði að því að mæta nemendum þar sem þeir voru staddir í lestri. Unnið var með undirstöðupætti lesturs, bókstafi, lestrarþjálfun, lesskilning, orðaforða, sjónrænan orðaforða og ritun. Unnið var í stuttum lotum á stöðvum ólík verkefni. Oft var unnið með lestrarverkefni í tölvu eða Ipad á einni stöð. Áhersla var á að hafa verkefnin fjölbreytt og skemmtileg til að auka úthald og einbeitingu við vinnu. Stafsetningarprófið Aston Index, var lagt fyrir alla nemendur að hausti og fyrir nemendur undir viðmiði að vori.



Í ISAT kennslu var lögð áhersla á orðaforða og tjáningu. Lestrarátakið Polli sem er samstarfsverkefni foreldra og nemenda var í boði í nóvember fyrir nemendur undir viðmiði. Kynningarfundur fyrir foreldra var haldinn í upphafi lestrarátaks og afhent voru lestrargögn. Stóð verkefnið yfir í fjórar vikur.

3. bekkur



Í 3. bekk voru tveir hópar í stærðfræði tvo tíma á viku og vann annar hópurinn eftir einstaklingsnámskrá. Fjórir íslenskuhópar voru á haustönn en þrír hópar á vorönn, ýmist í tvo eða þrjá tíma á viku, alls níu stundir. Í íslensku var unnið með bókstafi, lestrarþjálfun, lesskilning, málörvun, stafsetningu og ritun. Stuðst var við hljóðaaðferð og orðakennslu. Unnið var út frá leiðbeinandi kennsluháttum meðal annars með námsfélaga og námsveggi. Unnið var með gagnvirkann lestur, lesskilningsaðferðina PALS, og KVL. Nemendur unnu yfirleitt í stuttum vinnulotum á stöðvum þar sem þeir unnu að ólíkum verkefnum. Einn nemandi fékk ÍSAT kennslu 1x40 mín á viku. Í ISAT kennslu var lögð áhersla

á orðaforða og tjáningu. Lagt var fyrir nemendur lesfímipróf í september, janúar og maí. Stafsetningarprófið Aston Index, var lagt fyrir alla nemendur að hausti og fyrir nemendur undir viðmiði að vori. Lestrarátakið Risaeðlur sem er samstarfsverkefni foreldra og

nemenda var í boði á vorönn fyrir nemendur undir viðmiði í lesfimiþrófi og stóð það yfir í fjórar vikur. Haldinn var kynningarfundur fyrir foreldra. Fjórir stuðningsfulltrúar fylgdu árganginum og tveir þroskajálfar.

4. bekkur

Tveir hópar fengu sérkennslu í íslensku, í tvo eða þrjá tíma á viku. Einn nemandi fékk ÍSAT kennslu fyrir áramót 2x40 mín á viku en svo fjölgaði um einn á vorönn.

Í íslensku var lögð áhersla á lestrarþjálfun, lesskilning, orðaforða, málrækt og stafsetningu. Nefna má nokkra þætti leiðsagnarnáms sem unnið var með í sérkennslunni; námsfélagar, endurgjöf í paravinnu, yfirstrikunarpennar, sýnileg markmið kennslustundar, samantekt og ígrundun, námsveggir. Nemendur fengu tækifæri til að læra saman og ræða um námsefnið. Í lesskilningi var unnið með gagnvirkann lestur, PALS, og KVL.

Á haustönn var nemendum undir viðmiði í lesskilningi boðið upp á lesskilningsnámskeið. Mjög góðar framfarir urðu með því að vinna á markvissan hátt með orðaforða og þjálfu aðferðir við lesskilning. Stafsetningarprófið, Aston Index, var lagt fyrir alla nemendur að hausti og fyrir nemendur undir viðmiði að vori. Lestrarátakið Höfrungalíf, sem er samstarfsverkefni foreldra og nemenda, var í boði á vorönn fyrir nemendur undir viðmiði. Foreldrar fengu sendar kynningarglærur með efninu og stóð verkefnið yfir í fjórar vikur.

LOGOS lestrargreiningarpróf var lagt fyrir sex nemendur og fengu þeir eftirfylgni og lestrarátök til að vinna heima.

Í ÍSAT kennslu var lögð áhersla á orðaforða og tjáningu.

Tveir stærðfræðihópar voru í árganginum, sem fengu ýmist tvo eða þrjá tíma á viku. Í sérkennslu í stærðfræði var lögð áhersla á að fylgja markmiðum árgangs og styðja við nemandann þar sem hann var staddur.

Tveir nemendur unnu eftir einstaklingsmarkmiðum í nokkrum námsgreinum. Einn nemandi fékk félagsfærniþjálfun hjá þroskajálfa og þroskajálfi fylgdi einnig eftir málefnum nemanda með sjónskerðingu. Námsráðgjafi kom að málum nokkurra nemenda og fylgdi þeim eftir.

5. bekkur

Í stærðfræði í 5. bekk voru tveir sérkennsluhópar þar sem námið var aðlagð að þörfum hvers og eins. Hóparnir fengu fimm kennslustundir á viku. Tveir nemendur voru með einstaklingsnámskrá í stærðfræði og unnu út frá sínum hæfniviðmiðum. Þeir tóku aðlöguð próf út frá sínum hæfniviðmiðum í litlum hóp við rólegar aðstæður.



Í íslensku voru tveir sérkennsluhópar með ýmist tvær til fjórar kennslustundir á viku. Unnið var að verkefnum árgangs, með áherslu á að vinna með lestur, lesskilning, málfræði, ritun og stafsetningu. Tveir nemendur voru með einstaklingsnámskrá í íslensku

og unnu út frá sínum hæfniviðmiðum. Þeir tóku aðlöguð próf út frá sínum hæfniviðmiðum í litlum hópi við rólegar aðstæður.

Stafsetningarprófið, Aston Index, var lagt fyrir alla nemendur að hausti og fyrir nemendur undir viðmiði að vori. Unnið var á markvissan hátt með orðaforða og að þjálfva aðferðir við lesskilning. Þegar lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir fengu nemendur með veikleika í lestri og lesskilningi að taka prófið við rólegar aðstæður, fengu lengri tíma og jafnvel upplestur. Sá háttur var hafður á með próf í öðrum námsgreinum. LOGOS lestrargreiningarpróf var lagt fyrir fjórtán nemendur og fengu þeir eftirfylgni og lestrarátak til að vinna heima. Einn nemandi fékk ÍSAT kennslu 4x40 mín og 1x60 mín. Nemandi vann út frá sínum hæfniviðmiðum þar sem áhersla var lögð á orðaforða, tjáningu og margbreytileika tungumálsins. Námsmat var út frá þeim hæfniviðmiðum sem unnið var með.

Unnið var út frá leiðbeinandi kennsluháttum þar sem námsfélagar lærðu og ræddu saman um námsefnið og fengu endurgjöf. Lögð var áhersla á lesskilning og þá unnið var með gagnvirkann lestur, lesskilningsaðferðina PALS, KVL og áhersla lögð á námstækni.



Einn nemandi fékk félagsfærniþjálfun hjá þroskaþjálfva og einn nemandi fékk stuðning í öllum aðstæðum. Auk þess fengu tveir nemendur einstaklingstíma í lestri. Fjórir stuðningsfulltrúar komu að árganginum mismikið.

6. bekkur

Tveir hópar fengu sérkennslu í íslensku í vetur ýmist í tvær eða þrjár kennslustundir á viku. Einn nemandi vann eftir einstaklingsnámskrá frá áramótum og tók próf út frá sínum hæfniviðmiðum. Í sérkennsluhópum var unnið að verkefnum árgangs, með áherslu á lestur, lesskilning, málfræði og stafsetningu. Einn nemandi fékk ÍSAT kennslu og vann samkvæmt einstaklingsmarkmiðum þar sem áhersla var lögð á orðaforða, tjáningu og margbreytileika tungumálsins. Mjög góðar framfarir urðu með því að vinna á markvissan hátt með orðaforða og aðferðir við lesskilning. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf, Aston Index var lagt fyrir alla nemendur árgangsins í ágúst og svo aftur í lok skólaárs fyrir þá sem voru undir viðmiðum. Þegar lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir fengu nemendur með veikleika í lestri og lesskilningi að taka prófið við rólegar aðstæður, fengu lengri tíma og jafnvel upplestur. Unnið var út frá leiðbeinandi kennsluháttum, námsfélaga og námsveggi. Unnið var með gagnvirkann lestur, KVL og áhersla lögð á námstækni. LOGOS lestrargreiningarpróf var lagt fyrir þrjá nemendur og fengu þeir eftirfylgni og lestrarátök til að vinna heima. Nemendur með veikleika í lestri tóku próf við rólegar aðstæður, fengu lengri tíma og upplestur.

Tveir hópar voru í sérkennslu í stærðfræði og fengu fimm kennslustundir á viku. Í stærðfræði var færnimiðað nám. Einn nemandi vann eftir einstaklingsnámskrá frá áramótum og tók aðlagð próf á vorönn.

Þrír nemendur fengu félagsfærniþjálfun hjá þroskaþjálfra og tveir stuðning í flestum aðstæðum. Námsráðgjafi og atferlisráðgjafi komu að þjálfun í félagsfærni með nokkrum nemendum og hópum. Stuðningsfulltrúar voru tveir til þrír í vetur.

7. bekkur


Í íslensku voru tveir sérkennsluhópar með ýmist tvo eða þrjá tíma á viku. Nemendur fylgdu að mestu áætlun árgangs. Áhersla var lögð á lestur, lesskilning, stafsetningu og málfræði. Tveir nemendur fengu ÍSAT kennslu. Þeir unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá og tóku próf úr frá sínum hæfniviðmiðum. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Nemendur með veikleika í lestri og lesskilningi tóku próf við rólegar aðstæður, fengu lengri tíma og upplestur. Stafsetningarprófið Aston Index, var lagt fyrir alla nemendur árgangsins í ágúst. Námskeið í lesskilningi var haldið á vorönn fyrir nemendur sem voru undir viðmiði í Orðarún. Þegar lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir fengu nemendur með veikleika í lestri og lesskilningi að taka prófið við rólegar aðstæður, fengu lengri tíma og jafnvel upplestur. Sá háttur var einnig hafður á með próf í öðrum námsgreinum. Unnið var út frá leiðbeinandi kennsluháttum, námsfélaga og námsveggi. Unnið var með gagnvirkan lestur, KVL og áhersla lögð á námstækni. LOGOS lestrargreiningarpróf var lagt fyrir fjóra nemendur og fengu þeir eftirfylgni og lestrarátak til að vinna heima.

Tveir nemendur fengu félagsfærniþjálfun hjá þroskaþjálfra og námsráðgjafa og stuðning. Skólinn var í samstarfi við Arnarskóla vegna eins nemanda sem var einn dag í Hofsstaðaskóla og fjóra í Arnarskóla.

Í stærðfræði í 7. bekk voru tveir sérkennsluhópar þar sem námið var aðlagð að þörfum hvers og eins og fengu nemendur fimm kennslustundir á viku.

Mat á starfi vetrarins

Góð samvinna var á milli allra fagaðila, deildarstjóra, umsjónarkennara, sérkennara, þroskaþjálfra, námsráðgjafa, atferlisráðgjafa og stuðningsfulltrúa. Í upphafi vetrar voru skipulagðir tímar til að ræða málefni árganga í teymi deildarstjóra, umsjónarkennara, þroskaþjálfra og stuðningsfulltrúa, til að samræma vinnubrögð og leiðir að markmiðum. Lögð var áhersla á gott samstarf við foreldra. Margir teymisfundir voru haldnir með fagaðilum með og án foreldra.



Í haust bættist heldur betur góð viðbót við mannauð Hofsstaðaskóla þegar atferlisráðgjafi var ráðinn til starf. Mjög vel tókst að byggja upp gott samstarf allra fagaðila í stuðningsteymum.

Byrjað var að innleiða samþætta þjónustu og búið að samþætta 16 mál og koma þeim í þann farveg sem farsældarlög segja til um.

Hafa þarf í huga varðandi skipulag sérkennslufunda að hafa einn lengri fund í mánuði.

Þegar skoðuð eru viðbrögð við lestrarátökum sem boðið er upp á fyrir þá nemendur sem eru undir viðmiði í lestri, þá er mikil ánægja með þau hjá þeim sem taka þátt og ósk um fleiri slík. Mjög vel var mætt á kynningarfund fyrir foreldra í 2. bekk. Hjá 3. bekk var einnig vel mætt en það þurfti að hafa mikið fyrir því að fá foreldra til að koma. Hjá 4. bekk var ekki kynningarfundur, en upplýsingaglærur sendar heim til foreldra. Þar tóku ekki margir þátt og teljum við að það þurfi að hafa kynningarfund til að fá þátttöku. Okkur langar einnig til þess að leggja lestrarátakið Polli sem lagt er fyrir 2. bekk, fyrir sem heimanám hjá nemendum sem eru komnir vel af stað í lestri og eru í 1. bekk.

Ánægja er með að hafa aðgang að spjaldtölvum í vetur fyrir nemendur, en hamlandi hversu seint gekk að fá aðgang að ýmsum forritum.



Gott væri að samvinna við talmeinafræðinga verði styrkt vegna nemenda með málþroska-röskun, t.d. með stuttum námskeiðum, eða að sérkennarar geti setið skilafundi vegna nemenda.

Vinna þarf að því með eldra stigi að unnt verði að draga úr sérkennslu-

þörf með sveigjanlegum kennsluháttum og kennsluaðlögun inni í bekk. Jafnvel væri hægt á ákveðnum tímabilum að brjóta upp sérkennslu og styðja við nemendur í aðstæðum inni í bekk.

Bergljót Vilhjálmsdóttir

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 1. BEKK

Í lok skólaárs í 1. bekk voru 53 nemendur í þremur hópum. Umsjónarkennarar voru Elín Margrét Kristinsdóttir, Hildur Helga Kristjánsdóttir og Þuríður Anna Jónsdóttir. Sérkennarar í íslensku voru Guðrún Dögg Jóhannsdóttir og Valgerður Gísladóttir. Stuðningsfulltrúar voru Helga Guðbrandsdóttir, Daniela Coelho dos Santos, Suzana Malivuk og Sigurbergur Áki Jörundsson. Proskapjálfi var Anna Laxdal.

Áherslur árgangsins

Helstu áherslur í náminu í vetur miðuðu að því að nemendur öðluðust færni í góðum vinnubrögðum, jákvæðum samskiptum og að byggja upp góð félagsleg tengsl sín á milli.

Grunnþættir í lestrarþjálfun og stærðfræði voru helstu áherslur vetrarins og þemaverkefni í samfélags- og náttúrufræði voru unnin í tengslum við þá þætti.

Kennsluhættir/leiðsagnarnám



Stuðst var við lestrarkennsluaðferðina Vörður og vegvísar og lagðir inn tveir til þrír bókstafir á viku og var allri stafainnlögn lokið í janúar. Unnið var markvisst í hringekju með þá bókstafi sem lagðir voru inn hverju sinni og vann kennarateymið saman að undirbúningi. Með hverri stafainnlögn fylgdu lestrarbækur um Omma og verkefni af vefnum 123skoli.is ásamt öðrum verkefnum og spilum frá kennurum. Eftir stafainnlögn var unnið áfram í hringekjum í íslensku og viðfangsefni hverju sinni lögð inn í tengslum við barnabækur og samfélags- og náttúrufræði var einnig samþætt. Við val á verkefnum höfðu kennarar hæfniviðmið annarinnar

að leiðarljósi. Hringekjur voru unnar þannig að öllum bekkjarhópum var blandað saman og fóru hóparnir á milli þriggja stöðva.

Unnið var eftir samræmdum viðmiðum frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og voru nemendur prófaðir í lesfimi þar sem talin voru orð á mínútu. Stærðfræðin var unnin í hverjum hóp fyrir sig. Grunnefnið Sproti 1a, Sproti 1b. Einnig voru verkefni af Twinkl, Fjölbreyttum kennsluaðferðum og öðrum vefsíðum. Reglulega voru hringekjur innan bekkjarins þar sem notuð voru spil og hlutbundin verkefni.

Smiðjur voru tvisvar sinnum í viku. Námsgreinar í smiðjum voru eftirfarandi: Smíði, textílmennt, heimilisfræði, leikur að læra, myndmennt, UT/forritun, vináttuþjálfun og sund.


Kennarar unnu að því að kynna nokkra þætti leiðsagnarnáms fyrir nemendum í vetur. Námsveggir í stærðfræði, íslensku og samfélags- og náttúrufræði voru settir upp í stofum í tengslum við viðfangsefni hverju sinni. Notuð var aðferðin engar hendur upp. Nemendur æfðu sig í að vera námsfélagar. Hæfni- og árangursviðmið voru kynnt fyrir nemendum og unnið með fjölbreytta endurgjöf og æfðu nemendur sig í að nota sjálfsmat.

Þemaverkefni

Þemaverkefni voru unnin í samfélags- og náttúrugreinum í tengslum við íslensku. Notast var við námsefnið Halló heimur 1. Að hausti var unnið með umferðina og lífsleikni. Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna var kynntur fyrir nemendum. Á vorönn var sett meiri áhersla á samfélags og náttúrufræði. Unnið var með tröll og álfa og ítarlega unnið með líkamann þar sem nemendur gerðu fjölmörg verkefni sem voru sett saman í bók um líkamann. Einnig var unnið með húsdýrin. Í lok skólaársins var unnið með plöntur.

Uppeldi til ábyrgðar

Í lífsleikni var stuðst við stefnuna Uppeldi til ábyrgðar og lögð aðaláhersla á virðingu og vináttu í 1. bekk. Unnið var með „mitt og þitt hlutverk“ og að skapa uppbyggjandi aðstæður. Nemendur æfðu sig í að hver og einn ber ábyrgð á sinni hegðun og að þeir geti alltaf valið að standa sig betur næst. Unnið var að því að byggja upp góða heild innan árgangsins og jákvæð samskipti höfð að leiðarljósi. Áhersla var lögð á vaxandi hugarfar og lífsleikni. Stuðst var við hugmyndir og verkefni úr Verkfærakistu KVAN og bókinni um Tíslu.



Upplýsinga- og tæknimennt.

Allir nemendur í árganginum höfðu spjaldtölvu til umráða. Notuð voru ýmis öpp m.a. í íslensku og stærðfræði. Nemendur fóru í forritun og þrautalausnir í smíðjum þar sem unnið var m.a. með forritin Box Island og Osmo. Farið var yfir netöryggi og fótspor nemenda á netinu.

Þróunarstarf og nýbreytni

Haldið var áfram að þróa verkefni um nemendastýrð samtöl. Kennarar glæddu áhuga nemenda á viðfangsefnum með QR kóða verkefnum í spjaldtölvum. Til dæmis í íslensku, stærðfræði og náttúru- og samfélagsfræði.

Námsmat

Allt námsmat var birt í námsframvindu í Mentor. Í október var lagt fyrir lesskimunarprófið Leið til læsis. Út frá niðurstöðunum var metið hvaða nemendur þyrftu snemmtæka íhlutun. Unnið var með þá í litlum hópum hjá sérkennara. Samkvæmt lestrarstefnu skólans voru allir nemendur lestrarprófaðir í Lesfimi í janúar og maí.

Í íslensku og stærðfræði voru lagðar fyrir kannanir í janúar og maí og niðurstöður þeirra birtar í Mentor. Í skrift voru verkefni og sögugerð notuð við námsmat að vori.

Í náttúru- og samfélagsgreinum voru stuttar kannanir notaðar til að meta þá þætti sem unnið var með úr bókinni Halló heimur 1. Skólafærni var metin í desember og endurmetin í maí.

Vettvangsferðir og viðburðir

Í október var farið í heimsókn í tónlistarskólann í Garðabæ þar sem nemendum var boðið á jass tónleikana Dýravisur. Í desember var okkur boðið á jólasýningu hjá Leikfélagi FG, Verðandi. Í tilefni af Barnamenningarhátíð í Garðabæ fór 1. bekkur á Klapp stapp á Garðatorgi. Vinaleikskólarnir Lundaból, Hæðarból og Akkrar voru heimsóttir. Vorferð var farin í Guðmundarlund.

Viðburðir og félagslíf

Í kringum hrekkjavöku voru stofur ásamt sameiginlegu svæði fyrir framan þær mikið skreyttar og nemendur og starfsfólk mætti í búningum. Í kringum jólin var sett upp jólaland á ganginum. 100 daga hátíð var haldin í byrjun febrúar þar sem m.a. var farið í skróðgöngu um skólann. Allir nemendur mættu í náttfötum, fengu 100 góðgæti í poka og unnin voru ýmis verkefni þar sem talan 100 kom við sögu. Bekkjarfulltrúar stóðu fyrir pálínuboði á Bleika deginum í október. Foreldrar heimsóttu nemendur í stofurnar þeirra og áttu góða stund saman. 1. HHK var með bekkjarkvöld í maí.

Annað

Starfið í 1. bekk gekk vel í heild og þá sérstaklega hringekjuskipulag í íslensku og vel gekk að blanda nemendum þvert á árganginn. Með því fá nemendur tækifæri til að kynnst hvert öðru og öllum kennurum árgangsins betur. Spjaldtölvur voru afhentar nemendum mjög seint. Einn hópur í UT/forritun smiðju missti til að mynda alveg af því að geta notað spjaldtölvur. Einnig voru forrit sem hefði verið hægt að nýta vel í kennslu komin mjög seint inn á spjaldtölvurnar. Kennarar voru ánægðir með stærð nemendahópa.

Elín Margrét Kristinsdóttir, Hildur Helga Kristjánsdóttir og Þuríður Anna Jónsdóttir



SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 2. BEKK

Í lok skólaárs í 2. bekk voru 64 nemendur í fjórum hópum. Umsjónarkennarar voru Anna Björg Haukdal, Bryndís Stefánsdóttir, Ingibjörg Sigfúsdóttir og Ósk Guðmundsdóttir. Sérkennarar voru Guðrún Dögg Jóhannsdóttir og Erla Guðný Gylfadóttir. Þroskaþjálfari var Ragnhildur Sigurðardóttir. Stuðningsfulltrúar voru Erla Guðmundsdóttir og Inese Piraga-Berjoza.

Helstu áherslur árgangsins

Helstu áherslur í náminu í vetur miðuðu að því að nemendur öðluðust færni í góðum vinnubrögðum, jákvæðum samskiptum og að byggja upp góð félagsleg tengsl sín á milli. Vaxandi hugarfar og uppeldi til ábyrgðar var haft að leiðarljósi og börnin fengu leiðsögn í að leysa ágreining á uppbyggilegan hátt. Grunnþættir í lestrarþjálfun og stærðfræði voru helstu áherslur vetrarins og þemaverkefni í samfélags- og náttúrufræði voru unnin í tengslum við þá þætti. Grunnþættir í íslensku og stærðfræði voru helstu áherslur vetrarins. Íslenska var samþætt við samfélags- og náttúrufræðigreinar og einnig voru barnabækur notaðar til innlagnar. Unnið var í hringekjum í íslensku allan veturinn, þar sem allir nemendur árgangsins blönduðust. Í stærðfræði var einnig notast við hringekjur innan bekkja. Unnið var að því að nemendur öðluðust færni í góðum vinnubrögðum, jákvæðum samskiptum og að byggja upp góð félagsleg tengsl sín á milli. Vaxandi hugarfar, Uppeldi til ábyrgðar, Verkfærakista KVAN og Vináttuverkefnið Blær var haft að leiðarljósi og börnin fengu leiðsögn í að leysa ágreining á uppbyggilegan hátt.



Uppeldi til ábyrgðar

Unnið var að því að byggja upp góða heild innan árgangsins og jákvæð samskipti höfð að leiðarljósi. Gerð voru góð skil á hlutverki nemenda og hlutverki kennara. Áhersla var lögð á vaxandi hugarfar og lífsleikni. Notast var við aðferðir uppbyggingarstefnunnar við að leysa úr þeim ágreiningsefnum sem upp komu. Stuðst var við hugmyndir og verkefni úr Verkfærakistu KVAN.

Þróunarstarf og nýbreytni

Lífsleikni var samþætt íslensku seinni hluta vetrar en þá var ein stöð í íslensku hringekju lífsleikni stöð. Þar var m.a. stuðst við spjöld með klípusögum og vinanudd sem fylgja vináttuverkefninu Blæ. Kennarar útbjuggu veggspjöld vikulega með jákvæðum skilaboðum og heilræðum sem hengd voru upp í á ganginum sem árgangurinn hafði til umráða. Árgangurinn notaði nýtt efni, Halló heimur í samfélags- og náttúrufræði við kennslu í þessum greinum.

Kennsluhættir/leiðsagnarnám

Kennsluhættir voru fjölbreyttir þar sem miðað var við að námið væri bóklegt, hlutbundið og leiðbeinandi. Í árganginum var lögð áhersla á teymisvinnu. Íslenska var samþætt við samfélags- og náttúrufræðigreinar. Við undirbúning unnu kennarar saman í teymi til að undirbúa hringekjurnar.

Íslenska var samþætt samfélags- og náttúrugreinum og voru barnabækur einnig notaðar við innlagnir. Lögð var áhersla á að skapa góða námsmenningu, að efla vinnusemi, vinnufrið og vináttu.

Unnið var eftir Lesferli frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og voru nemendur prófaðir í raddlestri þar sem talin voru orð á mínútu.

Smiðjur voru tvisvar sinnum í viku. Námsgreinar í smiðjum voru eftirfarandi: smíði, textílmenn, heimilisfræði, myndmenn, forritun og þrautalausnir, spil og leikir, enska, skák og Hugafrelsi. Unnið var í hringekjum allan veturinn.

Kennarar unnu að því að kynna nokkra þætti leiðsagnarnáms fyrir nemendum í vetur. Námsveggir í stærðfræði, íslensku og samfélags- og náttúrufræði voru settir upp í stofum í tengslum við viðfangsefni hverju sinni. Nemendur æfðu sig í að vera námsfélagar. Árangursviðmið voru kynnt fyrir nemendum og unnið með fjölbreytta endurgjöf og æfðu nemendur sig í að nota sjálfsmat. Kennarar eru sammála um að vel hafi til tekist með leiðsagnarnámið í vetur og hafa áætlanir um að byggja ofan á þennan grunn sem kominn er.

Þemaverkefni

Í árganginum voru unnin nokkur þemaverkefni þar sem íslenska var m.a. samþætt náttúru- og samfélagsgreinum. Þemaverkefni sem unnin voru; borgir í Evrópu, fuglar, víkingar, trú landnámsmanna, Palli var einn í heiminum og risaeðlur. Nemendur voru hvattir til að sýna frumkvæði og leggja sitt af mörkum til hugmynda- og verkefnavinnu. Mikið var lagt upp úr því að verkefni væru fjölbreytt og að þau höfðu til nemenda.

Námsmat

Allt námsmat var birt í námsframvindu í Mentor. Samkvæmt lestrarstefnu skólans voru allir nemendur lestrarprófaðir í Lesfimi í september, janúar og maí. Út frá niðurstöðunum var metið hvaða nemendur þyrftu snemmtæka íhlutun og unnið var með þá í litlum

hópum hjá sérkennara. Í íslensku og stærðfræði voru lagðar fyrir kannanir í janúar og maí og niðurstöður þeirra birtar í Mentor. Í skrift voru verkefni og sögugerð notuð við námsmat að vori. Í náttúru- og samfélagsgreinum voru stuttar kannanir notaðar til að meta þá þætti sem unnið var með úr bókinni Halló heimur 2. Skólafærni var metin í desember og endurmetin í maí. Heimalestur var metin mánaðarlega í námsframvindu yfir veturinn.

Upplýsinga- og tæknimennt.

Allir nemendur í árganginum höfðu spjaldtölvur til umráða. Notuð voru ýmis öpp m.a. í íslensku og stærðfræði. Nemendur fóru í forritun og þrautalausnir í smiðjum þar sem unnið var m.a. með forritin Beebot og Coding Awbee í Osmo. Farið var yfir netöryggi og fótspor nemenda á netinu.

Vettvangsferðir

Í október var farið í heimsókn í tónlistarskólann í Garðabæ þar sem nemendum var boðið á sýninguna Jasshrekur. Leikfélagið Verðandi í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ buðu á jólasýningu í desember. Foreldra kaffi var í desember. Vorferð var farin í Guðmundarlund. Bókasafn Garðabæjar bauð árganginum á bókasafnið og kynnti sumarlestur

Viðburðir og félagslíf

Í kringum hrekkjavöku voru stofur og gangur skreyttur og nemendur og starfsfólk mætti í búningum. Fengum leiksýninguna og forvarnarverkefnið Krakkarnir í hverfinu, en það eru leikþættir þar sem brúður eru notaðar til að fræða börnin um ofbeldi og mikilvægi þess að börn segi frá ef þau hafa upplifað eða orðið vitni að ofbeldi. Bekkjarhittingar voru í flestum bekkjum með foreldrum og nemendum.

Mat á starfi vetrarins

Hringekjuskipulagið gekk vel og teljum við góðan ávinning að blanda nemendum þvert á árganginn. Með því fá nemendur tækifæri til að kynnast hvert öðru, styrkja félagsleg tengsl sín á milli og kynnast öllum kennurum árgangsins betur.

Vel kom út að hver nemandi fékk sína eigin spjaldtölvu og þannig var hægt að samtvinna notkunina betur við kennsluna. Kennarar eru sammála um að vel hafi tekist til að ná jákvæðum bekkjarbrag þvert á árganginn og leika nemendur mikið saman í frímínútum innan hans og blandast vel.

Anna Björg Haukdal, Bryndís Stefánsdóttir, Ingibjörg Sigfúsdóttir
og Ósk Guðmundsdóttir

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 3. BEKK

Í árganginum voru 69 nemendur. Kennarar voru Bryndís Svarsdóttir, Dagný Fjóla Ómarsdóttir, Margrét Ragnarsdóttir og Ragna Jóhannsdóttir. Margrét tók við af Hafrúnu Lilju Elíasdóttur þegar hún fór í fæðingarorlof í nóvember. Stuðningsfulltrúar voru Freyja Sævarsdóttir, Laufey Rán Svavarsdóttir, Rakel Ýr Fjölnisdóttir og Salka Ármannsdóttir. Sérkennarar voru Guðrún Dögg Jóhannsdóttir, Ólöf Harpa Gunnarsdóttir og nýbúakennslu sá Valgerður Gísladóttir um. Proskapjálfar voru Anna Laxdal og Ragnhildur Sigurðardóttir.

Helstu áherslur árgangsins

Hópurinn samanstóð af fjórum bekkjardeildum. Lögð var áhersla á vaxandi hugarfar og styðjandi námsumhverfi. Unnið var með jákvæð samskipti og virðingu. Mikil áhersla var lögð á fjölbreytta kennsluhætti, sjálfstæð vinnubrögð og skapandi vinnu af ýmsum toga.

Kennsluhættir / leiðsagnarnám

Áhersla voru lögð á námsfélaga og námsveggi. Kennarar leituðust við að hafa kennsluhætti fjölbreytta og lögð var áhersla á að hafa hlutbundin verkefni í öllum námsgreinum. Aðferðir leiðsagnarnáms voru notaðar með markvissum hætti. Við undirbúning unnu kennarar saman í teymi og hittust reglulega til að undirbúa kennslu. Hringekja var tvisvar sinnum í viku og þar var lögð áhersla á að brjóta upp bóklegt nám með hlutbundinni vinnu.



Þemaverkefni

Í samfélags- og náttúrugreinum voru unnin þemaverkefni og voru nemendur mjög áhugasamir. Risaeðluverkefni var unnið á haustönn þar sem lögð var áhersla á samvinnu og sköpun nemenda. Nemendur unnu ýmis verkefni bæði tengd íslensku og stærðfræði. Á vorönn var unnið með himingeiminn þar sem nemendur söfnuðu upplýsingum um reikistjörnurnar, unnu verkefni tengt námsefninu. Undir vorið var unnið með húsdýrin, í námsheftum og ýmsu fræðsluefni. Að vori var unnið verkefni um plöntur þar sem nemendur skoðuðu plöntur í nágrenni skólans. Í þessum verkefnum unnu námsfélagar saman og öfluðu sér upplýsinga á neti og í bókum.



Uppeldi til ábyrgðar

Í vetur var stuðst við aðferðir Uppeldis til ábyrgðar í daglegu skólastarfi. Lögð var áhersla á að nemendur tækju ábyrgð á eigin hegðun. Unnið var með hugtakið afleiðing og rætt við þá um að öll hegðun hefur afleiðingu í för með sér. Einnig var mikil áhersla lögð á orðspor og þeirra ábyrgð á sínu orðspori. Í öllum bekkjum var gerður bekkjarsáttmáli og lögð áhersla á að farið væri eftir honum.

Upplýsinga- og tæknimennt.

Allir nemendur fengu sína eigin spjaldtölvu. Unnið var í þeim bæði í smíðjum og hinum ýmsu kennslutímum. Unnið var í forritum eins og Evolytes, Code spark og kennsluöppum í stærðfræði og íslensku.

Þróunarstarf og nýbreytni.

Lagður var grunnur að innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.



Námsmat

Allt námsmat var birt í Mentor. Samkvæmt lestrarstefnu skólans voru allir nemendur lestrarprófaðir í Lesfimi í september, janúar og maí. Nemendur sem ekki náðu viðmiðum voru prófaðir oft og í kjölfarið var þeim raðað í stuðningshópa.

Í íslensku var lagt fyrir lesskilningsprófið Orðarún að hausti og að vori. Einnig voru miðsvetrar- og vorpróf í íslensku þar sem prófuð voru atriði skv. námsmarkmiðum í Mentor. Sprotapróf Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu voru notuð í námsmati í janúar og maí. Færni nemanda í ensku var metin með lokaprófi að vori. Skólafærni var metin í janúar og endurmetin í maí. Námsfni og námsmat var aðlagð þeim nemendum sem voru með einstaklingsnámsskrá. Það var gert í samráði við sérkennara.

Vettvangsferðir og viðburðir.

Farið var á jólatónleika í Tónlistarskóla Garðabæjar í desember og Hönnunarsafnið heimsótt í apríl. Í maí var farið í vorferð að Hvaleyrarvatni.

Allir bekkirnir fóru saman í ljósagöngu og einnig var haldinn „jólamorgunn“ einn föstudag í desember. Spiluð voru jólalög, fönðrað og haldið Pálínuboð. Bekkirnir æfðu atriði og sýndu á sal. Einn bekkur bauð foreldrum á bekkjarkvöld þar sem atriðin voru sýnd.

Annað

Nemendur hafa tekið góðum framförum og þá sérstaklega í lestrinum. Heimalestrinum var vel sinnt á þessu skólaári sem skilaði sér í aukinni lestrarfærni.

Bryndís Svardsdóttir, Dagný Fjóra Ómarsdóttir, Margrét Ragnarsdóttir og
Ragna Jóhannsdóttir

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 4. BEKK

Skólaárið 2024 - 2025 voru 59 nemendur í 4. bekk í þremur bekkjum. Umsjónarkennarar voru Ágústa Kr. Steinarsdóttir, Jónína Edda Sævarsdóttir og Sigurlaug J. Stefánsdóttir. Sérkennarar árgangsins voru Guðrún Dögg Jóhannsdóttir og Erla Guðný Gylfadóttir. Valgerður Gísladóttir var ÍSAT kennari árgangsins. Þroskaþjálfari var Anna Laxdal. Stuðningsfulltrúar voru Alexis Anansa Glasgow, Sigurgeir Smári Stephensen, Sigurbergur Áki Jörundsson og Gissur Hrafn Gíslason.

Helstu áherslur árgangsins í námi og starfi

Helstu áherslur í náminu í vetur miðuðu að því að nemendur öðluðust færni í góðum vinnubrögðum og samskiptum. Einnig var vaxandi hugarfar og uppeldi til ábyrgðar haft að leiðarljósi í starfi. Áhersla var lögð á að efla sjálfstæði í vinnubrögðum, samvinnuhæfni og vandvirkni.

Kennsluhættir/leiðsagnarnám

Notast var við leiðbeinandi kennsluhætti þar sem nemendur fengu sýnileg markmið og áherslur voru skýrar. Notaðir voru námsveggir þar sem amboð og vegvísar voru sýnilegir nemendum og tengdir vinnu þeirra. Notast var við vikuáætlanir fyrir nemendur og þeir því þjálfaðir í að skipuleggja nám sitt og bera ábyrgð á því. Nemendur unnu einstaklingslega og voru einnig hvattir til þess að vera námsfélagar. Námsgreinar voru samþættar og samstarf í árganginum var gott. Nemendastýrð foreldrasamtöl voru annað árið í röð og gengu þau vel.

Þemaverkefni

Þemaverkefni vetrarins voru: Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti, Komdu og skoðaðu eldgos, Herra mennirnir, Trúarbragðafræði, Vefurinn hennar Karlottu, Litla upplestrarkeppnin ásamt vorþema um tré.

Uppeldi til ábyrgðar

Í vetur var stuðst við aðferðir Uppeldis til ábyrgðar í daglegu skólastarfi. Lögð var áhersla á að nemendur tækju ábyrgð á eigin hegðun og gerðu sér grein fyrir hvaða áhrif þeirra framkoma hefur á aðra og að hver og einn þurfi að passa upp á sitt orðspor. Í öllum bekkjum var m.a. gerður bekkjarsáttmáli og lögð áhersla á að farið væri eftir honum.

Upplýsinga- og tæknimennt

Allur árgangurinn fékk afnot af Chromebook vélum. Nemendur fengu fræðslu um netöryggi hjá Netöryggisskólanum. Fingrasetning var þjálfuð í smiðjum og unnið var með nokkur forrit þar sem nemendur þurftu að vinna sig í gegnum hin ýmsu forrit.

Þróunarstarf og nýbreytni

Samskiptasáttmáli Garðabæjar var kynntur nemendum og unnið með hann í tengslum við lífsleikni. Alexía Rut, námsráðgjafi, Arnheiður Ösp, deildarstjóri og Ölrún, umsjónarkennari, mættu eina kvöldstund ásamt umsjónarkennurum 4. bekkjar og kynntu sáttmálann fyrir foreldrum og komu af stað umræðum og fengu foreldra til að vinna hin ýmsu verkefni tengd honum. Fundurinn féll í góðan jarðveg sem verður vonandi til þess að samstarf á milli foreldra og skóla verði sem farsælast.

Námsmat

Allt námsmat var birt í Mentor. Í íslensku var lagt fyrir lesskilningsprófið Orðarún að hausti og að vori. Einnig voru miðsvetrar- og vorpróf í íslensku þar sem prófuð voru atriði skv. námsmarkmiðum í Mentor. Samkvæmt lestrarstefnu skólans voru allir nemendur lestrarprófaðir í Lesfimi í september, janúar og maí. Nemendum sem ekki náðu viðmiðum var í kjölfarið raðað í stuðningshópa. Í skrift og ritun voru lögð fyrir ritunarverkefni að vori. Í stærðfræði voru lögð fyrir próf sem fylgja námsefninu Sproti 4a og 4b. Færni nemanda í ensku var metin að vori. Skólafærni var metin í janúar og endurmetin í maí. Námsefni og námsmat var aðlagð þeim nemendum sem voru með einstaklingsnámsskrá. Það var gert í samráði við sérkennara.



Vettvangsferðir/útikennsla

Á haustönn var farið í gróðursetningarferð í Guðmundarlund í landi Skógræktar Garðabæjar. Farið var í gönguferðir þar sem nærumhverfi skólans var skoðað. Hönnunarsafn Íslands var heimsótt þar sem nemendur fengu fræðslu um hönnun á fatnaði í tengslum við Barnamenningarhátíð. Vorferð var farin í Byggðasafnið að Görðum á Akranesi.

Viðburðir og félagslíf

Allir náðu að halda bekkjarkvöld/samverustund á skólaárinu. Í kringum hrekkjavöku var mikið skreytt og mættu nemendur og starfsfólk í búningum. Í maí var haldin upplestrarhátíð tengd Litlu upplestrarkeppninni. Hver bekkur var með sína eigin sýningu og mikil vinna var lögð í æfingar sem skiluðu sér í þremur vel heppnuðum sýningum. Nokkrir nemendur spiluðu á hljóðfæri. Foreldrum var boðið og haldið var Pálínuboð í kjölfarið. Þetta var notaleg samvera með nemendum og foreldrum.

Allir bekkirnir unnu að Litlu upplestrarhátíðinni sem er uppskeruhátíð í lestri. Hún kemur á undan Stóru upplestrarhátíðinni í 7. bekk. Nemendur æfðu markvisst upplestur, mismunandi blæbrigði og tjáningu. Þau æfðu paralestur og lestur í hópum og talkóra. Í lok verkefnisins var haldin vegleg hátíð þar sem foreldrum var boðið að koma og hlusta á nemendur. Nokkrir nemendur sýndu einnig hæfileika sína á ýmsum öðrum sviðum s.s. í hljóðfæraleik.

Mat á starfi vetrarins

Eins og áður hefur komið fram hefur samstarf kennara gengið vel. Einnig gekk vel að halda góðum félagslegum tengslum nemenda innan árgangsins og við foreldra. Endurskoðaða mætti námsmat og aðlaga að breyttum vinnubrögðum. Mikill skortur er á hentugu námsefni í íslensku fyrir 4. bekk.

Ágústa Kr. Steinarsdóttir, Jónína Edda Sævarsdóttir og Sigurlaug J. Stefánsdóttir



SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 5. BEKK

Nemendur í 5. bekk voru alls 82 í fjórum umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Anna Magnea Harðardóttir, Anna Þóra Jónsdóttir, Högni Grétar Kristjánsson/Hrafnhildur Sigurðardóttir (fyrir áramót) og Melissa Haire. Sérkennsla var í íslensku og um hana sáu Ólöf Harpa Gunnarsdóttir og Erla Guðný Gylfadóttir. Um stærðfræðikennsluna sáu: Anna Magnea Harðardóttir, Anna Þóra Jónsdóttir, Högni Grétar Kristjánsson/Hrafnhildur Sigurðardóttir (fyrir áramót), Melissa Haire, Erla Guðný Gylfadóttir og Ólöf Harpa Gunnarsdóttir. Stuðningsfulltrúar árgangsins voru Elín Sigurðardóttir, Adolf Daði Birgisson, Daniela Coelho og Gissur Hrafn Gíslason.

Helstu áherslur árgangsins

Nokkur viðbrigði eru fyrir nemendur að færast í eldri deild, áherslur breytast og viðfangsefni þyngjast. Áhersla var lögð á fjölbreytta kennsluhætti, margvísleg og sjálfstæð vinnubrögð og skapandi vinnu af ýmsum toga. Leitast var við að þjálfar nemendur í vinnubrögðum sem henta í vinnu eldri bekkja og að skipuleggja vinnu sína og auka sjálfstæði nemenda við vinnu enn frekar. Töluvert var unnið af verkefnum þar sem upplýsingatækni var nýtt í Chromebook-tölvum.



Jafnframt var áhersla lögð á að vinna með hugarkort og orðaforða. Unnið var töluvert í því að bæta ritun nemenda og voru fjölbreytt ritunarverkefni unnin; sögur, ritgerðir, útdrættir, endursagnir o.fl. Áhersla var á að bæta lestrarhraða með mínútulestri og lesskilning með ýmsum verkefnum.

Uppeldi til ábyrgðar

Í upphafi skólaárs voru línurnar lagðar með bekkjarsáttmála sem gerðir voru í hverjum bekk. Farið var í mitt og þitt hlutverk, hvað var gott við bekkinn og hvað mætti laga.

Haldnir voru bekkjarfundir öðru hverju um hin ýmsu málefni eins og einelti, netvarnir, siðareglur, forvarnir og samskipti almennt.

Kennsluhættir/leiðsagnarnám

Umsjónarkennari sá um kennslu í sínum bekk eins og venja er. Árganginum var skipt í sex hópa í smíðjum. Auk hefðbundinna list- og verkgreina var þar kennt sund, félagsfærni og dýraríki Íslands. Kennnt var í lotum yfir árið í samfélagsgreinum og náttúrufræði sem gaf aukna möguleika á fjölbreyttari og skapandi verkefnum sem



kröfðust rýmri tíma. Unnin voru margs konar verkefni í þessum greinum og nokkuð var um hópavinnu. Stærðfræði var kennd í sex færnimiðuðum hópum þar sem vinnuhraði og áherslur tóku mið af stöðu hópsins. Almennt voru kennsluhættir fjölbreyttir og unnin verkefni af ýmsum toga, skapandi verkefni, verkefni þar sem notast var við upplýsingatækni, samvinnu- og hópverkefni, verkefni þar sem nemendur fengu þjálfun í framsögn o.fl.

Þemaverkefni



Í árganginum var unnið með þemaverkefni í Landnáminu – víkingaöld og um Ísland - hér búum við. Einnig var unnið með bækurnar Öðruvísi fjölskylda og Benjamín dúfa í fjölbreyttu og samþættu íslenskupema. Nemendur voru áhugasamir sem gerði allt skólastarf ríkara þar sem þemaverkefni eru fjölbreytt og skapandi.

Námsmat

Námsmat var nokkuð fjölbreytt og mismunandi eftir námsgreinum. Í samfélagsgreinum, náttúrugreinum, bókmenntum, ljóðum og ensku var námsmat samsett úr mörgum mismunandi þáttum yfir veturinn; hópavinnu, vinnubókum, sjálfsmati, jafningjamati, verkefnamöppum, tímaverkefnum og prófum. Nemendur tóku kannanir og próf á mismunandi hátt, m.a. skriflega, munnlega og í tölvu. Námsmat í stærðfræði byggðist á fjórum könnunum þar sem tveir kaflar voru teknir saman. Nemendur fengu leiðsagnarmat sem var fært á hæfnikort nemenda í Mentor. Í málfræði var heildstætt próf í lok hvorrar annar. Í stafsetningu og Orðarún (lesskilningur) var stöðumat í janúar og maí. Staða í lesfimi var metin jafnt og þétt yfir veturinn. Stöðluð lesfimiþróf Miðstöð menntunar og skólaþjónustu voru lögð fyrir og viðmiðin voru orð á mínútu. Lesferill nemenda var síðan settur inn á Mentor í námsmöppur.

Upplýsinga- og tæknimennt

Unnið var með upplýsinga- og tæknimennt þvert á greinar þegar við átti. Nemendur voru þjálfðir í Google umhverfinu. Einnig voru þeir þjálfðir í notkun á mentor og farið yfir netöryggi.

Þróunarstarf og nýbreytni

Í ár festum við í sessi nemendastýrðu foreldrasamtöl þar sem nemendur undirbjuggu sig í skólanum með aðstoð kennara og stýrðu svo sjálf foreldrasamtölunum. Þessi viðtöl gengu vel og eru komin til að vera. Í árganginum var áhersla lögð á að byggja upp sjálfstæði nemenda og leikni í samvinnu og farið í lífsleikninámsefni frá KVAN. Haldið var áfram með þróunarverkefnið um Leiðsagnarnám en það er námsmenning þar sem nemendur og

kennarar hafa vaxandi hugarfar. Nemendur unnu ýmis verkefni í tölvum í tengslum við samfélags og náttúrufræði og kynntu fyrir bekknum.

Vettvangsferðir

Fyrsta ferð árgangsins var heimsókn á Þjóðminjasafnið í tengslum við námsbókina Víkingaöld og Hólmasól í háska. Farið var á sýninguna; Orri óstöðvandi í Þjóðleikhúsinu og til móts við Gunnar Helgason í ritsmiðju á Barnamenningardögum á Bókasafni Garðabæjar. Þá buðu nemendur úr leiklistarvali í Flataskóla nemendum á sýningu á söngleiknum Annie.

Á vordögum var farið á Vífilstaðavatn þar sem farið var í Survior- leik. Farið var í hina hefðbundnu vorferð á Þingvelli, þar sem við fræðst m.a. sögu staðarins. Að lokinni Þingvallagöngu var ekið á Selfoss og farið í sund. Þá var útilega í bæ á dagskrá en hún féll niður vegna veðurs og bíður betri tíma. Í stað þess var skemmtilega hringekja þvert á bekkinn í skóla.

Viðburðir og félagslíf

Salarsýningar í vetur voru ekki eins markvissar og verið hefur undanfarin ár. Nemendur undirbyggðu þó atriði í tónmennt og sýndu á vordögum. Góðir gestir á vegum List fyrir allar, komu í heimsókn og kenndu nemendum að berja múrbala og sýndu krakkarnir flotta takta við trumbusláttinn.



Lífsleikni og bekkjarfundir

Haldnir voru bekkjarfundir nokkrum sinnum yfir skólaárið. Auk þess voru unnin verkefni úr verkfærakistu KVAN. Rætt var um einelti, jafnrétti, skólareglur, bekkjaranda, frímínútur, samskipti og Barnasáttmálann. Nemendur unnu persónulegan áhugasviðsból.

Mat á starfi vetrarins

Fyrstu mánuðir skólaársins fóru í að kynnst nemendum og fyrir þá að aðlagast nýjum áherslum. Nemendur þroskuðust og tóku góðum framförum í leik og starfi. Viðfangsefni vetrarins sem standa upp úr eru ýmis skapandi samvinnuverkefni og heildstæð verkefni í íslensku og samfélagsgreinum.

Anna Magnea Harðardóttir, Anna Þóra Jónsdóttir, Högni Grétar Kristjánsson og Melissa Haire.

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 6. BEKK



Nemendur í 6. bekk voru 75 í lok skólaársins. Þeir voru í fjórum umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Halldóra Björk Sigurðardóttir, Stella Rut Axelsdóttir fram í nóvember en þá tók Helgi Snær Agnarsson við af henni, Stella Hjaltadóttir og Ölrún Marðardóttir.

Sérkennsluhópar voru í íslensku og um þá sáu Valgerður Gísladóttir og Erla Guðný Gylfadóttir. Umsjónarkennarar sáu um stærðfræðikennslu ásamt Valgerði og Erlu. Stuðningsfulltrúar árgangsins voru Emil Thor Ingvarsson, Salka Ármannsdóttir, Sigurbergur Áki Jörundsson og Stefán Orri Hákonarson. Anna Laxdal og Ragnhildur Sigurðardóttir þroskaþjálfar komu einnig að einstaka nemendum.

Áherslur árgangsins

Áhersla var lögð á fjölbreytta kennsluhætti, margvísleg vinnubrögð og skapandi vinnu af ýmsum toga. Leitast var við að þjálfa nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og skipuleggja vinnu sína. Töluvert var unnið af verkefnum þar sem upplýsingatækni var nýtt. Unnið var markvisst að því að bæta lestrarhraða og þjálfa lesskilning. Þá var unnið markvisst með hópefli, samvinnu og bætt samskipti í samstarfi við námsráðgjafa, atferliráðgjafa og KVAN.



Kennsluhættir/leiðsagnarnám

Umsjónarkennari sá um kennslu í sínum bekk eins og venja er. Árganginum var skipt í sex hópa í smiðjum. Auk hefðbundinna list- og verkgreina var þar kennd myndbandavinnsla, fræðsla á bókasafni og sund. Kennt var í lotum yfir árið í samfélagsgreinum og náttúrufræði sem gaf aukna möguleika á fjölbreyttari og skapandi verkefnum sem kröfðust rýmri tíma. Unnin voru margs konar verkefni í þessum greinum og töluvert var um hópavinnu. Stærðfræði var kennd í sex færnimiðuðum hópum þar sem vinnuhraði og áherslur tóku mið af stöðu hópsins. Almennt voru kennsluhættir fjölbreyttir og unnin verkefni af ýmsum toga, skapandi verkefni, verkefni þar sem notast var við upplýsingatækni, samvinnu- og hópverkefni auk verkefna þar sem nemendur fengu þjálfun í framsögn. Í upphafi skólaárs voru línurnar lagðar með bekkjarsáttmála sem gerðir voru í hverjum bekk. Farið var í mitt og þitt hlutverk, hvað var gott við bekkinn og hvað mætti laga. Unnið var með leiðsagnarnám var áfram. Áherslur voru á árangursviðmið, námsveggi, endurgjöf, námsfélaga og spurningatækni, fyrirmyndarverkefni voru notuð og hæfniviðmið sýnileg.

Þemaverkefni



Nemendur lásu sameiginlega tvær bækur, eina á önn, bækurnar Fólkið í blokkinni og Draugaslóð. Um er að ræða heildstætt íslenskuverkefni þar sem hefðbundið efni í íslensku er lagt til hliðar og einungis unnið með þessar bækur í u.þ.b. 4 vikur. Hér er líka áhersla á listsköpun og fléttað saman við ýmsar aðrar námsgreinar s.s. stærðfræði. Einnig unnu nemendur hópaverkefni í landafræði sem samþættingu við íslensku og tölvur.

Uppeldi til ábyrgðar

Unnið var með starfsaðferðir Uppeldi til ábyrgðar þar sem reynt er að ýta undir sjálfstraust og kenndur sjálfsagi og sjálfstjórn. Nemendur hófu veturinn á þarfagreiningu og fóru svo í hin ýmsu hlutverk og önnur verkefni tengd stefnunni. Þessum aðferðum var svo fléttað saman með hinum ýmsu samskiptaverkefnum frá KVAN og verkfærakistunni.

Upplýsinga- og tæknimennt

Áhersla var á umhverfi í Google-svítunni og mörg forrit hennar. Unnin voru fjölbreytt verkefni eins og verkefni sem tengdust því sem nemendur voru að læra í öðrum greinum eins og um Norðurlönd og Snorrasögu. Einnig var unnið með grunnfærni í ritvinnslu og töflureikni og reglulega kynntar reglur um örugga netnotkun og gerð verkefni í kringum þær. Tölvufærni var einn þáttur í smiðju þar sem unnið var með myndbandagerð.

Þróunarstarf/Nýbreytni

Allir í árganginum heldu áfram með þróunarverkefni um nemendastýrð foreldrasamtöl. Nemendur undirbyggðu sig í skólanum með aðstoð kennara og stýrðu svo sjálf foreldrasamtölunum. Í árganginum var áhersla lögð á að byggja upp sjálfstæði og samvinnu nemenda með því að setja fram skýr fyrirmæli svo nemendur vissu til hvers var ætlast af þeim. Leiðsagnarnám var einnig fest enn betur í sessi og hafði það jákvæð áhrif á starfið. Farið var í sérstaka vinnu með árganginn varðandi hegðun og framkomu. KVAN sá um innleiðingu á verkefninu þar sem sérstakir fundir voru með kennurum, nemendum og foreldrum. Náms- og starfsráðgjafi og atferlisfræðingur komu einnig að verkefninu og unnu með nemendum. Í vetur var sú nýbreytni að enskan sem verið hefur færnimiðuð í 6. bekk var kennd í bekkjum. Það reyndist vel og næsta vetur verður því haldið áfram.

Námsmat

Námsmat var nokkuð fjölbreytt og mismunandi eftir námsgreinum. Í samfélagsgreinum, náttúrufræði, bókmenntum, ljóðum og ensku var námsmat samsett úr nokkrum þáttum yfir veturinn; hópvinnu, verkefnum, vinnubókum, verkefnaöppum og prófum.

Nemendur tóku kannanir og próf á fjölbreyttan hátt, m.a. skriflega og í tölvu. Námsmat í stærðfræði byggðist á könnunum sem teknar voru eftir hverja tvo kafla í Stiku 2a og Stiku 2b. Í málfræði var stórt próf í lok hvorrar annar. Í stafsetningu og lesskilningi var stöðumat í janúar og maí. Staða í lestri var metin jafnt og þétt yfir veturinn. Lesfimiþróf frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu voru lögð fyrir í september, janúar og maí og viðmiðin voru orð á mínútu. Nemendur fengu lestrarferil sinn vistaðan inn á Mentor. Auk þess voru

tímaverkefni unnin í hinum ýmsu fögum og einnig voru munnleg verkefni metin þegar það átti við.

Vettvangsferðir og viðburðir



Í desember og janúar fór hver bekkur í vinnumorgun í Húsdýragarðinum. Það tókst vel og nemendur stóðu sig með þrýði. Vorferðin í lok maí var farin í Borgarnes. Farið var í Landnámssetrið þar sem krakkarnir löbbaðu í gegnum fræðslusýningarnar Egilssögu og Landnám Íslands. Einnig var farið á Bjössaróló og í fjöruna.

Skólaárinu lauk á heilum degi í útikennslu en hópurinn hjólaði saman í Heiðmörk. Árganginum var skipt upp í sex hópa þvert á bekki og bjuggu hóparnir til sinn fána hver áður en haldið var í ferðina. Í Heiðmörk fóru krakkarnir í gegnum sex stöðvar þar sem unnið var með hópefli og samvinnuleiki. Ferðin heppnaðist gríðarlega vel en undirbúningur hófst nokkrum vikum áður með

náms- og starfsráðgjafa skólans.

Hið árlega þorablót 6. bekkjar var haldið í janúar og tókst það frábærlega. Nemendur undirbjuggu metnaðarfull atriði sem þeir sýndu á sal við mikinn fögnuð. Nemendum var boðið á tónleika í Tónskóla Garðabæjar þar sem þau fengu kynningu á sögu djassins en verkið hét Jazzbadass. Svo komu Skáld í skólum í heimsókn. Bókasafn Garðabæjar bauð nemendum í heimsókn þar sem þau fengu kynningu á safninu og leystu verkefni „Hvar er Valli“.



Annað

Foreldrasamstarf var með hefðbundnu sniði. Bekkjarkvöld voru haldin og pálínuboð. Í einum bekk hittust foreldrar strákanna (og strákarnir) sérstaklega til að ræða málin hegðunarlega og sýna samstöðu milli foreldra og drengjanna innan hópsins. Þessir sömu strákar fengu fræðslu frá utanaðkomandi aðila og var vel haldið utan um strákahópinn, frábært inngrip foreldra og skapar gott fordæmi. Innkoma afleiðingakerfis KVAN hafði miklar jákvæðar breytingar í för með sér, krakkarnir hegðuðu sér betur og takmörkuðu meiðandi og særandi framkomu í garð annarra. Munurinn á krökkunum var sjáanlegur og starfsfólk skólans tók eftir bættri hegðun og framkomu nemendanna.

Halldóra Björk Sigurðardóttir, Helgi Snær Agnarsson, Stella Hjaltadóttir og Ölrún Marðardóttir

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 7. BEKK

Nemendur í 7. bekk voru samtals 79. Þeir voru í fjórum umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Guðrún Helga Sigurðardóttir, Ólafur Pétursson, Smári Jökull Jónsson og Sylvía Guðrún Eggertsdóttir. Sérkennsla var í íslensku og um hana sáu Ólöf Harpa Gunnarsdóttir og Valgerður Gísladóttir. Stuðningsfulltrúar voru Emil, Stefán, Sigurbergur og Gissur. Guðrún Helga, Ólafur, Smári Jökull og Sylvía Guðrún sáu um stærðfræðikennslu ásamt Ólöfu Hörpu og Valgerði. Ensukennsla var kennd í bekkjum í ár.

Áherslur árgangsins

Áhersla var lögð á fjölbreytta kennsluhætti og leiðsagnarnám, margvísleg vinnubrögð og skapandi vinnu af ýmsum toga. Nemendur hafa fengið þjálfun í allskyns vinnubrögðum og verkferlum síðustu ár og reynt var að nýta þá kunnáttu, bæta nokkru við hana og auka sjálfstæði nemenda við vinnu enn frekar. Nokkuð var unnið af verkefnum þar sem upplýsingatækni var nýtt í Chromebook tölvum, en vöntun á kennsluráðgjafa hefur valdið vandræðum á ýmsum sviðum Upplýsingatækninnar og er mikill missir af þeirri stöðu innan skólans. Vegna persónuverndalaga hefur ekki verið hægt að nota ýmis forrit sem hefur haft áhrif á kennsluna. Jafnframt var áhersla lögð á að vinna áfram með hugarkort og orðaforða. Unnið var töluvert í því að bæta ritun nemenda og fjölbreytt ritunarverkefni unnin; sögur, ritgerðir, útdrættir, endursagnir, bókarýni o.fl. Áhersla var á að bæta lestrarhraða með mínútulestri og lesskilning með ýmsum verkefnum. Þá var mikil og markviss vinna með hópefli og samvinnu.

Kennsluhættir/leiðsagnarnám



Umsjónarkennari sá um kennslu í sínum bekk eins og venja er. Árganginum var skipt í sjö hópa í smiðjum. Hóparnir skiptust í; smíði, spil og tónmennt, myndmennt, heimilisfræði, textílmenn og sund. Kennt var í lotum yfir árið í samfélagsgreinum og náttúrufræði sem gaf aukna möguleika á fjölbreyttari og skapandi verkefnum sem kröfðust rýmri tíma. Unnin voru margs konar verkefni í þessum greinum og töluvert var um hópavinnu. Stærðfræði var kennd í sex færnimiðuðum hópum. Notast var við forritið Kahoot með það að markmiði að gera námsefnið skemmtilegra og vekja áhuga nemenda. Almennt voru kennsluhættir fjölbreyttir og unnin verkefni af ýmsum toga, skapandi verkefni, verkefni þar sem notast var við upplýsingatækni, samvinnu- og hópverkefni, verkefni þar sem nemendur fengu þjálfun í framsögn o.fl. Námsveggir voru í bekkjarstofum. Fyrirmyndarverkefni voru notuð í flestum námsgreinum og hæfni- og árangursviðmið voru sýnileg.

Þemaverkefni

Unnin voru heildstæð verkefni út frá bókunum Arfinum eftir Arndísi Þórarinsdóttur og Vítahring eftir Kristínu Steinsdóttur, báðar bækur innihéldu fjölbreytt og áhugaverð íslenskuverkefni. Verkefnin voru þannig sett upp að auðvelt var fyrir kennara að aðlagja þau að nemendum. Í upphafi skólaárs var unnið að verkefnum tengdum Vífilsstaðavatni og lauk því verkefni með ferð þangað, krufningu á fiskum og skýrsluvinnu. Verkefnin um Evrópu fólu í sér að nemendur kynntu sér sögu og menningu Evrópulandanna, gerðum heimildarverkefni, héldu kynningar, unnu plaköt og fleira. Sögurefill var unnin í tengslum við bókina Miðaldafólk á ferð.

Uppeldi til ábyrgðar

Í upphafi skólaárs voru línurnar lagðar með bekkjarsáttmála sem gerðir voru í hverjum bekk. Farið var í mitt og þitt hlutverk, hvað var gott við bekkinn og hvað mætti laga. Haldnir voru bekkjarfundir allt skólaárið um hin ýmsu málefni, eins og einelti, netvarnir, siðareglur, tóbak, vímuefni, forvarnir og samskipti almennt. Bókin Ertu? og Ég og sjálfsmyndin var tekin fyrir og unnin voru verkefni úr þeim. Mikið var rætt um samskipti og hegðun á samfélagsmiðlum. Samskiptalögreglan kom í heimsókn með fræðslu sem tókst mjög vel. Auk þess komu Margrét Lára og Einar Örn frá Sjálfsaga í heimsókn með fræðsluna Andleg og líkamleg heilsa.



Upplýsinga- og tæknimennt

Flestir tölvutímar voru samþættir öðrum námsgreinum. Google classroom var nýtt til verkefnaskila.

Þróunarstarf og nýbreytni

Í árganginum var áhersla lögð á að byggja upp sjálfstæði og samvinnu nemenda. Unnið var með ýmis forrit í kennslunni. Sömuleiðis voru notuð fræðslumyndbönd. Í vetur var sú nýbreytni að enskan sem verið hefur færniðuð í 7. bekk var kennd í bekkjum. Það reyndist vel og næsta vetur verður því haldið áfram.

Námsmat

Námsmat var nokkuð fjölbreytt og mismunandi eftir námsgreinum. Í samfélagsgreinum, náttúrufræði, íslensku og ensku var námsmat samsett úr mörgum þáttum yfir veturinn. Verkefnin voru fjölbreytt og unnin einstaklingslega og í hópum. Nemendur unnu í vinnu- og verkefnabókum og ýmis skapandi verkefni. Nemendur tóku kannanir og próf á fjölbreyttan hátt, m.a. skriflega, munnlega og í tölvu. Námsmat í stærðfræði byggðist á könnunum eftir hverja tvo kafla nema síðustu tvo, þá var könnun úr einum kafla, og var lokamat gefið út frá árangri í þessum könnunum. Í málfræði var stórt próf í lok hvorrar annar. Í stafsetningu og lesskilningi var stöðumat í janúar og maí. Staða í lestri var metin

jafnt og þétt yfir veturinn. Lesfímipróf frá Miðstöð menntunar og skólabróunar voru lögð fyrir í september, janúar og maí og viðmiðin voru rétt lesin orð á mínútu. Nemendur fengu lestrarferil sinn vistaðan inn á Mentor.



Vettvangsferðir og viðburðir

Á haustdögum fór árgangurinn hjólandi í vettvangsferð að Vífilsstaðavatni þar sem Bjarni náttúrufræðingur tók á móti nemendum og fræddi þá um lífríki vatnsins og nágrenni. Að ferð lokinni fengu nemendur fiska og sýni í skólann til að kryfja, greina og skoða nánar.

Í nóvember fórum við í Vatnaskóg, gekk sú ferð mjög vel. Komu nemendur heim reynslunni ríkari. Nemendur unnu síðan ritunarverkefni í skólanum um upplifun sína í Vatnaskógi. Á vordögum var farið í vorferð í Hvalfjörðinn á slóðir Vítahrings. Farið var í heimsókn á Bjarneyjarsand þar sem fjárhúsin voru heimsótt og grillaðar pylsur. Árganginum var boðið á Jazzbadass í Tónlistarskóla Garðabæjar sem heppnaðist mjög vel. Nemendur tóku þátt í stóru upplestrarkeppninni og stóð einn nemandi Hofstaðaskóla uppi sem sigurvegari.

Skemmtanir og félagslíf

Árshátíð árgangsins fór fram í lok skólaárs en þá var haldið diskótek fyrir nemendur þar sem plötusnúður sá um fjörið og einnig kom veitingavagn frá Hamborgarabúllunni. Skemmtunin heppnaðist mjög vel og allir fóru glaðir heim. Fyrir næsta ár mætti athuga að hafa jafnvel sófa og einnig eldri plötusnúða sem stýra meira diskótekinu. Félagsmiðstöðin Dropinn var stofnuð í Hofstaðaskóla við mjög góðar undirtektir. Nemendur tóku þátt í stofnun miðstöðvarinnar og völdu til dæmis nafn og merki Dropans.

Foreldrasamstarf

Nemenda og foreldrasamtölin voru nemendasýrð og tókust afar vel.

Á haustönn skipulögðu foreldrafulltrúar metnaðarfulla hrekkjavökuskemmtun fyrir

nemendur sem tókst afar vel. Í bekkjum voru haldin nokkur pálínuboð sem er alltaf skemmtilegt.

Mat á starfi vetrarins

Samstarf umsjónarkennara gekk mjög vel, námsáætlanir stóðust ágætlega og unnu kennarar saman að því að leysa þau vandamál sem upp komu hverju sinni. Ferðin í Vatnaskóg þjappaði hópnum vel saman og styrkti samband á milli kennara og nemenda. Við mælum eindregið með því að svona ferð sé farin áfram að hausti.

Guðrún Helga Sigurðardóttir, Ólafur Pétursson, Smári Jökull Jónsson
og Sylvía Guðrún Eggertsdóttir

DANSKA

Ester Jónsdóttir kenndi dönsku, allir nemendur Hofstaðaskóla byrja að læra dönsku í 7. bekk. Í vetur voru 76 nemendur í fjórum bekkjum. Lagt er upp með að hafa námið fjölbreytt, horfa á danska unglingaþætti til að gera námið áhugaverðara, vinna með lifandi verkefni og gefa þeim innsýn í líf nemenda á þeirra aldri auk þess að vinna markvisst að því að nemendur læri ákveðinn orðaforða og byrji að læra að mynda einfaldar setningar í tal- og ritmáli. Lögð er áhersla á að kynna Danmörku, menningu landsins og hvað Danmörk og Danir eru þekktir fyrir. Unnin eru ýmis verkefni í formi leikja, framsagnar og upplýsingatækni og er markmiðið að gera nemendur jákvæða gagnvart tungumálinu og námsgreininni. Kenndar eru þrjár kennslustundir á viku.

Kennsluhættir/leiðsagnarnám

Unnið var með Start bókina samhliða öðrum verkefnum allan veturinn. Nemendur skiluðu verkefnum bæði munnlega og skriflega. Hefðbundin vinnubókaverkefni sem innihalda m.a. eyðufyllingar, krossgátur, orðarugl, hlustunarverkefni, samræðuverkefni og lesskilning. Innlögð í kennslustundum: sjálfstæð vinna, paravinna, samvinnunám, hópaverkefni. Lögð er áhersla á ábyrgð og sjálfstæði nemenda í dönskunáminu. Vikuáætlun er birt á Mentor og á töflu í kennslustofu sem nemendur unnu eftir. Nemendur notuðu snara.is og orðabækur til að þýða orð. Námsveggur var settur upp í hverri stofu sem gerir viðfangsefnin og orðaforða sýnileg. Námsveggurinn er lifandi og má stöðugt bæta við. Með þessum hætti geta nemendur fylgst með því hvernig orðaforði þeirra í dönsku eykst.

Gagnvirk verkefni voru unnin í Tempo <https://tempo.namsefni.is/> Efnið byggir á svipuðum viðfangsefnum og þeim sem eru í kjarnaefni í dönsku hjá Menntamálastofnun. Áhersla er á færniþættina lesskilning, samskipti, ritun og menningarläsi. Start vefurinn sem er inn á krækjum skólans. Google classroom umhverfið var nýtt eins og kostur var á.

Áhersla var lögð á færniþættina fjóra; lestur, hlustun, tal og ritun. Fjölbreyttir kennsluhættir, margvísleg vinnubrögð og skapandi vinna af ýmsum toga var notað í

kennslu. Helstu viðfangsefni dönskunámsins á fyrsta ári snúa að nemendum sjálfum og daglegu lífi þeirra. Viðfangsefni eins og líkaminn, litir, tölur, föt, dagarnir, fjölskylda og heimilið eru meðal efnispátta sem teknir eru fyrir í upphafi námsins. Fjölbreytt verkefni voru unnin, bæði einstaklingsmiðuð og í hópavinnu. Námsáætlanir í dönsku stóðust vel.

Upplýsingar og tæknimennt

Notast var við forritin Jeopardylabs, Kahoot og Duolingo með það að markmiði að gera námsefnið skemmtilegra og vekja áhuga nemenda. Nemendum þótti sú vinna mjög skemmtileg og töldu sig læra mikið á þennan hátt enda námstækni sem vekur áhuga þeirra og hjálpar þeim að festa orðaforðann í sessi, mikið er um endurtekningar og unnið er út frá leik. Fram eftir vetri voru sýndir danskir þættir einu sinni í viku, til að æfa hlustun og orðaforða.

Þróunarstarf og nýbreytni

Eins og síðustu ár var unnið með Start kennslubókina og var hún notuð allt skólaárið en ýmis verkefni fléttuð inn í samhliða vinnu í kennslubókinni. Á vorönn var unnið stórt hópverkefni sem tengdist orðaforða kaflans „Mit hjem“ þar sem nemendur nutu sín vel við að skapa þeirra draumaheimili og tengja orðaforða námsefnisins við sköpun þeirra. Vel tókst til við að virkja allflesta nemendur og þeim fannst verkefnið almennt skemmtilegt. Gaman var að sjá nýjar hliðar á nemendum við þessa vinnu og áhersla var lögð á gildi samvinnunnar.



Námsmat

Námsmat var með fjölbreyttum hætti eins og áður. Unnið var út frá hæfniviðmiðum í Mentor. Nemendur tóku þrjú próf úr Start bókinni sem og hlustunar- og munnlegt próf. Allan veturinn var símat í gangi út frá hæfniviðmiðunum, svo sem varðandi ritun, samvinnu, flutning á efni, sjálfstæði í vinnubrögðum og fleira. Unnin voru verkefni tengd dönskum stuttmyndum <https://nordeniskolen.org/> Reglulega var unnið með upprifjun úr öllum köflum námsbókar í formi leikja í forritinu Jeopardy game, krossgátum og orðarugli.

Árangur/ hvað tókst vel?

Námsárangurinn í dönsku var yfir heildina mjög góður og var kapp í nemendum að ná góðum árangri á könnunum, nemendur voru einnig flestir almennt áhugasamir og vinnusamir. Gefist hefur vel að brjóta kennsluna upp með ýmsum mismunandi verkefnum.

Nemendur hafa öðlast grunnþekkingu í tungumálinu og uppbyggingu þess. Þeir búa yfir einföldum orðaforða í lok skólaárs og eru nokkuð jákvæðir og áhugasamir. Nemendur hafa einnig fengið meiri áhuga á Danmörku og danskri menningu.

Ester Jónsdóttir

SKÓLABÓKASAFN

Hlutverk

Bókasafnið gegnir veigamiklu hlutverki við að efla lestur og læsi nemenda og því er mikilvægt að bjóða upp á lestrarhvetjandi efni og umhverfi. Bókasafnið tekur þátt í og stendur fyrir ýmsum verkefnum og viðburðum sem eru lestrarhvetjandi, vekja athygli á bókum og glæða lestraráhuga nemenda.

Hlutverk safnsins er einnig að styðja við kennslu og námsmarkmið sem sett eru fram í námskrá skólans og aðalnámskrá grunnskóla. Safnið á að veita nemendum og kennurum greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum. Það á að styðja við upplýsingalæsi nemenda, en það er sú þekking og færni sem þarf til að finna, flokka, vinna úr og miðla upplýsingum á skapandi og gagnrýnni hátt.

Aðstaða

Góð aðstaða er fyrir kennslu á safninu og er hægt að koma með heila bekki í verkefnavinnu. Sýningartjald og skjávarpi er til staðar, sex hópaborð og 24 sæti. Sumar bókahillurnar eru á hjólum sem gefur aukna möguleika á nýtingu safnsins, s.s. fyrir fundi og námskeið. Mjög góð hljóðvist er á safninu.

Starfsfólk

Á safninu starfar bókasafns- og upplýsingafræðingur með grunnskólakennaramenntun í 100% starfi.

Safnkostur

Við árslok 2024 eru 16.170 eintök skráð á safninu sem skiptast niður í 14.966 bækur og 1.204 eintök af annars konar efni eins og tímaritum, geisladiskum og hljóðbókum. Bókakostur safnsins er mjög góður og fjölbreyttur. Leitast er við að kaupa inn sem mest af nýjum skáldsögum til að viðhalda lestraráhuga nemenda og koma til móts við áhugasvið þeirra. Fræðibókahluti safnsins er góður og styður vel við nám nemenda og er bætt við hann eftir þörfum. Það sama má segja um handbækur og fræðibækur fyrir fagfólk skólans, fylgst er með útgáfu á nýju efni og er það keypt inn þegar þess er óskað.

Starfsemi

Fjöldi lánþega er 540, nemendur og hluti starfsfólks. Lánþegar nýta safnkostinn vel og ekki er óalgengt að safnið láni út vel á annað þúsund eintök á mánuði og stundum rúmlega það.

Vorönn 2024					Haustönn 2024				
Jan.	Feb.	Mars	Apr.	Mai/Jún.	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.
2.476	1.218	1.352	2.217	1.451	1.315	2.266	2.088	1.730	855

Á árinu 2024 voru heildarútlán 16.968 eintök. Í nýja bókasafnskerfinu er árslokatölfræði og því ekki hægt að gera grein fyrir útlánatölum eftir skólaárum. Þegar heildarútlán og eintakafjöldi eru skoðuð má sjá að það er á við að hver bók safnsins hafi verið lánuð út og rúmlega það.

Opnunartími safnsins er frá 8.10-16.00 að jafnaði. Fastir útlánatímar eru frá 8.30-10.30 sem taka mesta kúfinn af útlánþörf dagsins. Nemendur koma þó yfir allan daginn til að ná sér í lesefni. Sérstakir bókasafnspassar eru fyrir nemendur og fékk hver bekkur þrjá slíka til að hafa í kennslustofunni. Með þessu fyrirkomulagi er verið að jafna fjölda nemenda sem er á safninu hverju sinni.

Sögustund var hjá 1. og 2. bekk í vetur, 1. bekkur kom þriðju hverja viku og 2. bekkur kom aðra hverja viku. Stutt saga lesin og lögð áhersla á að skapa rólega og notalega stemmningu. Athygli var vakin á rithöfundum og myndhöfundum, einnig rætt um sögupersónur, söguvið og boðskap. Eftir sögulestur fengu nemendur að skoða/lesa bækur og velja bækur í bókakassa bekkjarins eða fyrir heimalestur.

Bókasafnssmiðja var í 6. bekk í vetur, 80 mínútur á viku í 5-6 vikur. Í fyrri kennslustundinni var safnfræðsla og þeirri seinni lestrarhvatning. Í safnfræðslunni lærðu nemendur á flokkunarkerfi safnsins, hvernig fræðibækur eru flokkaðar eftir efni og að skáldsögum er raðað eftir höfundum. Nemendur lærðu um uppbyggingu fræðibóka þar sem tekin voru fyrir hugtökin, titilsíða, efnisyfirlit, kaflaheiti, fyrirsagnir í texta, atriðaorðaskrá, myndatexti, skýringamynd og töflur. Unnin voru skrifleg verkefni um þessa þætti, einnig var rætt um höfundarétt og ritstuld. Lestarahvatningin var á „léttari“ nótum, rætt var um mikilvægi lesturs og leitast við að fá nemendur í samtal og umræður um lestur. Ákveðið innlegg var í upphafi kennslustundar, umræður og svo bókafrúsk, en í því fólst að

nemendur fóru í hillur safnsins, skoðuðu, rannsökuðu og skráðu hjá sér áhugaverða titla þannig að þegar smiðjunni lauk voru þeir komnir með lista yfir áhugavert lesefni, sinn einkalista. Um leið kynntust nemendur safnkostinum betur og sáu að safnið hefur upp á ýmislegt að bjóða. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að vera virkur lesandi, með því bæta nemendur lestrarfærni sína, auka orðaforða sinn og efla þar með lesskilning sinn sem hjálpar til við að ganga betur í námi.

Hofsstaðaskólaleikarnir eru fastur liður í skólastarfinu og tekur safnið þátt í þeim. Í ár fólst verkefni nemenda í að þekkja sem flestar sögupersónur úr skáldsögum sem til eru á safninu.

1.-4. bekk var boðið í jólasögustund í desember. Lesnar voru sögur eftir Brian Pilkington. Nemendur stóðu sig vel, voru góðir hlustendur og tilbúnir að taka þátt í spjalli um sögurnar. Eftir notalega og stundum líflega sögustund gátu nemendur tekið þátt í léttum leik á safninu sem fólst í því að finna jólasveinanafnið sitt út frá afmælisdegi og mánuði. Ýmsar skemmtilegar samsetningar urðu til og skemmtu nemendur sér yfir skrítnum jólasveinanöfnum, s.s. Pakkasníkir, Kertagutti, Kleinukrækir o.fl.

Í nóvember og desember var 5.-7. bekk boðið á stefnumót við nýjar bækur. Fyrirkomulagið var þannig að öllum nýju bókunum var skipt niður á fimm borð og nemendur skiptu sér í fimm hópa og fengu fimm mínútur á hverju borði til að kynna sér bækurnar, að þeim loknum fóru þeir á næsta borð. Nemendur sýndu nýju bókunum mikinn áhuga, úr varð mikið spjall og skemmtilegar umræður. Með þessu fyrirkomulagi fá nemendur tækifæri til að kynna sér allar bækurnar, handfjatla þær og skoða. Eitt af hlutverkum skólasafnsins er að viðhalda lestraráhuga nemenda og er þetta liður í því. Flestir nemendur fundu áhugaverðar bækur sem þá langaði til að lesa og sumir ætluðu að setja þær á óskalista fyrir jólin.



Lestrarhvetjandi verkefni eru fastur liður í starfsemi safnsins og voru þau eftirfarandi:

- Bókaklúbbur Astridar Lindgren
- Disneyklúbbur
- Drekaklúbbur
- Dýraklúbbur
- Fótboltaklúbbur
- Sögustundir
- Stefnumót við nýjar bækur
- Bókaverðlaun barnanna

Bókaskil

Á vorin þegar skóla lýkur eiga nemendur að skila öllum bókasafnsbókum. Síðasti skiladagur var 30. maí og þar með lokað fyrir útlán. Umsjónarkennarar fengu útlánalista fyrir sinn bekk og gerðu sitt besta til að hvetja nemendur til að standa í skilum. Hvatning um bókaskil var sett á heimasíðu skólans, fésbókarsíðu skólans og á upplýsingaskjá nemenda.

Við skólalok var nokkur fjöldi bóka í vanskilum, 33 bækur í yngri deild og 80 bækur í eldri deild, 14 bækur skiluðu sér ekki hjá 7. bekk. Það er sérstaklega bagalegt þegar nemendur sem eru að hætta í skólanum skila ekki bókum, reynslan hefur sýnt að þær bækur skila sér sjaldnast til baka. Það er vont fyrir safnið að tapa þessum bókum úr safnkostinum, auk þess er það fjárhagslegt tjón fyrir skólann.

Kristín H. Thorarensen

SMIÐJUR

Nemendur í 1.-7. bekk fá kennslu í list- og verkgreinum og ýmsum öðrum greinum í 9-14 manna hópum. Kennt er í lotum og skipta nemendur um námsgrein 5-7 sinnum á vetri. Smíði, textílmennt, myndmennt og heimilisfræði er kennd í lotum í 2.-7. bekk í 80 mínútur tvisvar í viku og einu sinni í viku í 1. bekk í 60 mínútur, nema myndmennt er kennd tvisvar í viku. Sund er einnig í lotum hjá þessum árgöngum nema í 2. og 4. bekk þar sem hverjum bekk er skipt í tvo hópa og fer hver hópur í sund einu sinni, eina kennslustund á viku allan veturinn. Auk þess fá hópar úr 1., 3., 5. og 6. bekk, 1x40 mínútur í sund í lok skóladags. Fleiri greinar koma inn í smiðjuskipulag, sjá töflu hér fyrir neðan. Tónmennt er kennd í eina stund á viku í 1. - 6. bekk. Í 7. bekk er tónmennt í smiðjum. Gerð er nánari grein fyrir ráðstöfun tíma í smiðjum hér

Námsgrein	1. b	2. b	3. b	4. b	5. b	6. b	7. b
Enska		2	1				
Eðlisvísindi				1			
Forritun	1,5	2		2			
Heimilisfræði	1,5	4	4	4	4	4	4
Spil og leikir		2					2
Hugarfrelsi/vináttuþjálfun		2	1				
Skák		1		1			
Leikur að læra	1,5						
Myndmennt	3	4	4	4	4	4	4
Smíði	1,5	4	4	4	4	4	4
Stærðfræði/spil			1				
Textílmennt	1,5	4	4	4	4	4	4
Tónmennt							2
Upplýsingatækni	1,5	2	1	2		2	2
Félagsfærni					2		
Sund	3		3		4	4	3
Dýraríki Íslands					2		
Safnafræðsla						2	

HEIMILISFRÆÐI

Björk Ólafsdóttir kenndi 1.,5.,6. og 7. bekk. og Hrönn Kærnested kenndi 2.,3. og 4. bekk. Stuðningsfulltrúar voru í nokkrum hópum í gegnum veturinn.

Uppbygging kennslunnar

Í ár komu nemendur í 1. bekk einu sinni í viku í 60 mínútur en aðrir árgangar komu tvisvar sinnum í viku í 80 mínútur. Stöðugt er byggt ofan á fyrri þrep í náminu. Það sem nemendur læra í 1. bekk er í fullu gildi í 7. bekk. Verkefnin verða flóknari og markmiðið er að nemendur eldri bekkja geti unnið sjálfstætt annað hvort í para eða einstaklingsverkefnum. Yngstu nemendurnir vinna að mestu í hópavinnu með kennara, sérstaklega þegar hóparnir eru fjölmennir. Lögð er áhersla á að nemendur nýti sér allt sem þeir kunna og hafa lært við vinnu sína.

Kennsluaðferðir/leiðsagnarnám

Munnleg innlögð er í upphafi hverrar kennslustundar. Sýnikennsla er í flestum verkefnum. Nemendur vinna mest tveir til þrír saman, en stundum einir. Verklegr kennsla er í fyrirrúmi. Í 1. bekk er farið mjög hægt af stað og nemendur vinna að mestu verklega vinnu við kennaraborðið í fámennum hópum.

Bóklegri kennslu er dreift yfir tímabilið og unnið meðfram verklegri kennslu (ekki teknir eingöngu bóklegir tímar).

Sem dæmi um nálgun út frá leiðsagnarnámi er sýnikennsla í uppvaski og frágangi sem allir hópar (2.-7.bekk) fá í byrjun hvernar lotu. Lögð var rík áhersla á að verkið sé rétt unnið, að nemendur þekki þau áhöld og efni sem notuð eru til verksins. Kennslan felst í því að kenna réttu handtökin við uppvask, þ.e. hvernig hitastigið er á vatninu, hversu mikið/lítið af uppþvottalegi á að nota, hvers vegna við hugsum út í það magn af sápu sem fer út í sjó, hvaða áhrif hún getur haft á lífríkið í sjónum. Nemendur fá opnar spurningar um það sem skiptir máli í þessu samhengi. Við erum að vinna mikið með umhverfið og erum ávallt að leggja inn mikilvægi þess að fara sparlega með bæði vatn og sápu. Í stofunni er námsveggur með myndum og leiðbeiningum sem sýnir verklagið á uppvaski og frágangi og hefur það reynst vel.

Endurgjöf er gefin jafnóðum og nemendur eru að spreyta sig á uppvaskinu. Kennarinn gengur um og fylgist með og leiðbeinir. Það er vænleg leið því þá eru nemendur bæði að vinna verkið og að festa í sessi réttu vinnubrögðin.

Námsefni/gögn

Námsefni fyrir heimilisfræði fyrir 1.–7. bekk og Næringarfræði matvæla útg. Menntamálastofnun. Fæðuhringurinn útg. Lýðheilsustofnun. Krossgátur,

Námsmat

Námsmatið er hæfnimiðað og er merkt við frammistöðu nemenda í námsframvindu í mentor. Í upphafi hvernar námslotu eru nemendur upplýstir um hæfniviðmið sem unnið er eftir. Þau eru síðan metin í lok hvernar námslotu. Í lok hvernar kennslustundar eru helstu hæfniviðmið tímans dregin saman og metin.



Húsnæði – aðstaða

Almenn ánægja er meðal nemenda og kennara með kennsluaðstöðuna. Eldhúsið er bjart og notalegt og hægt er að lofta vel út með því að opna svalahurð. Gott þvottahús og búr. Skrifstofuaðstaða kennara mætti vera betri.

Hvað hefur gengið vel – má betur fara

Veturinn hefur gengið nokkuð vel og nemendur sýna náminu yfirleitt mikinn áhuga. Í vetur voru stuðningsfulltrúar með í nokkrum hópum. Verkefnaval virðist höfða vel til nemenda og eru þeir að hluta til hafðir með í ráðum sérstaklega í efri bekkjum. Undanfarin ár hefur eingöngu verið unnið með bakstur í 7. bekk og þykir ástæða til að endurskoða það og leggja meiri áherslu á matargerð einfaldra rétta. Með það að leiðarljósi að nemendur öðlist meiri færni í eldamennsku.

Þorablót

Þorablótið var haldið 12. febrúar. Skemmtunin gekk mjög vel. Nemendur sem voru í heimilisfræði þennan dag sáu um undirbúninginn og skáru niður þorramat og fl. Góð aðstoð fékkst frá stuðningsfulltrúum og öðrum kennara.

Annað

Mikil áhersla er lögð á flokkun á öllu sem til fellur í kennslueldhúsi og reynt að hafa sem minnst af úrgangi sem ekki er flokkanlegur. Þessi vinna var mjög sýnileg nemendum. Einnig fór fram fræðsla um muninn á endurnýtingu og endurvinnslu. Vegna almennrar umræðu um umhverfismál í samfélaginu var reynt að fá nemendur til að vera meðvitaðir um sinn þátt og getu til að bæta umhverfið. Áhersla var lögð á fæðuhringinn og að nemendur þekki og skilji tilgang hans. Einnig var rætt um matarsóun og að hver og einn þarf að leggja sitt af mörkum.

Björk Ólafsdóttir og Hrönn Kjærnested

MYNDMENNT

Kennarar: Sigríður Anna E. Nikulásdóttir og Heiða Lind Sigurðardóttir

Kennsluhættir og skipulag

Myndmennt hefur verið kennd í smíðjum líkt og aðrar verklegar greinar. Nemendur hafa mætt tvisvar sinnum í viku, tvo tíma í senn, í 9-14 skipti, eftir stærð árgangsins en nemendur í 1. bekk mættu einu sinni í viku í vetur, klukkutíma í senn. Það eru 10-15 nemendur í hverjum hópi og einstaka nemendur hafa stuðning inni í tíma og eru einstaklingsmiðuð verkefni sem eru aðlöguð að þeirra getu.

Í Hofstaðaskóla skiptist myndmenntakennsla milli tveggja kennara og gengur samvinnan vel. Kennslunni er skipt eftir árgöngum þannig að kennararnir eru ekki að kenna sömu

verkefnin. Kennarar hittast reglulega á fagfundum og bera saman bækur sínar. Kennsluhættir eru með svipuðu sniði í öllum árgöngum. Fyrsta kennslustundin byrjar yfirleitt á innlögn og samtali við nemendur þar sem farið yfir verkefni smiðjunnar, efni og áhöld. Kennari hefur áhersluatriði og lýsingar á smiðjunni uppi á töflu og eru markmiðin sýnileg fyrir nemendum. Hann kemur jafnframt með dæmi, sýnishorn og fer yfir verkefnið með ýmsum leiðum t.d. með skjávarpa, listaverkabókum, kennslumyndböndum eða umræðu. Við tekur svo leiðsagnarnám þar sem hver nemandi vinnur á sínum hraða og kennari gefur einstaklingsmiðaða endurgjöf.



Áætlanir og mat

Námsáætlanir eru til fyrir alla árganga og kennurum tókst vel að halda áætlun. Stuðst er við símat og leiðsagnarnám og hafa kennarar verið að uppfæra kennsluáætlanir til að standast kröfur leiðsagnarnáms, t.d. með fyrirmyndum og árangursviðmiðum.

Verkefni og áherslur, Leiðsagnarnám o.fl.


Í myndmenntanáminu er lögð áhersla á fjölbreytt vinnubrögð og tækni. Nemendur hafa fræðst um ýmsa listamenn og listastefnur, leirað og gert grafíkverk svo eitthvað sé nefnt. Skólinn hefur verið með þróunarverkefni tengt leiðsagnarnámi og kennarar í myndmennt tileinkuðu sér enn frekar vinnubrögð leiðsagnarnáms. Hafa kennarar vanalega sett upp svokallaðar fyrirmyndir upp á töflu og í vetur hafa þeir verið að safna enn fleiri fyrirmyndum tengdum flestum verkefnum allra árganga. Myndmennt býr því yfir góðu safni sem hefur flest hefur verið flokkað í möppur og plastað. Eins og áður kom fram hafa kennarar líka verið að uppfæra kennsluáætlanir í anda leiðsagnarnáms auk þess að leggja meiri áherslu á samræður og sjálfsmat nemenda, eins og að gefa sér tvær stjórnur og eina ósk út frá ákveðnum verkefnum og gefa endurgjöf sín á milli.



Dæmi um fyrirmynd fyrir skóverkefni í 5. bekk þar sem nemendur teikna eigin skó með línuteikningu frá þremur sjónarhornum.

1. bekkur

Í fyrsta bekk koma nemendur einu sinni í viku, klukkutíma í senn. Alls sex eða sjö sinnum. Í fyrsta bekk læra nemendur að umgangast myndmenntastofuna, þau læra að beita helstu áhöldum stofunnar, læra um frumlitina og hvernig má beita þeim, um grunnformin og möguleika þeirra. Í kennslunni er m.a. notast við sögu um litina úr bókinni Regnboginn eftir Ragnheiði Gestsdóttur og frumlitir og litablöndun útskýrð út frá sögunni.



2. bekkur



Í öðrum bekk byrjar kennslan á upprifjun á litafræði og farið nánar í fræðin. Nemendur læra grunnblöndun lita og vinna með blandaða tækni. Auk þess læra nemendur að byggja upp mynd með hjálp grunnformanna og skipar myndbygging stóran sess í kennslunni. Nemendur fá svo kennslu í leirmótun og vinna að gerð skrímsla sem þau handmóta og glerja. Leirmótunin verður svo flóknari eftir því sem ofar dregur í árgöngum og þróast verkin frá einföldum skrímslum í fiska eða uglur, kertastjaka eða bolla.

Hér má sjá skrímslamynd eftir nemanda í 2. bekk en verkefnið er unnið með blandaðri tækni og lögð áhersla á mynstur og sköpun nemenda

3. bekkur

Kennarar skiptu á milli sín kennslu myndmenntar í þriðja bekk í vetur og gekk samvinnan vel og voru verkefnið mörg og fjölbreytt enda fékk þessi árgangur 13-14 smiðjutíma. Nemendur gerðu uglur úr leir, unnu verk úr sögunni um Pétur og Úlfinn, gerðu sjálfsmyndir o.fl. Þau höfðu flest mjög gaman af verkefninu draumahúsið þar sem ímyndunaraflað fær að leika lausum hala og þau teikna hús drauma sinna.

Hér sjást tvær blómamyndir sem nemendur gerðu með vatnslitum, þeir teiknuðu svo fiðrildi og límdu á myndirnar.





4. bekkur. Farið er í íslenska listasögu. Nemendur læra uppbyggingu kyrralífs mynda og fræðast m.a. um Jóhannes S. Kjarval og Louisu Matthíasdóttur listmálara. Farið er dýpra í myndbyggingu og forgrunn, miðgrunn og bakgrunn. Nemendur læra um áhrif lita í myndum og gera verk eins og þetta hér til hliðar þar sem er unnið er með heita og kalda liti. Í leirvinnu skera þeir út fiska þar sem leirinn er flattur út með kökukefli og mynstur gerð með ýmsum áhöldum.

5. bekkur

Nemendur vinna fjölbreytt verkefni og er mikil áhersla lögð á línuteikningu og möguleika hennar. Þar ber helst að nefna teikningu á skó þar sem nemendur spreyta sig á að teikna nákvæmt skó séð frá ýmsum sjónarhornum. Auk þess fá nemendur tækifæri til að skera út í grafíkduk og þrykkja með ýmsum prentlitum. Nemendur móta svo skálar úr leir og nýta sér holutækni við mótunina. Nemendur hafa einnig spreytt sig á uppstillingu þar sem þeir nýta þurrkrít til að teikna ýmsa fugla.

Nemendur spreyta sig einnig á fjarvídd þar sem unnið er fjarviddarverk út frá einum punkti. Hér til hliðar má sjá sýnishorn af svokölluðu MOLA verkefni þar sem unnið er með tvöfalda línu og einkenni MOLA listar frá Panama.



6. bekkur

Í 6. bekk er farið í gullinsnið Leonardos og þannig er haldið áfram að byggja ofan á fyrra nám. Áhersla er lögð á nákvæma andlitsteikningu í gegnum leiðsagnarnámið. Nemendur mála auk þess mynd í anda Impressionisma og þar reyna nemendur að fanga stemningu þess tíma í málverki. Nemendur teikna einnig íslenska fugla og vinna verkið með þurrkrít. Einnig er haldið áfram með fjarvídd en frá öðru sjónarhorni en áður og svo er stærsta verkefni smíðjunnar grafíkverk þar sem nemendur skera út í duk og þrykkja.



7. bekkur



Í 7. bekk er áhersla lögð á listasögu og að vinna verk út frá þekktum listastefnum.

Nemendur kynnast listamönnum eins og Braque og Picasso í tengslum við Kúbisma og Andy Warhol í gegnum Popplis. Einnig vinna þeir skemmtileg verkefni í tengslum við samtímamenningu og hönnun og búa til sín eigin logo út frá grunnformum og skammstöfum úr nöfnunum sínum. Í vetur gerðu nemendur fugla úr leir og teiknuðu draumahúsið sitt í þversniði auk þess að gera eigin teiknimyndasögu.

Helstu áherslur

Í myndmenntakennslunni skipar handverk eins og grafík og leirmótun stóran sess og njóta mikilla vinsælda hjá nemendum. Þessar aðferðir eru að mati kennara góður kostur til að efla verklega færni nemenda. Vinnubrögðin eru fjölbreytt og býður tæknin upp á ótrúlega möguleika til úrvinnslu. Námið er hægt að byggja upp stig af stigi þar sem farið er frá hinu einfalda til hins flókna. Hún hvetur til lausnamiðaðra aðferða og spreyta nemendur sig á ýmsum tæknilegum aðferðum og kljást við þau vandamál sem upp koma í vinnuferlinu. Þeir læra einnig samvinnu, að taka tillit til hvors annars og að mistök séu möguleikar og að það megi nota þau til að greina hvað fór úrskeiðis og læra af þeim. Stundum getur það leitt þau á nýjar og spennandi slóðir. Með hjálp grafíkur geta nemendur fengið aðra sýn á hugtök eins og speglun, andhverfu og form en það eru hugtök sem eru mikið unnið með í stærðfræði. Leirvinnan gefur tækifæri til þrívíðrar vinnu og eflir verkkunnáttu, þolinmæði og fínhreyfingar.



Upplýsingatækni

Kennarar nýta tæknina mikið í innlögnum og sýnikennslu. Nemendur ferðast vítt og breitt um netið og fræðast um ýmsa listamenn og listastefnur, t.a.m. kúbisma, popplis og impressionisma. Skjávarpinn í myndmenntastofunni er nauðsynlegur til að sýna fyrirmyndir, myndlistartækni, myndbönd og fleira.

Viðburðir og félagslíf

Í ár var öskudagur haldinn venju samkvæmt og því hefðbundin grímugerð inni í myndmenntastofunni. HS-leikar voru haldnir. Í myndmennt gerðu nemendur verk með þurrkrít og margvíslegum skapalónum og var mikil lukka með það verkefni. Þorablót 6. bekkjar var haldið og þótti heppnast einstaklega vel. Komin er hefð fyrir því að nemendur árgangsins sem eru í myndmennt skreyti vegg matsalarins

Aðstaða og Tækjakostur

Í vetur voru gerðar endurbætur á leiðofninum og sett tölvustýring sem var til mikilla bóta og kennarar sjá mikinn mun á verkum nemenda. Jafnframt var glerofninum fargað ásamt ýmsu öðru í leirherberginu. Nú vantar bara vinnuborð og hillur á vegginn til að fullkomna aðstöðuna.

Sigríður Anna E. Nikulásdóttir og Heiða Lind Sigurðardóttir

SMÍÐI

Í Smíði koma allir nemendur skólans í 1.-7. Bekk. Kennarar eru Sigrún Óskarsdóttir sem kenni í fyrsta bekk og Sverrir Kristinsson sem kenndi öðrum árgöngum.

Helstu markmið

Að nemendur, læri að umgangast og nota ákveðin verkfæri m.t.t. aldurs, vandi sig og fari stoltir og ánægðir heim með verkefni sem þeir hafa unnið. Í eldri bekkjum er lögð áhersla á að nemendur fullvinni hugmynd sína á blað og byrji svo að smíða gripinn.

Uppbygging kennslunnar

Innlögn er í byrjun hvers tíma. Farið er með nemendum yfir hvaða verkfæri eða efni þeir koma til með að nota og hvernig þeir nota það. Hver og einn nemandi vinnur að eigin verkefni á þeim hraða sem hentar hverjum og einum. Samvinnunám á stundum við, þá miðlar sá nemandi sem kominn er lengra til annarra nemenda. Hver og einn nemandi vinnur á sínum hraða og fær aðstoð eftir þörfum. Mikil áhersla er lögð á að í sem flestum verkefnum geti nemendur ráðið hugmynd og útliti verkefnisins og gert að sínu.



Kennsluaðferðir/leiðsagnarnám

Helsta kennsluaðferð er leiðsagnarnám þar sem er sýnikennsla og samræður. Þar sem við á fá nemendur að sjá sýnishorn af þeim smíðisgrip sem þeir eiga að smíða. Í eldri árgöngum, sérstaklega í 6. og 7. bekk er lögð mikil áhersla á að nemendur setjist niður áður en þeir byrja á nýju verkefni og setji hugmyndir sínar á blað, snið og útlit og geri sér góða hugmynd um endanlegt útlit þess grips sem þeir eru að fara að smíða. Þeir geri sér grein fyrir því hvað þeir eru að fara að gera og hvernig þeir vilja að hluturinn líti út. Í smíði fer fram einstaklingsmiðað nám. Hver og einn nemandi fær verkefni og leiðsögn eftir þörfum.

Námsefni/gögn

Kennari leggur fyrir verkefni, segir frá ferlinu og sýnir um leið fullbúinn smíðisgrip.

Námsmat

Leiðbeinandi endurmat er allsráðandi í smíði. Þeir þættir sem einkum eru hafðir til grundvallar eru: sjálfstæð vinnubrögð, vandvirkni, hegðun og vinnusemi.

Árangur

Eftir að hafa kennt reynslu síðustu þriggja ára er kominn tíma til að endurskoða verkefni og auka fjölbreytni. Sú vinna er hafin Of mikið af verkefnunum snýst um útsögun og síðan það að pússa og mála. Og þegar verkefnin verða meira krefjandi er það kennarinn sem setur saman fyrir nemendur. Stefnan er að gera verkefnin fjölbreyttari og gera auknar kröfur um að nemendur setji meira saman sjálfir. Fjölmargir nemendur, sérstaklega þeir eldri ráði vel við flóknari gripi en þeir eru að vinna við núna og ánægja vex í hlutfalli við flækjustigið.



Húsnæði - aðstaða – verkfæri.

Smíðastofan er í það heila mjög góð. Hún er mátulega stór og björt. Mikill kostur við hana er að kennari hefur mjög góða yfirsýn yfir hana, hvar sem hann er staddur. Stærðin er í góðu lagi. Málningarklefinn er eina rýmið sem mætti vera aðeins stærra en það kemur ekki verulega að sök. Það er samt ljóst að sama hæð hefilbekkja og vinnuborða hentar ekki nemendum í fyrsta til sjöunda bekk. Nokkur skammell í mismunandi hæð fara langt með að brúa bilið við borð í málningarklefa og við litlar borðsagir sem eldri nemendur fá að nota.

Misvel gengur að fá nemendur til að ganga vel og skilja vel við eftir hvern tíma. Í vetur hefur verið áberandi hvað umgengni um málningarklefa hefur verið slæm. Þar verður farið í smáendurbætur í vor og haust til að betra verði að fylgja eftir góðri umgengni.

Óneitanlega er aðeins farið að sjá á ýmsu í smíðastofunni en það er ekkert sem sker í augu. Nóg er til af verkfærum. Dálítil endurnýjun hefur verið á því sem mæðir mest á og segja má að stofan sé vel búin góðum verkfærum. Þess verður að geta hér að stærð hópanna hefur verið frá 10 og upp í 14 nemendur í hverri smíðju. Þegar hópurinn er kominn í 13 – 14 nemendur er stundum erfitt að koma öllum fyrir svo vel sé.

List og verkgreinar eru allar á sama gangi og hentar það vel. Það auðveldar samvinnu á milli list- og verkgreinakennara og gerir það að verkum að þeir geta samnýtt efni þegar það á við.

7. bekkur

Skylduverkefni vetrarins hjá 7. bekk var gesta/hugmyndabók. Mikil áhersla er lögð á hugmyndavinnu og hönnun bókarkápunnar og vönduð vinnubrögð við útfærslu og vinnu. Nemendur unnu síðan frjáls verkefni þegar bókargerðinni lauk. Verkefni sem þeir fengu hjá kennara en líka gripi sem þeir hönnuðu sjálfir.

6. bekkur

Nemendur í 6. bekk hönnuðu og bjuggu til lampa. Í lampann fengu þau 20 ljósa seríu og endurnýttu allskonar hluti. Útkoman úr þessu verkefni var mjög skemmtileg.

Annað verkefni hér var smíði á lítilli krítartöflu. Nemendur fengu efnið en settu sjálf saman og síðan þurfti að ganga frá gripnum með málningu og skreytingu.

5. bekkur

Helsta verkefnið var lítið trébox. Nemendur fengu efni sem þeir áttu að saga niður og settu síðan boxið saman sjálfir. Standur fyrir farsíma var annað verkefni hér. Nemendur fengu efni og sníðu sjálf niður efnið og síðan þurfti að setja standinn saman og pússa og mála.



4. bekkur

Rúm fyrir bangsa var helsta verkefnið í vetur. Nemendur hönnuðu útlit rúmgafla og söguðu þá svo út. Mikil vinna er svo lögð í að forma, pússa og mála þá. Prófað var að láta nemendur vinna hluta af samsetningunni og gekk það vel. Þetta var samvinnuverkefni með textílmennt. Þar sem saumaðir voru bangsar í rúmið og jafnvel rúmföt ef tími gafst til.

Annað verkefni í þessum árgangi var eðla sem nemendur söguðu út og pússuðu og skreyttu. Þetta verkefni reynir á hæfni nemenda í útsögun þar sem huga þarf vel að nokkrum smáatriðum. Eftir útsögun er eðlan máluð og skreytt.

3. bekkur

Helsta verkefnið hjá þessum nemendum var húsgafl sem þau söguðu út eftir sníði frá kennara og skreyttu síðan eftir eigin höfði. Annað verkefni hér er kanína, sett saman úr tveimur hlutum. Nemendur sjá að mestu um að saga út efnið og setja síðan saman og mála og skreyta.



2. bekkur

Nemendur gerðu broddgölt og fiska, þeir fengu 4 mm. mdf. plötur og söguðu út, pússuðu, lituðu og skreyttu. Aukaverkefni voru fjölbreytt, bæði furðuverur úr kubbakassanum og smámunir sem þau söguðu út eftir sníði frá kennara.

1. bekkur

Smíði var einu sinni í viku hjá fyrsta bekk í einn og hálfan tíma í senn.

Fyrsta verkefnið var tálgaður töfrasproti en þá læra nemendur örugg hnífsbrögð með tálguhníf. Annað verkefnið var fáni en þá kynnst nemendur ýmsum þjóðfánum og velja hvaða fána þeir vinna með og teikna. Þeir saga síðan út stand og fánastöng. Þriðja

verkefnið var vírskaut þar sem þér þræða perlur á vír sem síðan er límdur á kubb sem nemendur hafa sagað og pússað. Fjórða verkefnið er margfætla en þar vinna nemendur með tilbúinn viðarkubb sem þeir byrja á að pússa. Nemendur negla nagla með pinnahamri eins marga og þeir vilja sem eru fætur á margfætlunni. Andlitið á margfætluna gera þeir úr þversneið af trjágrein sem þau hafa sagað út.

Sverrir Kristinn Kristinsson og Sigrún Óskarsdóttir



TEXTÍLMENNT

Kennarar eru Ester Jónsdóttir og Sigrún Óskarsdóttir, allir árgangar fara í textílmennt.

Áherslur árgangsins

Í textílkennslunni læra nemendur vinnubrögð og að beita áhöldum greinarinnar til að efla verklega færni sína. Auk þess er skapandi hugsun eflað og fínhyrfingar æfðar við hin ýmsu verkefni. Nemendur eru hvattir til að aðstoða hvern annan við að leysa úr verkefnum og setningin „spurðu tvo, kennarann svo“ höfð uppi við til að minna nemendur á. Önnur setning sem einnig er höfð í hávegum í kennslunni er „æfingin skapar meistarann“ og reyna kennarar að styðja við seiglu nemenda og minna á að lærdómurinn kemur oft í gegnum mistök og þau eru hluti af námsferlinu. Þannig reyna kennarar að halda jákvæðri nálgun við kennsluna.

Á miðstigi hefur verið lögð sérstök áhersla á vinnu með Cricut. Nemendur vinna þá letur og/eða mynd í svo til gerðu forriti og prenta svo út í vínýlskera. Myndin er svo færð yfir á efnið og hún pressuð með hitapressu á verkefnið.

Kennsluhættir/leiðsagnarnám

Textílmennt hefur verið kennd í smíðjum. Flestir nemendur hafa mætt tvisvar sinnum í viku, tvo tíma í senn, í 9-14 skipti, eftir stærð árgangsins en nemendur í 1. bekk mættu einu sinni í viku í vetur, klukkutíma í senn. Það eru 9-12 nemendur í hverjum hópi og

einstaka nemendur hafa stuðning inni í tíma og fá einstaklingsmiðuð verkefni sem eru aðlöguð að þeirra getu.

Í Hofsstaðaskóla skiptist textílkennsla milli tveggja kennara og gengur samvinnan vel. Kennslunni er skipt eftir árgöngum þannig að kennararnir eru ekki að kenna sömu verkefni. Kennarar hittast reglulega á fagfundum og bera saman bækur sínar. Kennsluhættir eru með svipuðu sniði í öllum árgöngum. Fyrsta kennslustundin byrjar á innlögnum og samtali við nemendur þar sem farið er yfir verkefni smiðjunnar, efni og áhöld. Kennari hefur áhersluatriði og lýsingar á smiðjunni uppi á töflu og eru markmiðin sýnileg fyrir nemendum. Hann kemur jafnframt með dæmi og sýnishorn af verkefninu.

Námsáætlanir eru til fyrir alla árganga og kennurum tókst vel að halda áætlun. Stuðst er við símat og leiðsagnarnám og hafa kennarar verið að uppfæra kennsluáætlanir til að standast kröfur leiðsagnarnáms, t.d. með fyrirmyndum og árangursviðmiðum.

Í textílmennt er lögð áhersla á fjölbreyttar aðferðir og tækni. Hafa kennarar vanalega sýnt fyrirmyndir af verkefnum og skrifað árangursviðmið upp á töflu. Í vetur hafa kennarar sett upp fjölbreytta námsveggi með hugtökum og myndum, sem og leiðbeiningum og fyrirmyndum.

Upplýsinga- og tæknimennt

Kennarar nýta sér tæknina mikið í innlögnum og sýnikennslu og auk þess eru tölvur og vínyskerar mikilvægur hluti kennslunnar á miðstigi. Einnig geta nemendur nýtt sér QR kóða til að læra á saumavél, t.d. hvernig þræða á saumavélina.

Námsmat

Stuðst er við eftirfarandi matskvarða sem er framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar, hæfni ekki náð og ólokið.

1. bekkur

Í fyrsta bekk koma nemendur einu sinni í viku, klukkutíma í senn. Alls sex eða sjö sinnum. Nemendur læra að umgangast textílstofuna, m.a. að beita helstu áhöldum stofunnar. Þau læra um grunnformin og möguleika þeirra og búa til vef og skreyta. Einnig þæfa þau bolta úr ull.



2. bekkur

Í 2. bekk eru unninn fjölbreytt verkefni til að efla getu nemenda í textílvinnu og sköpun. Aðalverkefni smiðjunnar eru filtsaumaðar geimverur þar sem kennari samþættir náttúrufræði við textílvinnuna og nemendur læra um sólkerfið og reikistjörnur þess. Nemendur þæfa einnig bolta með blautþæfingu.



3. bekkur

Í þriðja bekk sauma nemendur út myndir að eigin vali með aftursting og sauma úr henni púða. Einnig sauma nemendur poka sem lokaður er með snúnu bandi, þau hanna mynd á pokann sem þau teikna á með textíltússlitum.



4. bekkur

Nemendur í 4. bekk saumuðu bangsa. Bangsarnir heppnuðust vel og saumuðu nemendur auk þess fót eftir sniði sem og rúmföt fyrir bangsana sem passa í bangsarúmin sem nemendur gera í smíði. Í verkefninu þjálfast nemendur í vélsaumi og notkun saumavélar, að fara eftir leiðbeiningum og að nota áhöld eins og skæri og títuprjóna. Einnig gerðu nemendur þæfða fjallamynd.



5. bekkur

Í 5. bekk læra nemendur undirstöðu krosssaums. Þau byrja á upphafsstöfunum sínum sem þau teikna á rúðustrikað blað og fara eftir. Svo velja þau sér flóknari mynd og sauma með krosssaumi. Þau sauma auk þess poka/bakpoka í saumavél. Nemendur unnu einnig verkefni í hekli og prjóni.



6. bekkur

Nemendur nýta sér fyrri þekkingu til að vinna að sjálfstæðum verkefnum. Þeir voru hvattir til til að nýta sér skapandi hugsun og útfæra í eigin verki auk þess sem flestir náðu að tileinka sér aukna leikni í hekli og prjóni. Saumavélaverkefni voru ýmiskonar t.d. töskur, pokar og púðar. Nemendur fengu kynningu á cricut þar sem þeir gátu skorið út filmur og sett á fatnað. Cricut smáforritið er einfalt og notendavænt. Þeir horfðu á kennslumyndbönd inn á <https://cricut.gbrskoli.is/> áður en þeir byrjuðu vinnu sína.



7. bekkur

Lagt er upp í byrjun lotu að nemendur fái að velja sér verkefni, þar sem áhugi nemenda getur verið á mismunandi sviðum. Unnið er með saumaverkefni, verkefni í hekli, prjónaverkefni og krosssaumsverkefni. Nemendur nýttu sér tækni í cricut og vínyskerann til að skreyta vinnu sína. Nemendur vinna sjálfstætt með útfærslu og efnisveitur í samráði við kennara.



Ester Jónsdóttir og Sigrún Óskarsdóttir

TÓNMENNT

Tónmennt er kennd í 1.-7. bekk og kennari er Unnur Þorgeirsdóttir. Stuðningsfulltrúar fylgja nokkrum nemendum sem þurfa stuðning í kennslustund.

Í tónmennt læra nemendur samvinnu og tillitsemi í gegnum hljóðfæraleik og hreyfingu. Þeir byggja ofan á þekkingu og reynslu í gegnum leik, söng og hljóðfæraleik. Nemendur í 1.-4. bekk hefja hvern tíma á söng og hreyfingu. Verkefni tímans eru síðan kynnt og lögð fyrir en þau geta m.a. verið hljóðfæraleikur, hlustun eða tónlistarleikir. Í 5.-7. bekk er áhersla lög á samvinnu og unnið er með hljóðfæri, leiklist, leiki, hljóðvinnsluforrit og hlustun.

Áhersla hefur verið að þjálfa seiglu nemenda t.d. í hljóðfæraleik. Nemendur eru að læra og með því að æfa sig og endurtaka þá lærir nemandinn. Nemandi fær leiðsögn um hvernig sé hægt að gera betur, t.d. með því að spila hægar og endurtaka.

Kennsluhættir/leiðsagnarnám

Kennsluhættir eru fjölbreyttir. Mikið er um samvinnunám í minni og stærri hópum. Áhersla er lögð á söng, hreyfingu og hljóðfæraleik og að allir taki þátt. Einstaklingsverkefni eru unnin, bæði skrifleg og verkleg. Skrifleg verkefni eru unnin þegar verið er að vinna með ákveðin þemu eins og tónskáldið Mozart eða hljóðfærabók. Þemaverkefni eru oft unnin í samvinnu við bekkjarkennara. Sem dæmi má nefna geimurinn í samvinnu við 3. bekk og fjöllin í 2. bekk. Þá eru lög sungin sem tengjast þemanu, hlustað á tónlist og tónlist búin til af nemendum. Kennt er í lotum í 7. bekk og koma nemendur í 1x80 mín í 5-6 vikur. Í lotunni er tekið fyrir þemaverkefnið dægurtónlist í 7. bekk. Í öllum árgöngum er unnið með tónlistarforrit til tónsköpunar.

Námsáætlanir eru til fyrir alla árganga og gekk vel að halda áætlunum. Stuðst er við símat og leiðsagnarnám og verið er að uppfæra kennsluáætlanir til að standast kröfur leiðsagnarnáms, t.d. með fyrirmyndum og árangursviðmiðum.

Upplýsinga- og tæknimennt

Kennari nýtir sér tæknina mikið í innlögnum og sýnikennslu. Skjávarpinn í tónmenntastofunni er því mikið notaður til að sýna fyrirmyndir, myndbönd, varpa upp söngtextum og fl.

Tónmennt nýtir sér nokkur öpp í spjaldtölvum til kennslu. Muzic4Kids er notað til tónsköpunar og nótnaritunar. Garageband er mikið notað til tónsköpunar við t.d. kvikmyndir og ýmiskonar lagasmíðar. Tunetrain er notað til tónsköpunar fyrir yngri bekkina og Figure og Loopsequence 8 er notað til að búa til m.a. hringitóna.

Námsmat

Námsmat í öllum bekkjum er sett fram í hæfniviðmið á hæfnikorti nemenda í Mentor. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat þannig að endurgjöf til nemenda er tíð. Tekið er tillit til virkni, samvinnuhæfni og árangurs. Markmið vetrarins eru kynnt nemendum sýnilega frá

byrjun og minnt á þau reglulega. Vitnisburður er gefinn jafnt og þétt yfir árið í 1. – 6. bekk og er byggt á símati, verklegum og skriflegum verkefnum. Í 7. bekk er námsmat eftir hverja lotu.

Viðburðir

Vikulega komu nemendur í 1. – 4. bekk saman á sal til að syngja. Reynt er að mæta áhuga nemenda og tengja sönglöggin við bæði hefðir og dægurmenningu. Nemendur taka almennt vel undir í söng. Nemendur komu einnig fram og sýndu stutt atriði. Nokkrir bekkir undirbjuggu sýningu á sal við góðar undirtektir. Þar á meðal voru 5. bekkir sem höfðu mikinn áhuga á að undirbúa og sýna fyrir nemendur skólans. Jólaskemmtun gekk vel og dansað var í kringum jólatréð undir stjórn tónmenntakennara og Birgis húsvarðar sem sló algjörlega í gegn. Fyrir þorablót 6. bekkjar undirbjó tónmenntakennari atriði “Cup song” þar sem sungið er og spilað á glös og bala. Nær allur árgangurinn tók þátt og gekk undirbúningurinn og flutningurinn mjög vel. Vel var tekið undir sönginn á þorablótinu. HS leikarnir gengu vel með stöð þar sem giska á úr hvaða bíómynd, tölvuleik eða þætti tónlistin er. Söngur á skólaslitum gekk vel.



Skólakór

Kór skólans starfaði í vetur. 6. bekkur og setti upp jólasýningu í desember. Í maí sýndi hópur nemenda í 5. bekk stutta útgáfu af Encanto. Gengu sýningarnar vel og nemendur létu ljós sitt skína. Það gekk heldur verr að finna tíma sem hentaðu bæði nemendum og kennara til æfinga. Í vetur voru líka heldur færri viðburðir þar sem kórinn kom fram en hafa verið undanfarin ár.

Unnur Þorgeirsdóttir

ÍÞRÓTTIR

Hlynur Viðar Ívarsson kenndi: 1., 2., 5., 6. og 7. bekk., Hreinn Októ Karlsson kenndi: 1., 2., 3., 4. og 7. bekk og Jóhann Ingi Hjaltason kenndi: 2., 3., 4., 5. og 6. bekk.

Helstu markmið

Að nemendur læri helstu grunnhreyfingar, nái færni í að vera þátttakendur í leikjum og upplifi tap og sigra. Að nemendur upplifi hreyfingu á jákvæðan hátt, að allir taki þátt og fái útrás fyrir hreyfipörf sína. Að nemendur tileinki sér helstu reglur í leikjum og gildandi umgengnisreglur í íþróttahúsi.



Uppbygging kennslunnar

Allir nemendur fara tvisvar sinnum 40 mínútur á viku í íþróttir. Kennt er í íþróttahúsinu Mýrinni og úti í þrjár vikur að vori.

Kennsluaðferðir

Kennsla fór aðallega fram í leikjaformi, með hring- og stöðvaþjálfun og sýnikennslu. Í vetur voru markmiðin skýr fyrir hverja kennslustund og koma þau fram á tímaseðlum. Nemendum var kynnt í byrjun til hvers var ætlast af þeim og hver verkefnin væru í tímunum.

Í vetur var haldið áfram að vinna með leiðsagnarnám. Unnið var með markmið, árangursviðmið og hæfniviðmið í völdum námsþáttum ásamt því að vinna með fjölbreytta endurgjöf.

Námsefni/gögn

Allt það sem til er í íþróttahúsinu, t.d. mörk, dýnur, boltar, sippubönd, húllahringir, bretti og baunapokar.

Námsmat

Í 1.-7. bekk er námsmat sett fram í námsframvindu í Mentor; sipp, sex mínútna hlaup, tuttugu metra spretthlaup, langstökk án atrennu og boltakast. Í námsframvindu er einnig metin virkni í kennslustundum, hvort nemendur fari eftir fyrirmælum og fylgi leikreglum.

Húsnæði – aðstaða

Íþróttakennsla fer fram í hálfum sal Mýrarinnar. Salurinn er stór og góður en það glymur mikið. Á vorin er útikennsla og þá er skólalóðin og nærumhverfið nýtt til kennslu. Það vantar sárlega aðstöðu fyrir útkennslu við Hofsstáðaskóla og væri gott ef útbúin yrði aðstaða á Stjörnuvellinum sem hægt væri að nota til íþróttakennslu t.d. gervigras eða frjálsíþróttaaðstaða.

Viðburðir

Í haust tóku nemendur skólans þátt í Ólympíuhlaupi ÍSÍ. Þátttakan var góð og nemendur stóðu sig vel. Með þátttöku í skólahlaupinu er leitast við að hvetja nemendur til þess að hreyfa sig reglulega og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan.

Íþróttadagurinn var haldinn 5. júní. Nemendum var skipt í 6 hópa og voru árgangar saman í hóp. Það voru 6 stöðvar og fékk hver hópur 25 mínútur á stöð. Stöð 1 var Tarzan leikur í íþróttahúsinu, stöð 2 var pókó, snú snú og slöngu skæri blað steinn úti á skólalóð, stöð 3 var battavöllur og körfuboltavöllur, stöð 4 var boðhlaup á stjörnuvellinum, stöð 5 var leikir, stultur, kubbur, baunapokakast o.fl. á stjörnuvellinum og stöð 6 var frjáls leikur í hoppuköstulum. 7. bekkur fór í Miðgarð þar sem þau gátu valið um að fara í fótbolta, handbolta eða brennó ásamt klifri. Leiðbeinendur úr Klifurhúsinu komu og leiðbeindu nemendum í klifurveggnum. Dagskránni lauk síðan með samveru allra nemenda, starfsmanna og kennara í Mýrinni þar sem fram fór keppni milli kennara og nemenda í 7. bekk. Keppnisgreinar voru; reiptog, froskalappaboðhlaup og kók og kókosbollukappát. Kennarar unnu keppnina í ár en nemendur stóðu sig með prýði.

Annað

Gæsla í búningsklefum í íþróttum hefur ekki alltaf gengið sem skyldi í vetur, samstarf var á milli starfsfólks Mýrarinnar og Hofsstáðaskóla um hana. Stundum vantaði gæslu í klefum og þessu þarf að fylgja mun betur eftir.

Hlynur Viðar Ívarsson, Hreinn Októ Karlsson og Jóhann Ingi Hjaltason.

SUND

Hlynur Viðar Ívarsson kenndi 2.,3., 4 og 5. bekk, Hreinn Októ Karlsson kenndi 2.,4. og 7. bekk. Jóhann Ingi Hjaltason kenndi 1.,2.,4. og 6. bekk.

Helstu markmið

Að nemendur nái færni í öndun, köfun, floti og sundtökum í helstu sundgreinum.

Uppbygging kennslunnar

1. bekkur: Nemendum var skipt í fimm hópa, 9-11 manna, sem fengu 19 - 20 skipti hver. Kennt var þrisvar sinnum í viku í 40 mínútur.

2. bekkur: Nemendum var skipt upp í átta hópa eftir bekkjum. Hver hópur mætti einu sinni í viku allan veturinn.

3. bekkur: Nemendum var skipt upp í sex hópa, 11-14 manna, sem fengu 15-18 skipti hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 40 mínútur og einu sinni í 60 mínútur.

4. bekkur: Nemendum var skipt upp í sex hópa eftir bekkjum. Hver hópur mætti einu sinni í viku allan veturinn.

5. bekkur: Nemendum var skipt í sex hópa, 13-15 manna, sem fengu 17-19 skipti hver. Kennt var þrisvar sinnum í viku, tvisvar í 60 mínútur og einu sinni í 40 mínútur.

6. bekkur: Nemendum var skipt í sex hópa, 13-14 manna, sem fengu 16-18 skipti hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 60 mínútur og einu sinni í 40 mínútur.

7. bekkur: Nemendum var skipt í sex hópa, 12-14 manna, sem fengu 10-11 skipti hver. Kennt var tvisvar í viku í 60 mínútur.

Boðið var upp á aukatíma í sundi fyrir þá sem þurftu á að halda. Tímarnir fóru fram á morgnana áður en skólinn byrjaði og voru þeir dagar í boði sem hentuðu kennurum og nemendum.

Kennsluaðferðir

Kennsla fór fram í formi sýnikennslu og notast var við sýnileg markmið eða markmið útskýrð munnlega fyrir nemendum. Æfingar í leikjaformi, stöðvabjálfun og niðurbrot sunds þar sem einstaka þættir sundsins voru þjálfaðir.

Í vetur var haldið áfram með leiðsagnarnám og var unnið að því að festa það betur í sessi í kennslunni. Unnið var með markmið, árangursviðmið og hæfniviðmið í völdum námsþáttum ásamt því að vinna með endurgjöf.

Námsmat

Nemendur voru prófaðir eftir samræmdum sundstigum úr námsskrá og einkunn gefin fyrir hvern þátt í námsframvindunni í Mentor.

Húsnæði – aðstaða

Sundlaugin í Mýrinni er lítil kennslulaug, 10 x 16,7 metrar. Hún er búin hinum ýmsu tækjum sem hægt er að nota til aðstoðar við sundkennslu. Hljóðnemi er í sundlaugarrýminu sem gott er að nota við kennsluna. Að mati kennara hentar laugin mjög vel til kennslu en er þó helst til lítil fyrir elstu nemendurna. Sundlaugin er ekki í nógu góðu standi þar sem vatn er komið undir dúk og grindur brotnar á nokkrum stöðum yfir rennum og getur hætta stafað að því fyrir litla fætur. Vinnueftirlitið kom og tók út vinnuaðstöðu og mældi loftgæði inni í sundlaug og skilaði skýrslu til forstöðumanns hússins.



Annað

Lotuskipting í sundi hefur reynst vel þar sem að nemendur fara ört í sund og eru þá fljótir að tileinka sér sundaðferðir sem kenndar eru. Yngstu nemendurnir sem eru vatnshræddir fá örari þjálfun og eru því fljótir að aðlagast vatninu. Það getur þó verið hætta á því að það líði of langur tími þar til nemendur fari aftur í sund þegar lotunni líkur. Til að koma í veg fyrir það væri gott að hafa í huga árið eftir hvaða börn voru í fyrri lotum og hvaða í seinni þannig að þau væru á svipuðum tíma í sundi á næsta ári.

Það gekk vel í 2. og 4. bekk þar sem nemendur mættu 1x í viku allan veturinn en það er fyrirkomulag sem ákjósanlegt er að fleiri árgangar myndu komast inn í og þá helst að koma yngsta stiginu inn fyrst.

Hlynur Viðar Ívarsson, Hreinn Októ Karlsson og Jóhann Ingi Hjaltason



SKÝRSLA NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFI

Skólaárið 2024-2025 starfaði Alexía Rut Hannesdóttir sem náms- og starfsráðgjafi í 100% starfshlutfalli við Hofsstaðaskóla.

Náms- og starfsráðgjöf er lögbundinn hluti af sérfræðipjónustu skóla. Námsráðgjafi stendur vörð um velferð nemenda, er málsvari þeirra og trúnaðarmaður. Markmið námsráðgjafar í grunnskólum er að veita nemendum faglega þjónustu og ráðgjöf. Námsráðgjafi aðstoðar nemendur við lausn mála sem tengjast námi, framtíðaráhorfum, samskiptum og líðan í skólanum með það markmið að stuðla að farsælu skólastarfi. Það stendur öllum nemendum til boða að hitta námsráðgjafa.

Verkefni námsráðgjafa eru fjölbreytt og geta nemendur, forsjáraðilar og starfsfólk skólans nýtt sér aðstoð hans. Stór hluti af starfi námsráðgjafa eru einstaklingsviðtöl ásamt hópráðgjöf. Námsráðgjafi sinnir einstaklings-, hóp-, námstækni- og félagsfærniráðgjöf. Auk þess kemur hann að fræðslu um sjálfsmynd, sjálfstraust, vináttu, markmiðasetningu, einelti og lausnum við samskiptavanda. Hópráðgjöf fer fram í hópastarfi og nýtist afar vel þegar tekist er á við félagsfærni- og vináttuþjálfun. Viðfangsefni og markmið hvers hópastarfs eru ólík eftir þörfum hóps hvers og eins en algengt viðfangsefni hópastarfs eru jákvæð samskipti, tilfinningar, sjálfsmynd, leiðtogaþærni og vinátta. Námsráðgjafi er í góðu samstarfi við starfsfólk skólans, forsjáraðila, nemendur og aðra fagaðila innan og utan veggja skólans.

Fjölmargir nemendur nýttu sér aðstoð námsráðgjafa í vetur og komu nemendur í einstaklingsviðtöl eða voru þátttakendur í hópastarfi. Þau sem nýttu sér aðstoð námsráðgjafa voru u.þ.b. 100 nemendur og komu nemendur í allt frá einu viðtali upp í 25 yfir skólaárið. Algengast var að nemendur komu í eitt til fimm viðtöl. Hóparnir sem námsráðgjafi var með í reglulegu hópastarfi þetta skólaárið voru 12 talsins, allt frá 4 til 17 nemendur í hverjum hópi, skiptin sem hóparnir hittust voru allt frá einu skipti upp í 6 skipti.

Fræðsluerindi

Námsráðgjafi, ásamt deildarstjórum eldra og yngra stigs, sá um skipulag á utanaðkomandi fræðsluerindum fyrir nemendur. Fræðsluerindin sem fengin voru þetta skólaárið var meðal annars Netumferðarskólinn sem fræddi nemendur í 4. bekk um netöryggi barna í stafrænni tilveru, persónuvernd og miðlalæsi. Í fræðslunni var rætt um stafrænt fótspor, algóritma og samskipti á netinu. Fræðslan hitti í mark hjá nemendum, enda margir að feta sín fyrstu fótspor í netheimum, á samfélagsmiðlum og tölvuleikjum. Heilsulausnir kom með fræðslu fyrir 5. bekk um sjálfsmynd, líkamsímynd og skjánotkun. Þar var meðal annars talað um að setja sér og öðrum mörk, sjálfsvirðingu, mikilvægi þess að tala fallega um eigin líkama og hreyfa sig til að líða vel. Farið var einnig yfir aldurstakmörk á samfélagsmiðlum og viðbrögð við óæskilegum samskiptum á netinu. Andrea og Kári komu með fræðsluna *Fokk me Fokk jú* og ræddu þau við nemendur í 6. bekk um sjálfsmynd, samskipti og samfélagsmiðla. Einar Örn Guðmundsson sjúkráðgjafi og Margrét Lára Viðarsdóttir sálfræðingur og íþróttufræðingur komu með fræðslu fyrir 7. bekk og ræddu um andlega og líkamlega heilsu. Talað var um mikilvægi hreyfingar og réttar

líkamsbeitingar, áhrif orkudrykkjaneyslu á svefn, leiðir til að auka andlegt heilbrigði og uppbyggingu sjálfsmyndarinnar. Námsráðgjafi sat fræðsluerindin fjögur. Þar að auki sat námsráðgjafi fræðsluna Krakkarnir í hverfinu sem er brúðuleikhús sem vitundarvakning um kynferðislegt ofbeldi fyrir nemendur í 2. bekk. Í kjölfarið af fræðslunni voru umræður meðal fræðara og nemenda.



Samskiptamál

Í samstarfi við ráðgjafar- og fræðslufyrirtæki KVAN unnu námsráðgjafar ásamt aðstoðarskólastjórum í grunnskólum Garðabæjar að endurgerð eineltisáætlunar sem ber nú heitið Samskiptasáttmáli Garðabæjar og var formlega unnið eftir henni á þessu skólaári. Námsráðgjafi hefur umsjón með samskiptateymi í Hofsstáðaskóla ásamt deildarstjóra yngra og eldra stigs. Ávallt er kallað eftir umsjónarkennara og annarra sem málið varða til að til að leita að lausnum við vinnslu nemendamála. Teymið vinnur eftir samskiptasáttmála Garðabæjar og fylgir verkferlum sáttmálans þegar upp koma samskipta- og eineltismál. Lögð er áhersla á að fyrirbyggja einelti með forvörnum, að bæta líðan nemenda og skólabraginn í heild.

Forvarnarvinna er árangursrík og hefur Hofsstáðaskóli Verkfærakistu KVAN að leiðarljósi í því að vinna með samskipti meðal nemenda ásamt vinaverkefninu BLÆR. Þetta skólaár hefur námsráðgjafi hvatt kennara til að halda bekkjarfundi ásamt því að nýta sér verkfæri sem má finna í Verkfærakistu KVAN með það markmið að búa til sterka hóp. Áhættuhegðun og samskiptavandi þrífst síður í sterkum hópum.

Þegar grunur leikur á samskiptavanda er brugðist við með samtali, fræðslu og þjálfun í samskiptum í vínahópum og/eða bekkjarhópum og bekkjarfundum ásamt einstaklingsviðtölum við nemendur. Með þessum úrræðum er mögulegt að leysa úr samskiptavanda á farsælan hátt. Gott samstarf við foreldra er því lykilatriði til að ná góðum árangri í vinnu sem þessari með nemendum.

Samskiptavandi og eineltismál eru mismunandi og haga ber vinnu hvers máls eftir eðli þess. Öll þau mál sem koma upp eru skoðuð og skráð. Námsráðgjafi hefur yfirumsjón með skráningum á samskiptamálum sem koma upp, hvort sem um er að ræða grun um einelti, sannanlegt einelti eða samskiptavanda. Til námsráðgjafa leita nemendur, starfsfólk

skólans eða forsjáraðilar, ef grunur leikur á samskiptavanda. Á þessu skólaári var samskiptateymi virkjað og unnið var með nokkur samskiptamál innan skólans.

Leiðtogaeymi KVAN

Námsráðgjafi sat í Leiðtogaeymi KVAN og er í samstarfi við fulltrúa ráðgjafar- og fræðslufyrirtækisins KVAN og fulltrúa annarra leiðtogaeyma innan grunnskólanna í Garðabæ. Markmiðið með teyminu er að styðja við starfsmenn skólans að nýta sér Verkfærakistuna sem forvörn í samskiptum og hegðun.

Í anda KVAN voru haldnir fundir með forráðafólki í 4.- og 6 .bökkjar árgangi. Fundarröðin kallaðist Samskipti & samstarf: fundur með forráðafólki og sá námsráðgjafi ásamt öðrum leiðtoga um undirbúning og skipulag fundanna. Fundirnir voru haldnir með forráðafólki í 6. bekk í nóvember 2024 og í 4. bekk í janúar 2025 og kom námsráðgjafi, leiðtogi og stjórnendur að framkvæmd þeirra. Tilgangur fundanna er að stuðla að jákvæðum samskiptum og góðum bekkjarbrag auk forvarna gegn áhættuhegðun og neikvæðum samskiptum. Markmiðið er að forráðafólk hittist, skapi tengsl sín á milli og kynnist betur. Með góðum tengslum og samstarfi heimilis, skóla og annarra ábyrgðaraðila er hægt að auka líkur á uppbyggilegum samskiptum. Forráðafólk tók þátt í hópavinnu þar sem tvær spurningar voru ræddar; Hvaða áskorunum standa börnin ykkar frammi fyrir? Hvernig ætlum við að styðja við börnin okkar að takast á við þessar áskoranir? Heilt yfir heppnuðust fundirnir vel og kom margt í ljós sem þarft var að ræða og varpa ljósi á. Í kjölfar fundanna voru meginatriðin tekin saman úr hópavinnunni og þau send í tölvupósti til forráðafólks.

Önnur verkefni námsráðgjafa

Þegar nokkrar vikur voru liðnar í upphafi skólaárs tók námsráðgjafi viðtöl við nýja nemendur í skólanum. Ef tilefni var til hitti námsráðgjafi nemendurna oftar.

Námsráðgjafi sat í nemendaverndarráði en honum ber skylda að sitja í ráðinu skv. lögum. Hlutverk ráðsins er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur sem eiga í vanda. Nemendaverndarráðsfundir eru haldnir reglulega og fjallar um mál einstakra nemenda.

Í forvarnarteymi skólans situr námsráðgjafi ásamt aðstoðarskólastjóra, fulltrúa kennara, hjúkrunarfræðingi og umsjónarmanni frístundaheimilis. Teymið fundaði á haustönn þar sem farið var yfir forvarnaráætlun skólans. Námsráðgjafi sat 6 klst. námskeið á vegum Barnaheilla um forvarnir og fræðslu um kynferðisofbeldi gegn börnum. Námsráðgjafi sat námskeið UNICEF um barnasáttmálann.

Þetta skólaár kenndi námsráðgjafi smiðjutímana félagsfærni í 6. Bekk. Áhersla var lögð á sjálfsþekkingu, tilfinningar og tilfinningalæsi, sjálfsmynd, gildi, fyrirmyndir, samskipti og samvinnu. Nemendur unnu yfir tímabilið í hefti sem námsráðgjafi hafði tekið saman sem tengist fyrrgreindum þáttum. Unnið var einnig í gegnum margvísleg verkefni og leiki. Kennt var einu sinni í viku, í 80 mínútur í senn. Hóparnir voru sjö talsins og nemendum blandað milli bekkja.

Þetta skólaár hafði námsráðgjafi umsjón yfir verkefninu Frímínútnafjöri sem er samstarfsverkefni Álftanesskóla, Hofstaðaskóla, Sjálandsskóla og Urriðaholtsskóla.

Verkefnastjórar verkefnisins voru námsráðgjafa innan handar yfir skólaárið. Markmið verkefnisins var að auka hreyfingu nemenda í frímínútum með skipulögðum hætti, stuðla að vellíðan nemenda í frímínútum, skapa uppbyggilegan og jákvæðan skólabrag, þjálf leiðtogahæfni og gefa börnum tækifæri á að bera ábyrgð. Allir nemendur í 4. bekk, 5. bekk og 6. bekk gátu gefið kost á sér í hlutverkið. Samtals fengu 50 nemendur tækifæri á að spreyta sig í leikjaleiðtoga hlutverkinu, 25 nemendur á haustönn og 25 nemendur á vorönn. Námsráðgjafi fundaði mánaðarlega með leikjaleiðtogum á bæði haustönn og vorönn. Duglegir leikjaleiðtogar sáu um framkvæmd skemmtilegra og líflegra leikja í frímínútum fyrir nemendur í skólanum. Þakkardagur leikjaleiðtoga var haldinn fyrir sitthvort tímabilið.

Í október 2024 og febrúar 2025 voru tengslakannanir lagðar fyrir alla bekki í skólanum, í 1.-7. bekk. Tengslakannanir eru greiningartæki til að kanna félagstengsl í afmörkuðum hópi. Námsráðgjafi sá um umsjón, skipulagningu og gerð könnunarinnar og umsjónarkennari sá um að leggja könnunina fyrir sinn bekk. Námsráðgjafi sá einnig um úrlestur könnunarinnar og fundaði um niðurstöður með öllum umsjónarkennurum.

Alexía Rut Hannesdóttir

SKÝRSLA VERKEFNISSTJÓRA Í TÖLVU- OG UPPLÝSINGATÆKNI

Verkefnisstjóri var í 20% stöðu í upplýsinga- og tæknimálum skólans, hann sinnti miðlægrri verkefnastjórn ásamt þróun fyrir upplýsinga- og tæknimál í skólum.

Verkefnastjórinn hafði yfirumsjón með tölvum og tækjum skólans ásamt því að sjá um uppbyggingu og þróun tölvu- og upplýsingatækni við skólann. Það fól í sér ráðgjöf við kennara í tengslum við tölvu- og upplýsingatækni í kennslu og aðstoð við ýmis tæknileg vandamál sem upp koma í daglegu skólastarfi. Helsta hlutverk hans var að hafa umsjón með tækjum nemenda og aðstoða við ýmis tölvutengd málefni. Má þar nefna aðstoð við vefumsjón og upplýsingaskjái. Auk þess tekur verkefnastjórinn fullan þátt í öllu skipulagi skólastarfsins, kennarafundum, þróunarverkefnum og umbótavinnu.

Verkefnastjórinn aðstoðaði kennara eftir þörfum með tæknileg vandamál varðandi tölvur ásamt því að hafa yfirumsjón og sjá um skráningu og eftirlit með ýmsum búnaði s.s., fartölvum, spjaldtölvum, Chromebook vélum, skjávörpum, skjalamyndavélum, raddhjálpi o.fl. en slíkt hefur verið veigamikill þáttur í starfinu ásamt samskiptum við tölvudeild vegna tæknilegra verkefna. Verkefnastjórinn hefur komið að tækjamálum í samkomusal skólans

Verkefnastjórar í tölvu- og upplýsingatækni í grunnskólum Garðabæjar vinna náið saman, eru í samstarfi við Bjarndísi Fjólu Jónsdóttur, kennsluráðgjafa grunnskólanna í Garðabæ í upplýsingatækni og eru tengiliðir við tölvudeild bæjarins. Í allan vetur voru reglulegir fundir þar sem farið var yfir ýmis mál er tengjast skólastarfinu og faginu s.s. aðgengis- og öryggismál, vefi skólanna, sameiginleg hugbúnaðar- og tækjakaup, skipulagningu námskeiða og framkvæmd verkferla. Einnig kynntu þeir sér hugbúnað og deildu með sér hugmyndum um notkun hans í skólastarfi. Það þarf varla að minnast á það að það er mikil

og hröð þróun í gangi í öllu sem varðar tölvu- og upplýsingatækni og ekki veitir af að fylgjast vel með öllu sem er að gerjast á þeim vettvangi.

Tölvu og tækjakostur ætlaður nemendum

Í vetur voru allir nemendur í 1. – 3. bekk með eigin spjaldtölvu til afnota. Umsjónarkerfið Jamf School er notað til umsýslu og eftirlits með tækjunum og verkefnisstjórinn sá um þá vinnu. Auk þess var eitt sett (10 stk.) af spjaldtölvum til afnota fyrir myndbandavinnslu, tónmennt og útlán. Þegar leið á veturinn fengu allir umsjónarkennarar í 1. – 3. bekk sitt eigið tæki til afnota. Í sérkennslu hafa kennarar haft um 10 spjaldtölvur til afnota.

Allir nemendur í 4. til 7. voru með Chromebook tölvu til afnota. Er þetta fyrsti veturinn sem allir nemendur eru með sitt eigið tæki sem þeir nota í skólanum. Verkefnisstjórinn hafði yfirumsjón með notkun tækjanna. Eftir því sem starfsmenn á tölvudeild segja var meðferð nemenda í Hofsstaðaskóla á tækjunum til fyrirmyndar og með því besta sem gerist í grunnskólum í Garðabæ.

Nám og kennsla

Mikill tími og fyrirhöfn fór í það í vetur að finna viðeigandi lausnir á vandamálum sem snúa að persónuvernd. Þetta skapaði vandamál varðandi notkun á ýmsum hugbúnaði sem hefur verið notaður hér í skólastarfinu. Að fá leyfi til að nota allan þann hugbúnað sem notaður er í kennslunni er tímafrekt ferli. Öll forrit sem eru notuð í kennslu þurfa að fara í gegnum áhættumat. Á tímabili var nánast algjör kyrrstaða í þessum málum en þegar leið á veturinn skánaði ástandið og vonandi verður hægt að setja á fulla ferð þegar kennsla hefst í haust.

Kennslan og notkun nemenda á tölvum og kennsluefni miðast fyrst og fremst við það að kenna nemendum að nýta sér tölvurnar í tengslum við annað nám. Vinnan miðaðist við hæfniviðmið námskrár í tölvu- og upplýsingatækni. Þjálfunarforrit voru nýtt þar sem við átti. Lögð er áhersla á að allir umsjónarkennarar ræði um örugga og ábyrga netnotkun og samskipti á netinu á bekkjarfundum a.m.k. tvisvar á önn.

Hægt er að sjá hvaða viðfangsefni unnið er með í hverjum árgangi í kennsluáætlunum á heimasíðu skólans.

Á miðstigi nota umsjónarkennarar Chromebook tölvurnar til að vinna að hæfniviðmiðum og nýta í tengslum við annað nám. Nemendur og kennarar á miðstigi nota Google (G-Suite) skýjalausnina. Lögð hefur verið áhersla á að efla kennara í að nota Google Classroom í kennslu og verkefnaskilum. Auk þess fá nemendur á miðstigi tíma í tölvufærni í smíðjum. Þar er m.a. lögð áhersla á hljóð- og myndvinnslu og forritun.

Eitt af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla er að kynna og þjálfar nemendur í fingrasetningu og að þeir nái að tileinka sér hana. Þjálfunin í vetur fór aðallega fram í 4.-7. bekk þar sem yngri nemendur höfðu ekki aðgang að tækjum með lykklaborði.

Næsta vetur verður sama fyrirkomulag og í vetur varðandi tækjakost nemenda. Nemendur í 1. – 3. bekk verða áfram með sama tæki. Í 4. – 7. bekk verða allir nemendur

með Chromebook vél til afnota. Þeir fá tæki í 4. bekk og halda því út 7. bekk. Nemendur hafa hingað til ekki farið heim með tækin.

Starfsmenn tölvudeildar Garðabæjar munu fara yfir öll tæki í sumar og þeim elstu verður skipt út fyrir ný tæki.

Í haust verður vonandi hægt að setja aukinn kraft í kennslu í upplýsingatækni. Nú á að vera búið að leysa úr öllum vandamálum varðandi leyfis- og persónuverndarmál.

Sverrir Kristinn Kristinsson

4. FRÍSTUNDAHEIMILIÐ REGNBÖGINN

Frístundaheimilið Regnboginn

Regnboginn er frístundaheimili fyrir sex til níu ára börn sem stunda nám við Hofsstaðaskóla. Starfsemi Regnbogans hefst að skólalokum og fer að mestu leyti fram í kjallara skólans. Meginhlutverk Regnbogans er að vera með faglegt og gott starf fyrir börn og foreldra þeirra. Börnum er veitt tækifæri til frjálsrar afþreyingar í frítíma sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.

Starfsmannamál

Kristín María Reynisdóttir, umsjónarmaður og Ari Sverrir Magnússon, aðstoðarumsjónarmaður stýra daglegu starfi Regnbogans. Þau komu bæði ný í byrjun þessa skólaárs.

Skólaárið 2024-2025 störfuðu 25 starfsmenn þar þegar fest var og voru allir í hlutastarfi fyrir utan umsjónarmenn. Kristín var umsjónarmaður í 100% starfi og Ari aðstoðarumsjónarmaður í 80% starfi. Hluti af starfsmannahópnum starfaði bæði í skólanum og á frístundaheimilinu og náðu þannig að vera í 100% starfi, 70% í skólanum og 30% í Regnboganum. Stöðugildi annarra starfsmanna var á bilinu 25-49%, einnig var hluti hópsins tímavinnustarfsmenn. Einhverjar breytingar urðu á starfsmannahópnum yfir veturinn. Góður og líflegur andi var yfir hópnum.

Umsjónarmaður/aðstoðarumsjónarmaður

Umsjónarmaður frístundaheimilis sér um allt sem tengist frístundaheimilinu, ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd starfsins. Í umsjóninni felst m.a. allt frá því að sjá um skráningu nemenda, öll samskipti við foreldra, bæjarskrifstofur vegna dvalargjalds og vera samskipti við önnur frístundaheimili innan Garðabæjar. Góð samskipti við foreldra, umsjónarkennara og stjórnendur Hofsstaðaskóla eru stór og mikilvægur hluti af starfi umsjónarmanns. Umsjónarmaður sér um eftirfylgni með agamálum, tímaskráningu starfsmanna og er með yfirumsjón yfir skipulagi starfsins í samstarfi við starfsmenn.

Aðstoðarumsjónarmaður ber sameiginlega ábyrgð með umsjónarmanni á stjórnun og skipulagi allrar daglegrar starfsemi frístundaheimilisins sem felur m.a. í sér mótun faglegs starfs og starfáætlunar í samráði við skólastjórnendur.

Frístundaleiðbeinandi/dagskipulag

Starf frístundaleiðbeinanda felur í sér að vera með umsjón yfir nemendum frá því að þeir koma í frístund eftir skóla og þangað til þeir fara ýmist heim eða í einhvers konar íþróttaleða tómstundastarf. Þau verkefni sem felast í því að vera leiðbeinandi á frístundaheimili eru að sjá til þess að öll börn finni fyrir öryggi, umhyggju og sanngirni og að það sé tekið tillit til fjölbreytileika barnahópsins.

Strax eftir að skóla lýkur er helsti álagstími Regnbogann, og þá er nemendafjöldi mestur. Leiðbeinendur sjá um að skrá nemendur inn í gegnum Völu frístund og nota spjaldtölvu eða fartölvu til þess, þau sjá einnig um að hringja í foreldra þeirra barna sem hafa ekki skilað sér og svara síma ef foreldrar hringja. Þegar búið er að skrá nemendur inn þá fara þau í síðdegishressingu, eftir það er mismunandi eftir dögum hvort nemendur fari allir beint út í útiveru eða hvort þau velji sér svæði eða klúbbba til að vera í. Ef það er ekki farið beint í útiveru þá fara allir út klukkan 14:15. Ákveðið var að hafa þetta svona svo allir nemendur fái að gera eitthvað skemmtilegt í Regnboganum áður en farið er annars konar tómstundir. Á öllum svæðum eða klúbbum eru leiðbeinendur sem aðstoða nemendur bæði með félagsleg samskipti og það sem er í boði á því svæði. Tveir leiðbeinendur sjá um að senda þá sem eru skráðir í tómstundir í frístundabílinn eða á æfingu í Mýrinni.

Nemendum fækkar jafnt og þétt yfir daginn þar sem þau eru öll með mislanga vistun og fer mikill fjöldi annaðhvort á æfingar í Mýrinni eða nýta frístundabíl í tómstundir.

Umsjónarmenn eru mjög ánægðir með starfið og starfsandann í vetur og hefur allt gengið vel.

Dagurinn í Regnboganum



Dæmi um dagskipulag

Skólaárið 2024-2025

Í byrjun skólaárs var fyrsti og annar bekkur tekinn inn og þriðji og fjórði bekkur var á biðlista þar sem vantaði starfsfólk. Í byrjun voru í kringum 115 nemendur en síðar þegar allir voru teknir inn þá var mest um 160 nemendur. Flest börn voru á milli 14:00 og 15:00 en alla jafna dró úr fjölda barna fljótlega eftir 15:00. Eftir 16:00 voru fá börn eftir og lokaði frístundaheimilið kl. 16.30.

Stór hluti nemenda var í einhvers konar tómstundum. Umsjónarmenn sáu um að skipuleggja og halda utan um æfingatíma barnanna í samstarfi við foreldra og íþróttafélag. Misjafnt var hve mörg börn fóru á æfingar í Mýrinni en miða má við að um það bil 50 börn hafi farið þegar mest var og um 90 börn nýttu sér þjónustu frístundabílsins.

Húsnæði

Regnboginn er staðsettur í kjallara Hofsstaðaskóla líkt og undanfarin ár. Önnur rými innan skólans voru notuð til þess að dreifa börnum og álagi. Matsalur var mikið nýttur eftir síðdegishressingu undir allskonar klúbbastarf eins og t.d. föndur, just dance, bíómynd, naglalökkun og margt fleira. Tónmenntastofan var nýtt fyrir þriðja bekk ásamt þriðja bekkjar ganginum, Regnboginn var með fastan tíma í íþróttahúsinu en hann var oftast nýttur í lengdri viðveru. Alla daga var útisvæði nýtt vel þar sem lagt er mikið upp úr útiveru og fara allir út einhvern hluta af deginum.

Samstarf og samskipti

Góð samskipti voru á milli umsjónarmanna, stjórnenda og kennara Hofsstaðaskóla. Góður aðgangur er fyrir umsjónarmenn að samtölum við stjórnendur og að öllum nauðsynlegum upplýsingum í gegnum Mentor.

Mikið er lagt upp úr því að samskipti við foreldra séu góð og fer stór hluti af deginum í samskipti við þau, í gegnum síma eða tölvupósta. Regnboginn er ekki með ákveðinn fundardag sem foreldrar geta nýtt sér en þeim er ávallt velkomið að koma í spjall eða panta fundartíma í samráði við umsjónarmenn ef óskað er eftir því. Samskipti við foreldra gengu vel og fengu umsjónarmenn mikið hrós fyrir starfið og bætt samskipti.

Samskipti umsjónarmanna við annað starfsfólk eru mjög virk og góð. Starfsmenn mæta 13:00 og börnin koma á milli 13:20-14:00. Umsjónarmenn geta því komið ákveðnum upplýsingum til skila til starfsmanna áður en nemendur mæta.

Starfsdagur á haustönn

Á hverju skólaári fá frístundaheimilin einn starfsdag á menntadegi Garðabæjar, sem var haldinn 1. nóvember 2024 í Urriðaholtsskóla. Dagskrá hófst klukkan 12:00 þar sem starfsmenn sátu fyrirlestra og eftir þá var vinnustofa um frístundalæsi.

Frístundabíllinn

Á hverjum degi gekk frístundabíll frá Hofsstaðaskóla í helstu íþróttahús Garðabæjar. Í bílnum sátu börn sem skráð höfðu verið í frístundabílinn af foreldrum þeirra í gegnum Völu innskráningarkerfi. Rútan keyrði á föstum tímum alla daga milli 14:15 og 16:30. Flesta daga voru yfir 80 börn skráð í rútuna og það var hlutverk starfsfólks Regnbogans að koma þeim í rútuna á tilsettum tíma. Á fimmtudögum var ávallt mikill erill í fyrsta bíl en þá voru um það bil 90 börn skráð í rútuna og þar af leiðandi þurfti oftast en ekki að kalla til auka rútu þar sem ein rúta rúmar einungis 50 til 60 börn. Fyrir utan þessa einu ferð þá gekk iðulega vel og samstarf við bílstjóra frístundabílsins var mjög gott.

Klúbbar

Mikið var lagt upp úr klúbbastarfi í vetur og voru umsjónarmenn mikið í því að finna upp á einhverju nýju að gera svo að starfið væri sem fjölbreyttast. Meðal þess sem var í boði í ár var Just dance, skartgripagerð (armbönd, eyrnalokkar og hálsmen), vinabönd,

puttaprjón, naglalakksklúbbur, hárgreiðsluklúbbur, Cheerios og Weetos armbanda og hárbandagerð, föndrað úr pasta, loom armbönd, íþróttahús, borðtennis, playstation klúbbur, tattúpennaklúbbur, myndasögugerð, pókemonklúbbur, skrímslasklúbbur, dúkkulísugerð og margt fleira. Þó svo að klúbbastarf væri í gangi þá var alltaf hægt að lita, perla og leika í frjálsum leik.

Einu sinni í viku var sett upp sérstakt skipulag fyrir börnin í 3. bekk, þar sem þau fengu að vera sér og þá var meira lagt upp úr því að gera eitthvað skemmtilegt með þeim til að halda áhuga þeirra á frístund sem lengst. Þetta var mjög vinsælt hjá þeim þar sem þeim finnst gaman að brjóta upp rútinu og fundu að það væri verið að gera eitthvað fyrir þau. Börnin fengu að koma með hugmyndir sjálf og reynt við eftir bestu geta að framkvæma þær. Langvinsælast var playstation tölvan þar sem þau fengu að spila íþróttatölvuleiki og Cheerios/Weetos skartgripagerð.

Heilir dagar

Opið var í Regnboganum á öllum frí- og skipulagsdögum skólans fyrir utan menntadaginn og á rauðum dögum. Opið er í jólafríi, páskafríi, vetrarfríi og á skipulags- og samtalsdögum. Á þessum dögum er Regnboginn opinn frá 08:30-16:30. Skrá þarf nemendur sérstaklega þessa daga og fer skráning fram í gengum Völu frístund undir „lengd viðvera“. Skráning hefur verið mismikil, mest voru skráð 71 barn og minnst voru skráð 7 börn. Þessir dagar hafa verið mjög skemmtilegir og hafa börn, starfsmenn og foreldrar verið ánægð með þá. Á þessum dögum var meiri dagskrá en í hefðbundnu starfi. Farið var á bókasafn, farið í heimsókn á önnur frístundaheimili, í vatnsstríð svo eitthvað sé nefnt. Hér fyrir neðan má sjá dagskrá sem sett var upp fyrir vetrarfríið.

VETRARFRÍ 17 - 21 FEBRÚAR				
Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Aftur til Hofstaða Skoðað Hofstaði og söguna sem liggur þar að baki  Hádegismatur Börnin koma með sinn hádegismat Íþróttasalur 	Ferð á bókasafn Garðabæjar  Hádegismatur Börnin koma með sinn hádegismat BINGÓ 	Miðgarður Leikir og fjör  Pizza Borðum pizzu Miðgarði Spil og kósý í Regnboganum 	Bókum köku Bakað saman í heimsfræðistofunni  Hádegismatur Börnin koma með sinn hádegismat Borðtennis og playstation 	Skopp TAKA SKOPPSOKKA EÐA TAKA 500KR MED OG KAUPA  Hádegismatur Börnin koma með sinn hádegismat Partý í Regnboganum Flatskóli kemur til okkar 

Dagskrá úr vetrarfríinu

Vala Frístund

Öll börn eru skráð inn og út á hverjum degi í Regnbogann, alltaf eru að minnsta kosti tveir starfsmenn sem sjá um það á degi hverjum og er notast við skráningarkerfið Vala frístund. Skráningarkerfið býður upp á marga möguleika og einfaldar allt skipulag og yfirsýn fyrir bæði starfsfólk og foreldra. Öll skráning fer fram í gegnum Völu, skráning fyrir almenna vistun, skráning fyrir lengda viðveru og fer einnig öll skráning þar fram fyrir frístundabíl og tómstundir.

Úrbætur

Á þessu skólaári var margt sem gekk vel en eins og gengur og gerist er ávallt hægt að gera betur. Skrifstofur umsjónarmanna verða færðar í vesturhluta salarins, við gluggana í kjallaranum. Skrifstofan verður gerð úr gleri til að koma í veg fyrir að birtustig minnki inni í Regnboganum. Með tilkomu skrifstofunnar verður hægt að stúka kjallarárýmið betur til að minnka hlaup og eltingaleiki

Regnboginn fær aðstöðu í Höllinni á næsta skólaári fyrir sitt starf. Mikil eftirvænting ríkir yfir þeirri breytingu og mun starfsemi Regnbogans vafalaust eflast. og með tilkomu Hallarinnar verður hægt að skipta starfseminni betur upp svo öll börn fái að njóta sín eins vel og þau mögulega geta.

Lokaorð

Það er mikil tilhlökkun fyrir næsta skólaári að skipuleggja sumarfrístund, almennt frístundarstarf og önnur tilfallandi verkefni til að loka þessu skólaári með sóma.

Heilt yfir gekk skólaárið verulega vel og í raun má segja að flest hafi gengið vandræðalaust fyrir sig. Í byrjun skólaárs vantaði starfsfólk og nýir umsjónarmenn voru að fóta sig í starfi.

Við yfirferð skólaársins voru umsjónarmenn sammála því að þau geti gengið sátt frá sínu fyrsta skólaári í Regnboganum. Starfsmannahópur Regnbogans var þéttur og samskipti þeirra við börn og einnig þeirra á milli var gott sem kom út í jákvæðu starfs- og skólaumhverfi.

Kristín María Reynisdóttir og Ari Sverrir Magnússon

4. FÉLAGSMIÐSTÖÐIN DROPINN

Í byrjun janúar hófst loks félagsstarf fyrir 7. bekkinga í Hofsstaðaskóla. Forstöðumaður Klakans, félagsmiðstöðvarinnar í Sjálandsskóla aðstoðaði við undirbúning og opnun starfsins. Félagsstarfið var rekið í gegn um Klakann og allur kostnaður fór þar í gegn. Haldinn var kynningarfundur með nemendum sem völdu þá daga sem starfið var og reyndist besta að skipta aðra hverja viku á miðvikudegi og fimmtudegi svo sem flestir ættu kost á að mæta. Nemendur völdu einnig nafn og merki Dropans. Ari Sverrir Magnússon aðstoðarumsjónarmaður frístundaheimilisins tók að sér að halda utan um starfið dyggilega studdur af Tómasi í Klakanum. Starfsfólkið samanstóð af leiðbeinendum sem störfuðu í frístundaheimilinu Regnboganum og voru allir sem að komu afar áhugasamir fyrir starfinu.

Umsjónarmaður Dropans var Ari Sverrir Magnússon sem ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd starfsins. Starfssvið umsjónarmanns er að hafa umsjón með flestum þáttum allt frá því að sjá um skipulag starfseminnar, skipuleggja vaktir, öll samskipti við starfsfólk og að samræma starfsemina að einhverju leiti í takt við aðrar félagsmiðstöðvar í Garðabæ. Samskipti við umsjónarkennara og stjórnendur Hofsstaðaskóla er stór hluti af starfi umsjónarmanns, sem og samskipti við fulltrúa félagsmiðstöðva í Garðabæ. Hann sér um eftirfylgni með innkaupum, tímaskráningu starfsmanna og heildarskipulagningu starfsins í samstarfi við starfsmenn Dropans.

Skólaárið 2024-2025

Í Hofsstaðaskóla voru rúmlega 80 börn skráð samanlagt í öllum 7. bekk. Að meðaltali voru 40 börn sem sóttu starfið. Þegar mest á reyndi mættu rúmlega 50 börn. Opnunartími var frá 17:00 til 18:50. Dæmi um dagskrá starfseminnar má sjá hér fyrir neðan.

Frístundaleiðbeinandi/dagsskipulag

Starf leiðbeinanda í félagsmiðstöðvar felur í sér að hafa umsjón með þeim viðburðum sem í gangi eru hverju sinni sem og að hafa umsjón með þeim nemendum sem sækja starfið. Leiðbeinendur sjá til þess að börnin hafi fjölbreytt og uppbyggileg viðfangsefni og leggja ríka áherslu á að koma fram við alla af umhyggju og sanngirni og taka tillit til fjölbreytileika hópans.

Leiðbeinendur eru að mestu á aðalsvæði Dropans þar sem þau hafa umsjón og eftirlit með þeim sem sækja starfið.

Umsjónarmaður er ánægður með starfið og starfsandann í vetur. Þetta er í fyrsta sinn sem félagsmiðstöð opnar í Hofsstaðaskóla og því ekki hægt að bera saman við undan farin ár. Þó má taka fram að mæting var ávallt góð. Meiri hluti starfsins fór fram í aðal rími Dropans í kjallara hússins en einnig voru aðrar stofur í skólanum nýttar í hin ýmsu störf.

Húsnæði

Dropinn er staðsettur í kjallara Hofsstaðaskóla. Önnur rými voru notuð við sérstök tilefni eins og Neon ballið í matsalnum og bragðarefsgerð í heimilisfræðistofunni.

NEON ball

Þann 10. apríl var haldið Neon ball frá 18:00 til 20:00 í Hofsstaðaskóla, fyrir allar félagsmiðstöðvar miðstigs í Garðabæ. Um það bil 150 börn sóttu þann viðburð frá öllum grunnskólum Garðabæjar og gekk það afar vel. Í boði var andlitsmálning og einnig var sjoppa opin þar sem hægt var að kaupa hressingu. Plötusnúður kom frá Flataskóla og hélt uppi stemningu allan tímann. Innheimtar voru 500 kr. í aðgangseyri.



Sýnishorn af dagskrá eins mánaðar

Samstarf og samskipti

Umsjónarmaður er í góðu samstarfi við stjórnendur og kennara Hofsstaðaskóla.

Lokaorð

Dropinn hefur notið vinsælda frá opnun og stefnan er af sjálfsögðu að halda áfram að hafa spennandi viðburði á næsta skólaári sem fær börnin til að mæta. Starfið hefur í raun gengið vonum framar þar sem ekki var víst hversu vel yrði sótt í það þar sem starfið var í raun tilraunarverkefni, en það hefur þó klárlega staðist allar væntingar. Starfsfólk Dropans var uppistaða góðs árangurs, allt fólkið í kringum þetta starf setur markið hátt og vill ná framúrskarandi árangri í starfi. Þegar starfsfólk leggur metnað í starfið kemur það einungis út í meiri ánægju barnanna sem mæta í starfið og taka þátt.

Ari Sverrir Magnússon

